

TÍMAVÉLIN

Krókódill í Norðfjarðará

■ Króka var smyglað í kornflexpakka

21. DESEMBER 2018 / 49. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.



FRÆGIR Í HÁLOFTUNUM

■ Flugþjónar og flugfreyjur í gegnum tíðina

DV RIKKA KOMIN MEÐ NÝJAN



Ellert B. Schram

HVERGI NÆRRI HÆTTUR ÞRÁTT FYRIR ALDURINN

■ Inn og út af þingi í hálfa öld ■ Stærsta stundin að leiða KR í Liverpool ■ Fékk ekki framgöngu í Sjálfstæðisflokknum ■ Barðist fyrir frjálsri fjölmiðlun



Guðmundur Brynjólfsson

ÁTTA ÁRA GEGNDAR-LAUST FYLLERÍ

■ Skrifar um ljót-leika lífsins ■ Tíðarandinn kæfir húnorinn og tungumálið



Skyldi það vera jólahól?

Jólagjafir til Óvina



■ Harðar rimmur á árinu

ÍSLENDINGAR Í ÞRÍÐJA SÆTI YFIR MEST KLAMAHORF



Útleið

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Slökkvið ljósin.“

— Theodore Roosevelt
Bandaríkjaforseti (1858-1919)

Á þessum degi, 21. desember



1620 — William Bradford og Mayflower-pilgrímarnir taka land þar sem nú er Plymouth Rock í Plymouth í Massachusetts.



1907 — Chileski herinn fremur fjöldamorð þegar hann ræðst gegn verkfallsmönnum í saltþétursnámmum í Iquique í Chile. Að minnsta kosti 2.000 manns láta lífið.



1937 — Mjallhvít og dvergarnir sjö, fyrsta teiknimynd sögunnar í fullri lengd, er framsýnd í Carthy Circle-sýningarhúsinu.



1967 — Louis Washkansky, fyrsti hjartaþegi sögunnar, deyr í Höfðaborg í Suður-Afríku. Hann lifði í 18 daga í kjölfar ígræðslunnar.



1995 — Betlehem færirst undir stjórn palestínskra stjórnvalda.

STEFÁN KARL ER MAÐUR ÁRSINS 2018

Lesendur DV kusu ■ Naut mikilla vinsælda erlendis

Lesendur DV kusu Mann ársins og niðurstaðan var mjög afgerandi. Maður ársins 2018 er Stefán Karl Stefánsson og hlaut hann 72,38 prósent atkvæða. Næst á eftir honum kom Bára Halldórsdóttir, aktívistinn að baki Klaustursupptökunum frægu sem vörpuðu ljósi á fordómafulla og niðrandi orðræðu sex þingmanna á barnum Klaustri. Hún hlaut 5,79 prósent atkvæða. Rétt á eftir Báru var Guðmundur Fylkisson lögreglumaður, sem hefur helgað starf sitt leitinni að týndu börnunum. Hann hlaut 5,21 prósent atkvæða.

Stefán Karl, einn ástsælandi leikari landsins, lést í ágúst eftir erfiða baráttu við krabbamein í gallgöngum. Stefán kom víða við á ferlinum en er hvað þekktastur fyrir hlutverki Glanna glæps í þáttunum um Latabæ sem njóta mikilla vinsælda hérlendis sem og erlendis og einnig fyrir hlutverk Trölla í uppsetningum á jólasöngleiknum Þegar Tröllur stal jólnum, bæði í Bandaríkjunum og í Kanada.

Þegar Stefán Karl var barn varð hann fyrir miklu einelti og eftir að hann varð fullorðinn vildi hann reyna að koma í veg fyrir að önnur börn yrðu fyrir því sama. Hann varð því mikill baráttumaður í eineltismálum og vann ótulega að því að auka fræðslu og forvarnir. Hann stofnaði eineltissamtökin Regnbogabörn og hélt mörg hundruð fyrirlestra um einelti og félagsmál barna og unglinga í skólum landsins. Hann kom fram í fjölda viðtala um mál-efnið og hélt baráttunni áfram, jafnvel eftir að starfsemi Regnbogabarna var hætt.

Stefán Karl var í júní sæmdur riddarkrossi fálkaorðunnar fyrir framlag sitt til leiklistar og samfélags. Þegar honum varð ljóst að baráttan gegn krabbameininu væri töpuð skrifaði hann á Twitter:

„Það er ekki fyrr en þér er sagt að bráðum munirðu deyta sem þú áttar þig á hvað lífið er stutt. Tíminn er það verðmætasta í lífinu, því hann kemur aldrei aftur. Hvort sem þú verð tímanum í fangi ástvarnar eða einn í fangaklefa er lífið hvað sem þú gerir við hann. Dreymi ykkur stóra drauma.“ ■

Erla Dóra
erladora@dv.is


Tíminn er það verðmætasta í lífinu, því hann kemur aldrei aftur



Stefán ásamt Hilmi Snæi í sýningunni Með fulla vasa af grjóti.



Tröllur Stefán í þekktu jólahlutverki.



Leikarahljón Stefán Karl og Steinunn Ólína.



Glanni glæpur hlutverk sem gerði Stefán frægan á heimsvísu.



Bára Halldórsdóttir hlaut næstflest atkvæði.



Guðmundur Fylkisson í þriðja sæti kosningarinnar.

5 skattar sem ríkið ætti að taka upp



Samkvæmt samgönguáætlun á að setja skatt á fólk sem keyrir eftir þjóðvegum inn og út af höfuðborgarsvæðinu. Í rauninni er þetta skattur sem leggst fyrst og fremst á þá sem búa í nærsveitarfélögnum en starfa á höfuðborgarsvæðinu. Hér eru 5 aðrar tekjuleiðir sem ríkið gæti tekið upp.

Heigulsskattur

Heiglar og gungur eru vanýtt tekjulind á Íslandi og auðvelt að knýja þá til að borga. Á tólftu öld setti Hinrik I. Englandskonungur slíkan skatt á þá sem voru of ragir til að berjast fyrir hann. Til að byrja með var upphæðin lág en var fjórtílega þrefölduð og riddarar voru rúkkadír þó að friðartímar stæðu yfir. Þetta kallar maður að hugsa í lausnum, alltaf sigur að lokum.



Brjóstaskattur

Þessi hugmynd kemur frá héraðinu Travancore á Indlandi. Þar var konum úr ákveðnum lögum samfélagsins bannað að hylja brjóst sín og voru rúkkadír ef þær gerðu það. Skattheimtumenn mældu þá stærð brjóstanna til að ákveða upphæðina. Free the Nipple-hreyfingin gæti sett strik í innheimtuna en á veturna myndi ríkið ná að hala vel inn.

Skeggskattur

Á sautjándu öld setti Pétur mikli Rússlandskeisari sérstakt gjald á skegg karlmanna. Pétur ferðaðist um Evrópu og sá að síðmenntuðustu karlmennirnir rökuðu sig. Hann vildi koma þeim síð á í Rússlandi og lét skeggjaða menn því borga. Þeir sem höfðu borgað fengu sérstakt merki til að staðfesta það. Hipsteravæðingin á Vesturlöndum og sérstaklega Íslandi hefur gert að verkum að skeggskattur yrði góð búbot fyrir ríkissjóð.



Prumpskaftur

Þessi hugmynd er ný af nálinni. Árið 2003 lagði ríkisstjórn Nýja-Sjálands prumpskaft á bændur. Var það vegna vinds sem kýr þeirra leysa og valda bar með skaða á ósonlaginu. Í viðreksri er metan sem er mun hættulegra en koltvísýringur. Þetta er tilvalið fyrir Ísland og þá ekki aðeins fyrir húsdýr. Með mikilli fjölgun grænkeru er tryggt að nokkrir milljarðar kæmu í ríkiskassann.

Sólarskattur

Sex jólasveinar fóru í Á Mallorca, Menorca og nærliggjandi eyjum er sólarskattur sem allir ferðamenn greiða. Hann er á bilinu hálf til fjórar evrur á hvern dag sem ferðamaðurinn er á staðnum og hefur reynst eyjaskeggjum góð búbot. Sólarskattur yrði kannski ekki alveg nógu hentugur fyrir Ísland. Rokskattur væri betri.



FULLKOMIN JÓLAGJÖF FYRIR HVERN SEM ER

Óskaskrín er gjöfin sem höfðar til allra. Þú getur valið úr fjölmörgum upplifunum handa þeim sem þér þykir vænt um og fært þeim ógleymanlegar minningar um jólin.

Það er auðvelt að gleðja með Óskaskrín.



Sími 577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is



Hver er hann?



■ Hann er fæddur árið 1956 og hefur verið duglegur að halda upp á afmæli sitt með stæl.

■ Móðir hans var dönsk og pabbi hans hálfíslenskur og hálfnorður.

■ Hann tók virkan þátt í ýmsum mótmælafundum veturinn 2008 vegna bankahrunsins.

■ Haustið 2015 gaf hann út ljóðabókina Öskraðu gat á myrkrið.

■ Hann er fæddur í tvíburamerkinu.

SVAR: BUBBI NORTHENS

Það er staðreynd að...



Hátt í þrjátíu Legósett eru seld á hverri sekúndu á háannatíð jólna.



Í Hawaii er jólasveinninn kallaður Kanakaloka.



White Christmas er söluhæsta jólaglag allra tíma, það var upphaflega samið af tónskáldinu Irving Berlin.



Gervijólatré hafa verið söluhærrí en ósvikin tré á heimsvísu síðan árið 1991.



Í nýlegri notendakönnun Yahoo var kvikmyndin Home Alone kosin vinsælasta jólamynd allra tíma. Í öðru sæti er Prúðuleikamyndin The Muppet Christmas Carol og hin sígilda It's a Wonderful Life lenti í þriðja.

Jón Guðlaugsson Slökkviliðsstjóri á Suðurnesjum.



Sjúkraflutningamaður keyrði eftir að hafa misst ökuleyfið

■ Slökkviliðsstjóri frétti af því í gegnum slúður

Kristinn Haukur Guðnason kristinn@dv.is

Sjúkraflutningamaður í Reykjanesbæ keyrði án ökuréttinda. Hann hafði verið sviptur þeim vegna ölvunaraksturs á einkabil en mætti í störf fyrir Brunaliðs Suðurnesja sem varaliðsmaður. Þegar lögreglan stöðvaði hann var hann látinn skipta við sessunaut sinn en slökkviliðsstjóri var ekki látinn vita. Fór umræddur sjúkraflutningamaður því í nokkur útköll eftir þetta en sagði upp eftir að upp komst um málið innan brunaliðsins.

Slökkviliðsstjóri ekki látinn vita

Umræddur varaliðsmaður Brunaliðs Suðurnesja var stöðvaður seinni partinn í ágúst mánuði árið 2017 þar sem hann keyrði sjúkrabifreið. Við hlið hans sat kona sem hefur starfað fyrir bæði brunaliðið og lögregluna. Hún tók við akstrinum eftir að sjúkrabíllinn var stöðvaður og fóru þau upp á slökkviliðsstöðina.

Að vera tekinn án ökuréttinda

er alvarlegt umferðarlagabrot og heimildir í lögum fyrir því að gera bifreiðina upptæka. Sérstaklega alvarlegt þykir þetta ef um akstur atvinnubifreiðar er að ræða.

„Hann hætti strax í kjölfarið,“ segir Jón Guðlaugsson, slökkviliðsstjóri Brunaliðs Suðurnesja, í samtali við DV. Jón segir að hann hafi ekki verið upplýstur um atvikið, hvorki af lögreglunni né þeim sem komu að málinu.

„Ég hafði ekki hugmynd um að hann væri próflaus. Um leið og ég frétti af því, kallaði ég í hann og hann gerði sér grein fyrir málinu strax. Hann kom svo með uppsagnarbréf og lét af störfum samtundis.“

Hver lét þig vita af þessu?

„Ég bara frétti þetta, eins og maður fréttir svona hluti. Með einhverjum kjaftagangi og slúðri. Ég hafði ekki minnsta grun um þetta fram að því.“

Í útköll eftir að vera tekinn

Jón segist ekki vita hversu langur tími leið frá því að sjúkraflutningamaðurinn var tekinn af lögreglu og

þangað til honum var gert viðvarnt um atvikið. Hann segir þó að það hafi ekki verið löngu seinna.

„Ég er ekki með það á hreinu. Hann var ekki í fastri vinnu heldur í afleysingum.“

En búinn að fara í einhver útköll eftir þetta?

„Já. Það er bara þannig.“

Jón segist hafa haft samband við Lögregluna á Suðurnesjum og spurst fyrir um hvers vegna hann hafi ekki verið látinn samstundis vita af þessu.

„Ég átti samtalið við lögregluna og þeir höfðu sínar ástæður fyrir því,“ segir Jón. „Þeir hafa einhverjar vinnureglur um þetta og trúnaði í einhverjum málum. Þeir geta kannski ekki verið að tilkynna um einhverja ákveðna hluti. Í þessu tilfelli var maðurinn ekki í fastri vinnu hjá okkur. Ég get ekki skýrt það nánar.“

„Einhver misskilningur“

Gunnar Schram, hjá Lögreglunni á Suðurnesjum, segist ekki hafa skýringar á því hvers vegna slökkviliðsstjórinn var ekki látinn vita, aðrar

„Vegna einhvers misskilnings fór engin tilkynning frá lögreglu til hans“

en þær að um misskilning hafi verið að ræða.

„Málið var afgreitt með venjubundnum hætti. Væntanlega lokið með sektargreiðslu.“

Var slökkviliðsstjórinn ekki látinn vita?

„Nei, það var nú það einkennilega í þessu máli. Vegna einhvers misskilnings fór engin tilkynning frá lögreglu til hans. En hann fékk spurnir af þessu fljótlega.“

EKKI hefur náðst í lögglukonuna sem var í bílnum. Sjúkraflutningamaðurinn sem um er rætt vildi ekki tjá sig um málið þegar DV hafði samband. ■

Ópolandi gól í síbylju

Svarthöfði

Svarthöfði verður seint kallaður jólabarn. Jólin eru ekki alsæl, þau eru tækifæri til að rifja upp hvaða ættingjar eru enn lifandi og samfélagið gefur fólki grænt ljós á að háma í sig reyktan mat. Jólástúsið er hins vegar löngu orðið þreytt í byrjun desember og er Svarthöfði búinn að átta sig á að jólabjór er einmitt til þess að maður geti gleymt jólinum.

Svarthöfði tók eftir því í miðri umferðarteppu að eitís flassbakk-útvarpsstöðin er orðin að Jólaflassbakk. Í fyrsta sinn í langan tíma fór hann að flakka á milli stöðva og tók eftir því að það eru heilar þrjár útvarpsstöðvar sem sérhæfa sig í að spila nánast ekkert nema Last Christmas í sífellu.

Það að hlusta á útvarp fyrir jólin

2018 og hata þetta heimiska lag er vægast sagt örðugt. Þetta er eins og eltingarleikur. Það eru fréttir og svo Last Christmas. Þá er skipt um stöð. Eitt „fyndið“ lag með Baggalút og svo Last Christmas. Næsta stöð. „Línan er laus, þú heitir?“ ... Og apakötturinn sem hringir inn er að hlusta á Last Christmas.

Eina athvarfið ku vera Rás 1. Þá vill Svarthöfði nú frekar láta skera sig í tvennt aftur og henda sér ofan í eldfjall.

Ef það er ekki þetta Last Christmas-gól í síbylju þá er það Helgi Björns að syngja um eitthvað sem hann nennir ekki. Það hjálpar reyndar til að vita að þetta er einhver sýra þýdd úr einhverju ítölsku Eurovision-lagi.

Sum lög eru hrikaleg ef þau eru hugsuð til enda. Snæfinnur snjókarl beinlínis drepst í lok-



Snæfinnur snjókarl þegar hann sér sólna. Skjáskot úr kvikmyndinni Raiders of the Lost Ark.



in á laginu um sig. Bráðnar eins og nasisti í lokin á fyrstu Indiana Jones. Þetta er verið að syngja á leikskólum.

Svo er líka ópolandi þegar Snjókarl falla fer að heyrast og svo byrjar einhver útlendingur að gaula á útlensku, en ekki Laddi að tilkynna að þau falli á allt og alla.

Og hvaða krakki segir „Ég hlakka svo til“? Allir krakkaormar sem Svarthöfði hefur komið nálægt segja „Mér hlakkar“.


Þetta er allt vonlaust, en þó skömminni skárna en katta-vælið sem við munum senda í Eurovision og verður spilað látlaust allan apríl og fram á sumar. ■



JÓ / MORGUNBLAÐIÐ



ÞÞ / FRÉTTABLAÐIÐ




„... verður bara betri og betri.“

ÞÞ / FRÉTTABLAÐIÐ

1 BÓKSÖLU LISTINN
Topplistinn
 Vikan 12.-18. des.

Snilldarleg saga um brostnar vonir og börn sem eiga sér hvergi skjól

Innbundin | Rafbók | Hljóðbók



MORGUNBLAÐIÐ

„... einn af bestu glæpasagna- höfundum samtímans.“

THE SUNDAY TIMES

Arnaldur

STÚLKAN
HJÁ BRÚNNI

Indriðason

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið til 19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Dóra Björt er gengin út

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, er farin að slá sér upp. Hinn heppni er þrítugur Borgnesingur, Halldór Óli Gunnarsson. Halldór er þjóðfræðingur með MAgráðu í hagnýtri menningarmiðlun. Hann var í 12. sæti á framboðslista Pírata í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 2017 og stóð fyrir kvikmyndahátíðinni BFF, Borgarnes Film Freaks, ásamt Michelle Bird, sem haldin var í Landnámsetinu í Borgarnesi í janúar síðastliðnum. Dóra Björt er forseti borgarstjórnar Pírata, Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Vinstri grænna, sem mynduð var í kjölfar borgarstjórnarkosninganna í vor. Ekki hefur farið mikið fyrir þarinn opinberlega, en þó má sjá Halldóri bregða fyrir á Instagram-síðu Dóru Bjartar, nú síðast um síðastliðna helgi þegar Dóra deildi mynd af þeim Pírata-skötuhjúum með textanum: „Krakkarnir, ástin og jólin“.



INSTAGRAM @DORABJORT



Rikka finnur ástina hjá fyrirlesara

Athafnakonan Friðrika Hjördís Geirsdóttir, sem starfaði síðast sem útvarpsmaður á K100, er kominn með nýjan mann upp á arminn, en sá lukkulegi er Pálmar Ragnarsson.

Pálmar þjálfar yngri flokka KR í körfubolta og hefur einnig haldið fyrirlestra um þjálfun barna, sem hafa slegið í gegn. Hann er sex árum yngri en

Rikka, sem fagnaði fertugsaldrinum í ár.

Rikka hefur starfað í fjölmiðlum um margra ára skeið og vakið sérstaka lukku sem matgæðingur og sælkeri. Útivist er einnig hennar ær og kýr.

Fyrr á árinu slitnaði upp úr sambandi Rikku og Haraldar Arnar Ólafssonar pólfara, en þau voru saman í nokkur ár.

*Njóttu jólanna
í góðum gæðum*

FERIS

HDMI **4K HDR**
ULTRA HD

Castello
PIZZERIA

PANTAÐU
Á NETINU

**ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR**
WWW.CASTELLO.IS

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI



VÍÐ KYNNUM NÝTT DÖMU ÚR
101 ART DECO



JS Watch co.
REYKJAVIK
www.jswatch.com

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

„VIÐ GETUM STAÐFEST AÐ ÍSLENDINGAR HORFA MJÖG MIKIÐ Á KLÁM“

■ Ísland er í þriðja sæti yfir klámáhorf í heiminum ■ Óvenjuhátt hlutfall kvenna horfir á klám hérlendis samkvæmt upplýsingum frá Pornhub

Klámsíðan Pornhub er í hópi vinsælustu vefsíðna heims þó að fáir viðurkenni opinberlega að þeir skoði efnið, rúmlega 4,8 milljónir klámmyndbanda, sem þar er í boði. Alls voru heimsóknir á síðuna meira en 33 milljarðar á síðasta ár sem þýðir að daglegar heimsóknir voru yfir 90 milljónir á heimsvísu.

Í lok hvers árs tekur Pornhub saman áhugaverða tölfræði ársins fyrir heiminn og sökk ritstjórn DV það lágt að óska eftir sérstöku yfirliti fyrir Ísland. Starfsmenn klámsíðunnar voru boðnir og búnir til þess og í skriflegu svari til DV segir fjölmiðlafulltrúinn Chris Jackson: „Við getum staðfest að Íslendingar skoða mjög mikið af klámi. Miðað við höfðatölu þá er Ísland í þriðja sæti í heiminum, rétt á eftir Bandaríkjunum og Kanada. Ísland er sjónarmun á undan Bretlandi sem er í 4. sæti.“

Íslendingar leita í ræturnar


Það leitarorð sem Íslendingar leita mest að á Pornhub bendir til þess að Íslendingar séu heimakærir með afbrigðum. Það er einfaldlega orðið „Iceland“ og því má beinlínis fullyrða að Íslendingar séu einstaklega áhugasamir um bólfarir samlanda sinna. Heimildir herma að lítið sé í boði sé leitað eftir því orði en ritstjórn DV myndi að sjálfsgöðu aldrei leggjaast svo lágt að leita. Þá er orðið



Sarah Banks

Klámsíðan Pornhub er ein vinsælasta vefsíða heims. Íslendingar eru þar afar virkir notendur.

Pornhub



Dillion Harper



Kimmy Granger

„Icelandic“ í sjöunda sæti og sjálfreist niðstöng íslenskra karlmanna og lesbía nær svo hámarki því „Icelandic girl“ er í áttunda sæti.

„Lesbian“ er næstvinsælasta leitarorð Íslendinga og í þriðja sæti er „Fortnite“ sem vekur upp grunsemdir um óhóflega klámnotkun íslenskra ungmenna. Þá vekur athygli að leitarorðið „trans“ rýkur upp listann hjá landanum en tíðni leitar jókst um 411% á árinu. Flestir hugandi menn hljóta að falla í trans yfir slíkum vexti. Til samanburðar hafði heimurinn lítinn áhuga á íslensku klámefni en vinsælasta leitarorð heimsins var „Lesbian“

sem er í takt við áhuga Íslendinga. Í öðru sæti er „hentai“, „milf“ í þriðja sæti, „stepmom“ í því fjórða og „japanese“ í fimmta sæti sem er

að einhverju leyti á skjön við áhuga Íslendinga.

Heimildir DV herma að klámmyndböndum á Pornhub sé skipt í margsflokkar. Vinsælustu flokkarnir á heimsvísu eru „Lesbian“, „Japanese“, „Milf“, „Ebony“ og „Hentai“. Áhugi Íslendinga liggur þó í myrkari skúmasketum því „Anal“ er sá flokkur sem íslenskir klámneytendur skoða mest. Almennir er áhugi Íslendinga á þvottahúsinu 91% meiri en hjá öðrum þjóðum.

Íslenskar konur áhugasamar um klám

Hlutfall kvenna sem skoða Pornhub er óvenju hátt á Íslandi miðað við aðrar þjóðir. Um 34% íslenskra notenda eru kvenkyns en 66% karlkyns samkvæmt skýrslu Pornhub. Aðeins Filippseyjar (62%–38%), Brasilía (35%–65%) og Suður-Afríka (35%–65%) eru með hærra hlutfall kvenna sem klámneytenda.

Meðalheimsóknartími á Pornhub er 10 mínútur og 13 sekúndur í hvert skipti. Filippseyingar dvelja lengst á síðunni eða í 13 mínútur og 50 sekúndur í hvert skipti. Íslendingar eru undir meðaltalinu en meðalheimsókn Íslendinga tekur 9 mínútur og 39 sekúndur. Ekki verður fullyrt um hvort það sé dæmi um dapurt kynferðislegt úthald eða markvissa tímastjórnun.

Vinsælasta klámmyndaleikona heims árið 2018 samkvæmt leitarvélum Pornhub var Stormy



Peta Jensen

Daniels, sem vakti heimsathygli vegna tengsla sinna við Donald Trump, forseta Bandaríkjanna. Í öðru sæti var Mia Khalifa og Riley Reid var í því þriðja. Lana Rhoades var síðan í fjórða sæti og Brandi Love í því fimmta. Íslendingar hafa greinilega lítinn áhuga á bandarískum stjórnámum því Stormy var ekki í efstu sætum.

Vinsælasta klámmyndaleikona Íslendinga var Peta Jensen, Mia Khalifa í öðru sæti, Sarah Banks í því þriðja, Kimmy Granger í fjórða sæti og Dillion Harper í fimmta sæti. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

REYKJAVIK RAINCOATS



REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFIGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

AÐRIR ÚTSÖLUSTAÐIR
EPAL - LAUGAVEGI 70
EPAL - HARPA
AIRPORT FASHION - LEIFSSTÖÐ



Jair Bolsonaro
Hefur verið líkt við Donald Trump.

Nýr hægrisinnaður forseti Brasilíu hyggst hætta að vernda Amazon

■ Stærsti regnskógur heims ■ Lungu heimsins

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Fyrsta dag næsta árs verður Jair Bolsonaro settur í embætti forseta Brasilíu. Ef þessi 63 ára fyrrverandi kapteinn úr brasilíska hernum stendur við kosningaloforð sín mun jörðin öll finna fyrir áhrifum þeirra að mati sérfræðings. Bolsonaro er talinn vera öfgahægrimaður og eitt af kosningaloforðum hans var að afnema vernd sem Amazon, stærsti regnskógur heims, nýtur í Brasilíu. Skógurinn hefur oft verið nefndur lungu heimsins en hann skiptir miklu máli fyrir súrefnisframleiðslu jarðarinnar og upp-töku gróðurhúsalofttegunda. Það var þó ekki þetta kosningaloforð sem heillaði Brasilíumenn heldur loforð hans um að taka á landlægi

spillingu í landinu.

Skóglendið sem um ræðir og Bolsonaro vill hætta að vernda fyrir ágangi skógarhöggsmanna, bænda og námueigenda er tæplega 20 sinnum stærra en Þýskaland. Vistkerfi svæðisins er fjölbreytt og stendur undir um 20 prósentum af því súrefni sem er losað út í andrúmsloftið á jörðinni og því er oft talað um það sem lungu heimsins. Bolsonaro lofaði einnig að leggja hraðbrautir í gegnum Amazon. Stór hluti skógarins er einnig verndarsvæði frumbyggja Brasilíu en Bolsonaro hefur einnig ráðist gegn þeim og hefur meðal annars sagt að verndarsvæðin standi í vegi fyrir þróun.

Eins og kosningaloforð hans bera með sér er hann efasemdaður um loftslagsbreytingarnar

og hefur því að auki í hyggju að veikja umhverfisverndarstofnanir landsins, svipað og Donald Trump hefur gert í Bandaríkjunum, þannig að þær geti ekki lengur framfylgt lögum um vernd Amazon með því að „skrifa sektir alls staðar“ eins og hann hefur sjálfur sagt. Það er athyglisvert í því sambandi að hann sjálfur hefur ekki greitt sekt upp á sem nemur um 300.000 íslenskum krónum fyrir að hafa stundað veiðar á friðuðu svæði í Amazon.

Bolsonaro hefur líka í hyggju að fylgja fordæmi Trump og draga Brasilíu út úr Parísarsáttmálanum um loftslagsbreytingarnar og aðgerðir gegn þeim. Ljóst er að einhverjar breytingar verða í þessum málaflokki því í síðustu viku tilkynntu brasilísk stjórnvöld að landið væri hætt við að halda lofts-

„Aðgerðir landsins til að vernda Amazon hafa einnig lengi verið lofsamaðar sem dæmi um góðan árangur í baráttunni til að bjarga regnskógum heimsins

lagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á næsta ári og því þarf að finna nýjan gestgjafa.

Bolsonaro hefur útnefnt Ernesto Araujo, sem er mikill efasemdaður um loftslagsbreytingarnar, sem utanríkisráðherra. Araujo hefur meðal annars sagt að loftslagsbreytingarnar séu ekkert annað en samsæri marxista sem sé notað sem yfirvarp til að réttlæta fleiri lög og reglugerðir sem íþyngja efnahagslífinu og færi alþjóðlegum stofnunum meira vald yfir einstökum ríkjum heims. Þetta kyrki hagvöxt í kapitalískum lýðræðisríkjum og ýti undir hagvöxt í Kína.

Alþjóðlegur þrýstingur

Amazon (Amazonas) þekur um sex milljónir ferkílómetra lands í Suður-Ameríku. Stærsti hlutinn, um 60 prósent, er í Brasilíu en restin er í Venesúela, Kólumbíu, Ekvador, Perú og Bólivíu. Skógurinn er rúmlega helmingur þess regnskógar sem eftir er á jörðinni og þar býr rúmlega helmingur þeirra plöntu- og dýrategunda sem til eru. Skógarhögg hefur verið sívaxandi vandamál frá sjöunda áratugnum en það náði hámarki á tíunda áratugnum þegar svæði á stærð við Spán var rutt til búa til beitiland fyrir kýr og ræktun sojabana.

Það gæti þó dregið úr framkvæmdaglegi Bolsonaro við að efna þessi kosningaloforð að aðgangur Brasilíu að evrópskum mörkuðum kynni að lokast, en þeir eru mikilvægir fyrir nautakjöt og sojabaunir. Nýlega gerði Emmanuel Macron, forseti Frakklands, það ljóst að ef Brasilía drægi sig út úr Parísarsáttmálanum myndi hann ekki skrifa undir fríverslunarsamning ESB og

Mercusur, sem er fríverslunarbandalag Brasilíu, Argentínu, Paragvæ og Úrúgvæ, en hann er nær frágenginn. Macron sagðist ekki geta beðið franska bændur og verkamenn um að breyta framleiðsluaðferðum sínum eingöngu til að hann gæti skrifað undir viðskiptasamning við ríki sem fara aðrar leiðir.

Ekkert hefur heyrst frá Bolsonaro um þessi orð Macron. En hvað sem því líður er ljóst að mikil stefnubreyting er að verða í Brasilíu. Brasilíumenn voru gestgjafar þegar fulltrúar ríkja heims funduðu í fyrsta sinn 1992 og ræddu þörfina á sameiginlegum aðgerðum vegna loftslagsbreytinga og umhverfismála. Landið lék stórt hlutverk á loftslagsráðstefnunni í París 2015 og átti stóran þátt í að Parísarsáttmálinn varð að veruleika. Brasilía er sjöundi stærsti losandi gróðurhúsalofttegunda í heiminum og er því mjög mikilvægt ríki á þessu sviði. Aðgerðir landsins til að vernda Amazon hafa einnig lengi verið lofsamaðar sem dæmi um góðan árangur í baráttunni við að bjarga regnskógum jarðar.

Frá 2004 til 2014 dróst skógarhögg mikið saman en það er eitt af lykilatriðunum í loftslagsbaráttunni því Amazon tekur mikild magn koltvísýrings í sig. Þróunin hefur snúist við á síðustu árum. Eftirlitskerfi landsins veiktust í kjölfar óróans í kringum Dilma Rousseff forseta og brottvikningu hennar úr forsetaembætti. Á síðasta ári voru 8.000 ferkílómetrar skóglendis brenndir eða felldir en það er 13,7 prósentu aukning frá árinu áður. Nú óttast margir að þessi þróun muni halda áfram og verða hraðari. ■

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT



ALTAK

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrónggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***





Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Ádstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Adalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Skjóta sig í fótinn

Samtök verslunar og þjónustu voru mjög ósátt við auglýsingu VR þar sem **Georg Bjarnfredarson** er í hlutverki verslunareiganda. Sögðu þau **Margrét Sanders** og **Andrés Magnússon** hjá SVP að þau könnuðust ekki við slíka yfirmenn og að dæmin í auglýsingunum væru fjarri öllum veruleika. Launafólk á Íslandi kannast þó margt við að hafa átt minnst einn nautheimskan yfirmann á sínum starfsferli, og á jafnvel enn. Það er góður möguleiki að SVP sé að skjóta sig í fótinn með gagnrýninni á Georg Bjarnfredarson. Það er aldrei að vita nema þetta verði til þess að það detti í gang #alvöryfirmaður-bylting þar sem starfsmenn á plani deila sögum af atvinnurekendum og yfirmönnum.

Dýrt, tímafrekt og tilgangslítid

Klaustursréttarhöldin svokölluðu áttu að vera yfirveguð leið til að fá niðurstöðu formlegra dómstóla til að kæfa niður dómstól götunnar, en málið er strax byrjað að leysast upp í farsa. Komnar eru á kreik samsæriskenningar um að Bára „Marvin“ Halldórsdóttir hafi verið að ganga erinda einhverra afla. Reimar Pétursson, lögmaður Miðflokksmanna, ákvað svo að biðja um upptök frá Dómkirkjunni þrátt fyrir að þar séu engar myndavélar, sem segir að hann hafi ekki athugað hvort svo væri þrátt fyrir að skrifstofa hans sé í rétt 200 metra fjarlægð. Réttarhöld eru alls ekki ókeypis, dómarrar eru á kjararáðslaunum og réttarsalir eru á dýrustu lóðum landsins, lögmenntu eru heldur ekki á neinum Landspítala-launum. Því vekur þetta upp spurninguna hvar gagnrýnendur **Björns Levís Gunnarssonar** Pírata séu í dag, en hann fékk á sig ákúru fyrir að leggja fram dýrar, tímafrekar og tilgangslitlar fyrirspurnir.

Hvenær stígur fyrsti jólasveinninn fram sem transkona?

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Danaveldi hefur undanfarna daga logað út af hneyksli-máli sem við kemur gömlu lagi sem er þjóðinni kært. Hneykslið umrædda hófst þegar að nemendur CBS-viðskipta háskólans í Kaupmannahöfn sungu lagið „Den danske sang er en ung blond pige“ í tilefni af stórum fundi í skólanum. Bein þýðing á heiti lagsins væri „Danska lagið er ung ljóshærð stúlka“. Lagið var samið árið 1924 og hefur síðan lifað með dönsku þjóðinni.

Ein af þeim sem hlustuðu á lagið var kvenkyns starfsmaður sem var af erlendu bergi brotinn og dökkur á hörund. Í stuttu máli móðgaðist hún vegna flutnings og þá aðallega heitis lagsins, kvartaði til stjórnenda skólans og niðurstaðan varð sú að hér eftir verður lagið, að öllum líkindum, ekki sungið við opinberar athaf-



ir innan veggja skólans aftur. Danir brjáluðust vegna málsins og mat flestra er að pólitískur rétttrúnaður sé of langt genginn.

Guðmundur Brynjólfsson djákni er í skemmtilegu viðtali í helgarblaði DV. Í lok viðtalsins tæpir hann einmitt á þessari meintu aðför að málfrelsinu og spyr: „Hver gaf fólki úti í bæ heimild til að taka orð úr umferð?“ Að auki veltir hann því fyrir sér hvort ekki verði gefinn út bæklingur um


hvernig eigi að fara með gamanmál á þessu jarðsprengjusvæði sem opinber umræða er orðin.

Það er mikið til í þessu og ástæða er til þess að staldra við. Rétturinn til þess að móðgast virðist vera orðinn nánast heilagur og þar eru fjölmiðlar ekki saklausir. Það að einhver hafi móðgast yfir einhverju eru fljótunnar fréttir sem yfirleitt vekja talsverða athygli. Þær passa því ágætlega inn í efnisframleiðslubrjálaðið sem

einkennir íslenska fjölmiðla.

Á liðnum árum hefur verið skorin upp herör gegn jólalögum með slæmum boðskap. Yfirleitt er um að ræða lög þar sem kynjahlutverkin eru afar gamaldags, til dæmis hvernig litlar stúlkur vaggja brúðum en litlir drengir sparka í bolta í laginu „Nú skal segja“. Veruleikinn er auðvitað ekki þessi í dag. Í stað þess að sleppa laginu, eins og mér skilst að margir skólar geri, þá treysti ég íslenskum börnum fyllilega til þess að átta sig á að sum lög og textar eru börn síns tíma og ber að skoða í því ljósi. Það er óþarfi að gera ráð fyrir því að börn taki einhverja innrætingu af gömlum lögum eða textum sem sungnir eru einu sinni á ári.

Ef framhaldur sem horfir þá er stutt í að það verði samfélagsleg krafa af fyrsti jólasveinninn stígi fram sem transkona. Líklega væri það táknrænast að Bjúgnakræki yrði fórnad. ■



„Gluggagægir! Komdu niður gamli pervert, þú hefur verið tilnefndur sem maður ársins!“

Spurning vikunnar

Hvað borðar þú á aðfangadag?





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



Ný kynslóð OLED+



androidtv



OLED



PHILIPS HUE START KIT FYLGIR PHILIPS OLED SJÓNVÖRÐUM TIL JÓLA EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

PRÁÐLAUSIR HÁTALARAR
JBL-CHARGE4
Vatnheldur og kraftmikill.

KAUPAUKI
JBL-GO fylgir með til jóla!

Nýtt
VERÐ 24.995
FRÁBÆRT VERÐ

KAFFIVÉLAR MIKIÐ ÚRVAL
HEFÐBUNÐNAR – SENSEO – DOLCE GUSTO – NESPRESSO – ALSJÁLFVIRKAR

PRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

JBL
JBL-FREEXBT
Fullkomlega þráðlaus heyrnartól.

VERÐ 14.995
FRÁBÆRT VERÐ

Tefal

TEF-FZ701015
Actify Original djúpsteikingarpottur sem notar aðeins 1 msk af olíu. Hollari leið að stökkum bita.

JÓLATILBOÐ 19.995
VERÐ ÁÐUR 26.995

SOUNDBAR HEIMABIÓ

JBL
JBL BAR51
JBL Soundbar heimabíókerfi með þráðlausum hátölurum sem má taka í sundur og raða saman að vild.

JÓLATILBOÐ 69.995
VERÐ ÁÐUR 92.995

HEILSUVÖRUR Í ÚRVALI

MEDISANA

Nuddtæki, snyrtispeglar, blóðþrýstingsmælar, hitateppi og fleira frá Medisana

SousVide

Allt í Sous Vide eldamennsku, mikið úrval Sous Vide tækja og lofttæmingavéla

RYKSUGUVÉLMENNI

Robot

IRO-895
Ryksuguvélmenni með nýju og endurbættu AeroForce hreinsikerfi. Hægt að tengja við iRobot HOME appið og skipuleggja þrif fram í tímann.

JÓLATILBOÐ 79.995
VERÐ ÁÐUR 99.995

TÖLVULISTINN Heimilistæki

Opið alla daga til jóla

Heimilistæki ht.is
7 VERSLANIR UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • Austurvegi 34 SELFOSSI S: 414 1745 • GÁRDARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRTORGI AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

Bakkus Guðmundur var túramaður og stóð höllum fæti í átta ár.

MYNDIR: HANNA/DV



Tíðarandinn að kæfa tungumálið og húmorinn

■ Guðmundur Brynjólfsson sér ljóstíru í táradal
 ■ Hársbreidd frá því að verða róni ■ Ný glæpa-saga sem vekur óhugnað

Kristinn Haukur Guðnason
 kristinn@dv.is



Guðmundur Brynjólfsson gaf nýlega út bókina Eittraða barnið. Hún er glæpa-saga, skrifuð inn í sögulega sviðsmynd Árnassýslu í kringum aldamótin 1900. Guðmundur er djákni og innilega trúður og jafnframt heltekinn af myrkum hliðum mannlífsins og óhræddur við að stuða fólk, hvort sem er í bókum sínum eða hárbeyttum pistlum. DV ræddi við Guðmund um æskuna á Vellinum, rötleysið og árin í drykkju, hið myrka í mann-skepnunni og ljósið í trúnni.

Hermangið á Vellinum

Guðmundur er fæddur árið 1964 og ólst upp á bæ sem heitir Hellur á Vatnsleysuströnd. Hann var næstingstur sjö systkina en eitt

dó í frumbersku. Móðir hans starfaði sem handavinnukennari og faðir hans hjá véladeild ÍAV á Keflavíkurflugvelli. Ungur fór Guðmundur sjálfur að starfa á Vellinum og muldi þar grjót.

„Kaninn hafði mikil áhrif á svæðinu, bæði til góðs og ills. Það var auðvitað mikil velmegun því það var vel borgað á Vellinum og nóg af vinnu. Fimmán eða sextán ára vann maður frá klukkan sjö á morgnana til að verða tíu um kvöldið.“

Guðmundur grúskaði og las mikið sem barn. Einnig hafði hann mikinn áhuga á fótbolta og sparkaði í tuðru fram á kvöld með systkinum sínum og frændsystkinum. Löngum stundum dvaldi hann hjá ömmu sinni sem var róttæk vinstrimanneskja og ekki hrifin af hermanginu.

„Það fjarði nú af henni því að

það unnu nánast allir hennar afkomendur þar. Eins með mig sjálfan, ég ætlaði aldrei að vinna uppi á Velli en svo fór ég og líkaði vel.“

Hvað vildir þú verða?

„Ég ætlaði að verða kokkur. Án þess að vita nokkuð út á hvað það gengi. Síðan ætlaði ég að verða leikari. Ég reyndi þrisvar sinnum að komast í leiklistarskólann, komst alltaf í lokahópinn í inn-tökuprófinu en datt þar út. Það var mikið skipbrot og svekkelsi. Ég taldi mig mesta leikaraefni landsins. En samkeppnin var hörð. Þarna voru meðal annarra Davíð Þór Jónsson, Steinn Ármann, Ingver E. Sigurðsson, Hilmar Jónsson, Baltasar og fleiri stórkanónur.“

Femínisti frá æsku

Framan af stóð Guðmundur sig vel í námi en þegar hann gekk í Fjöl-

brautaskóla Suðurnesja tók aga-leysið völdin. Hann féll margoft og þurfti undanþágur til að vera ekki vísað úr námi. Meiri áhuga hafði hann á skemmtanalífinu og var fastagestur í Klúbbnum, Sigtúni og Evrópu.

„Maður eyddi öllum peningnum,“ segir hann. „Ég lifði hátt, keypti mér strax bíl, var endalaust í bíó og hverja einustu helgi að skemmta mér. Ég fékk nógan pening af Vellinum en hafði enga rænu til að leggja fyrir.“

Guðmundur náði að útskrifast 24 ára gamall og gekk þá í Háskóla Íslands til að læra bókmenntafræði. Það nám lá einstaklega vel fyrir honum og í kjölfarið flutti hann út til Bretlands til að nema leiklistarfræði. Á þessum árum vildi hann verða leikstjóri og rannsakaði femínisma í verkum Williams Shakespeare.

Varstu snemma femínisti?

„Já, ég drakk það í mig með móðurmjólkinni og amma prentaði það í hausinn á mér að allir væru jafnir. Ég er þannig femínisti. Það þarf enga vitringa til að sjá að í gegnum aldirnar hafa konur ekki staðið jafnfætis karlmönnum. Mér getur hins vegar blöskrað þessi akademíski femínismi þar sem konur úr háskólum segja verkunum og konum yfirhöfuð hvernig þær eigi að haga sér og móðgast fyrir þeirra hönd. Það verður hver að finna það hjá sjálfum sér hvaða skilningur felst í þessu hugtaki, femínisma. Fyrir mér snýst þetta um jafnrétti, hin sjálfsgöða krafa að allir séu jafnir. Þar undir eru aðrir hópar líka, fatlaðir, samkynhneigðir og fleiri.“

Átta ár í drykkju

Eftir námið leikstýrði Guðmundur

SPORT



Íþróttavöruverslun

PLAY.



Öll helstu merkin á einum stað

Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á 

Berst fyrir dósamatarlausum jólum á Íslandi

■ Kristinn Guðmundsson stjórnar matreiðslupáttunum SOÐ ■ Elti ástina til Belgíu ■ Líkir dósamataráti við rasíska orðræðu

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ég verð í Portúgal um jólin. Bróðir kærustunnar minnar keypti sér jörð í Portúgal og býr þar. Ég hef ekki hugmynd um hvað verður í jólamatinum. Ég er ekki kominn þangað enn þá,“ segir Kristinn Guðmundsson, stjórnandi matreiðslupáttanna SOÐ, myndlistarmaður og dansari.

Það má með sanni segja að Kristinn hafi vakið verðskuldaða athygli síðustu misseri fyrir þættina SOÐ, sem bæði er hægt að nálgast hjá Sjónvarpi Símans og á Facebook. Ástríða Kristins í eldamennsku skín í gegn hverja mínútu og kemur hann til dyranna nákvæmlega eins og hann er klæddur, með tilheyrandi skriftum og óreiðu í eldhúsinu. Kristinn vinnur þættina í fjarvinnu þar sem hann er búsettur í Belgíu. Þangað flutti hann, eftir dvöl í Kaupmannahöfn og Hollandi, fyrir sex árum til að elta ástina.

„Ég kynntist kærustunni minni í Brussel þegar ég var sendur af skólanum mínum í Hollandi á námskeið í Belgíu, í skólanum hennar. Þar kynntumst við. Hún er leikstjóri og skrifar leikrit,“ segir Kristinn og bætir við að hann telji það kost að þau fái bæði við list skötuhjúin. „Við skiljum hvort annað aðeins betur. Við, listamenn, erum sérstakt fólk. Ég er til dæmis dansari og þar af leiðandi



Kristinn við passandi veggjakrot í Brussel sem hann ber þó ekki ábyrgð á.

oft í burtu. Hún skilur það aðeins betur vegna sinnar vinnu. Það vil ég allavega meina,“ segir Kristinn og hlær.

Kristinn kann vel við sig í Belgíu en er þó ekki viss um að hann verði þar til æviloka.

„Ég hef alltaf sagt að ég myndi enda á Íslandi en ég veit ekkert hvenær sá endir verður eða hvernig hann verður skrifaður. Ég er sveigjanlegri en kærastan mín varðandi vinnu, en hún er með

vinnuástöðu hér í Belgíu og takmörkuð af tungumálinu. Það er auðveldara fyrir mig en hana að fara fram og til baka og ég stjórna mér meira sjálfur. Á þessu ári hef ég til dæmis verið næstum því helmginginn af árinu á Íslandi að vinna að ýmsum verkefnum,“ segir Kristinn.

Matarskoðanir koma Kristni í bobba

Við vindum okkur aftur í jólatal og

Áð skoða sveppaframleiðslu í Reykjavík með Magnúsi Magnússyni sveppabönda.



kemur þá í ljós að Kristinn heldur ekki í neinar sérstakar hefðir þegar kemur að mat, enda duglegur að prófa nýja hluti í SOÐ-eldhúsinu, sem er í raun á vinnustofnunni hans.

„Jólin eru ekkert svo heilög í Belgíu, sérstaklega þegar kemur að matvöru. Það er ekkert endilega verið að spá mikið í jólamatinum, bara keypt það sem til er í búðum á Þorláksmessu. Ég er mjög sáttur við það. Það er voðalega lítið um hefðarjól í Belgíu, allavega í minni fjölskyldu. Ég held að það sem geri hefðir hættulegar sé að þær geta stoppað framför. Ég er alls ekki að segja að allt sem er nýtt sé framför en við verðum að leyfa því nýja að koma inn til að ákveða hvort við höldum áfram með það eða ekki,“ segir Kristinn. Hann hefur hins vegar mjög sterkar skoðanir á íslenskum jólahæfðum þegar kemur að mat – skoðanir sem hafa komið honum í bobba.

„Ég er að berjast fyrir dósamatarlausum jólum á Íslandi. Það er yfirleitt hlegið að mér þegar ég segi frá þessu og sumir verða bara reiðir út í mig. Ég skil ekki alveg þessa áráttu með dósamat. Það er ekkert að dósamat per se en að elda stærstu máltíð ársins, sjálfa jólamáltíðina, og bjóða bara upp á rauðrófur úr krukku, rauðkál úr krukku, Ora grænar baunir úr dós og ananas úr dós á hamburgarhrygginn er bara óskiljanlegt fyrir mér. Waldorf-salatíð er kannski það eina sem kemur ekki úr dós. Svo eru Ora grænar baunir að ég held verstu grænu baunir sem til eru. Þetta er alveg ótrúleg dósamatarárátta,“ segir Kristinn í

fúlustu alvöru.

„Ég skil rómantíkuna við þetta og rómantík og hefðir eru allt í lagi. En þetta er komið út í rugl. Þegar hefðir eru komnar þangað að það er bara rugl sem þú ert að borða þá má fólk fara að hugsa sinn gang. Ef við setjum þetta í annað samhengi þá býst ég við að ef það hefði verið hefð á Alþingi Íslendinga fyrir einhverjum áratugum að þingmenn þyrftu alltaf að segja eitthvað rasískt í púltinu, hefði sú hefð ekki breyst á einhverjum tímum? Hefði ekki einhver staðið upp og sagt: Þetta er nú bara vitleysa?“ spyr Kristinn. Í herferð sinni gegn dósamat sá Kristinn sig knúinn til að gera sérstaka jólaseríu af SOÐ, bæði í ár og í fyrra, þar sem hann einblínir á meðlæti.

„Það er svo hrikalega auðvelt að gera meðlæti frá grunni. Ef við tökum rauðkál sem dæmi þá er ekkert mál að búa það til sjálfur viku fyrir jól í staðinn fyrir að gramsa í eldhússkápunum.“

Fær að hjálpa mömmu með jólamatinum

Kristinn kemur yfirleitt heim annað hvert ár um jól og reynir þá að kynna nýja möguleika í jólamat fyrir fjölskyldu sinni.

„Mamma braut á sér höndina í slysi rétt fyrir jól í hálfu fyrir nokkrum árum. Frá þeim jólum höfum við eldað saman jólamatinum, en fyrir þann tíma heimtaði hún alltaf að ég smakkaði til. Mér finnst mjög gaman að fá að taka þátt í matseldinni með mömmu því þetta er heilög stund. Ég reyni alltaf að troða einhverju nýju inn og þá fara systkinin að væla. ▶

JÓLAGJÖFIN Í ÁR?

ARC-TIC RETRO

NATÓ ÓL Í ÍSLENSKU FÁNALITUNUM FYLGIR MEÐ ÖLLUM RETRO ÚRUM

VERÐ AÐEINS: 29.900,-

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

**JÓLA
TILBOÐ**



Dreamline dýna með botni.
Undirdívan 160x200cm + lappir

Jólatilboð: 110.030
Fullt verð: 147.900

Jólagjöfin

fast í Vogue

JÓLATILBOÐ



Tvennutilboð

Microfiber sæng og koddí

Fullt verð: 13.300

Jólatilboð: 9.900

30% AFSLÁTTUR



Diamond sófi

Stærð: 185x85cm | Litir: Blár, grár og sand

Fullt verð: 149.900 - Jólatilboð: 104.930

JÓLATILBOÐ



Wizar hægindastóll

Áklæði: fullt verð: 199.900

Jólatilboð: 159.930

Leður: fullt verð: 239.900

Jólatilboð: 191.920

20% AFSLÁTTUR



**Sængurfatnaður
frá Fussenegger**
20% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR



RIEDEL glös
Jólatilboð

20% AFSLÁTTUR



Rúmteppi
Mikið úrval af rúmteppum

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Ad bruggja bjór með Árna Theodór Long hjá BORG Brugghúsi.

Janus og Kristinn við tökur á SOÐ á Reykjanesi.



Svo eru Ora grænar baunir að ég held verstu grænu baunir sem til eru. Þetta er alveg ótrúleg dósamatarárátta.

Hefðirnar, sko. En síðan smakka þau og verða ánægð," segir Kristinn og bætir við að það sé fínt að jólin séu bara einu sinni á ári, matarlega séð.

„Ég hef ekkert á móti söltuðu eða reyktu kjöti – það er alveg æðislegt. En þetta er fullmikið af því góða á mjög stuttum tíma. Ég flyt inn til landsins fjögur kíló af vatnsbjúg þegar ég fer aftur heim til Belgíu þannig að ég er alltaf fjórum kílóum þyngrri en þegar ég fór til Íslands," segir Kristinn og brosir.

Ný sería tekin upp á Reykjanesi
Eins og áður segir tekur Kristinn upp þættina SOÐ á vinnustofu sinni í Belgíu. Hingað til hefur

hann séð um allt sjálfur – tekið upp, klippt og sent til Sjónvarps Símans, en allt það ferli segir hann taka um þrjá vinnudaga fyrir einn þátt. Í vor verður þó breyting á þegar ferðasería um Reykjanes lítur dagsins ljós. Þá vinnur Kristinn með tökumanni, en segir að þættirnir snúist ekki endilega um matarmenningu á Reykjanesi.

„Þetta er aðallega ég úti í náttúrunni að elda eitthvað og reyna að tengja það Íslandi, frekar en Reykjanesi sérstaklega. Ég er með myndatökumann með mér þannig að þetta er eitt skref í áttina að sjónvarpsgerð frekar en vlog-gerð. Ég lifi yfirleitt í núinu og stefni á að halda áfram að gera það sem ég vil gera. Það er greinilegt að fólk vill

horfa á SOÐ og ég er með ýmsar þælingar um hvert mig langar að fara með það. Ég held að ég muni samt alltaf halda í þennan grunn sem ég er búinn að búa til," segir Kristinn. Þessi grunnur felst í raun í því að gera matreiðslu einfalda

og um leið gera grín að sér sjálfum og óföllum sínum í eldhúsinu.

„Ég held að hugmyndin hafi upprunalega kviknað því ég var orðinn þreyttur á venjulegum kokkapáttum. Ég hef horft á kokkapætti síðan Siggi Hall var og hét á Stöð 2 í gamla daga og kom alltaf heim úr skólanum og horfði á Sigga Hall. Í þessum kokkapáttum er svo mikill hátíðleiki. Það er allt svo fullkomið – búið að skera laukinn og búið að vinna alla undirbúningsvinnuna. En að vinna í eldhúsi er ekki svo fullkomið. Það klúðrast alltaf eitthvað eða maður gleymir einhverju á eldavélinni. Mér fannst vanta það. Mig langar að fólk horfi og hugs: Ég get þetta líka fyrst þessi vitleysingur getur gert þetta," segir Kristinn og hlær. „Mér finnst gaman að gera grín að sjálfum mér. Ég hef gaman af því að klikka. Stundum þarf ég að klippa eitthvað út því það er of mikið. Þá hlæ ég oft upphátt þegar ég er að klippa þáttinn. Sit kannski á kaffihúsi hlæjandi að sjálfum mér, átta mig svo á að fólk er að horfa á mig að horfa á mig að hlæja að mér. Það er fáránleg tilfinning.“

Var sagt að verða ekki kokkur

En hvaðan kemur þessi óbilandi ást á mat og matargerð?

„Þegar ég hugsa til baka þá sótti ég mikið í eldhúsið frá unga aldri. Ég ætlaði mér alltaf að verða kokkur. Einn eldri vinur minn, sem var kokkur, sagði við mig að ég ætti ekki að verða kokkur út af fáránlegum vinnutíma. Þannig að ég varð myndlistarmaður – sem býður upp á enn verri vinnutíma þannig að ég hefði alveg eins geta orðið kokkur," segir Kristinn og

hlær, sáttur við sitt í dag.

„Auðvitað er ekkert of seint að verða kokkur en ég hef unnið í eldhúsum og á veitingastöðum og það er gaman, en ekki nógu gaman. SOÐ er skemmtilegra því ég er minn eigin herra. Þótt maður ætti sinn eigin veitingastað þá er maður aldrei sinn eigin herra, heldur herra þeirra sem koma á staðinn til að borða.“

Dreymir um að ferðast um Bandaríkin á sendibíl

SOÐ á dyggan aðdáendahóp sem stækkar stöðugt. Kristinn á þó ekki mikil samskipti við áhorfendur þáttanna, þótt hann glaður vildi.

„Það er lítið um að fólk sé að biðja um sérstaka uppskrift. Það hefur komið fyrir, en almennt er ég látinn í friði. Fólk má alveg þrusa meira í athugasemdakerfið, heimta og vera frekt. Svo lengi sem það er enginn dónaskapur," segir hann.

Áður en ég kveð Kristin verð ég að spyrja hvaða lönd hann dreymir um að heimsækja til að svala matarævintýraþránni.

„Það eru nokkur, til dæmis Kórea. Ég væri þvilíkt til í að skoða matarmenninguna þar betur. Ég hef farið til Ítalíu en það er alltaf gaman að fara þangað bara út af matnum. Ég væri líka rosalega til í að fara til Vestur-Afríku, bara af einskærri forvitni um matarmenninguna. Það er eitthvað sem kallar mig þangað. Bandaríkin eru líka spennandi. Ég væri til í að ferðast um öll Bandaríkin á einhverjum sendibíl. Þannig að ef Pálmi hjá Símanum er að lesa þetta þá má hann punkta þetta niður hjá sér.“ ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER



ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI



HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500



GIMLI

FASTEIGNASALA

*Óskum viðskiptavinum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári*



Halla Unnur Helgadóttir



Elín Rósa Guðlaugsdóttir



Elín Urður Hrafnberg



Ellert Bragi Sigurpórsson



Hafrún Huld Einarsdóttir



Lilja Hrafnberg



Sigpór Bragason



Bárður Tryggvason



Kristján Gíslason



Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / s. 570 4800

Hápunkturinn að leiða KR í Liverpool

■ Skrapp á þing fyrir gamla fólkið ■ Með Bjarna Ben skömmu fyrir brunann ■ Stormaði úr Sjálfstæðisflokknum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ellert B. Schram kom nýverið inn á þing sem varamaður, 79 ára að aldri. Hann hefur verið inni og úti af þingi nú í tæpa hálfu öld sem er met. Fyrst fyrir Sjálfstæðisflokkinn og síðan Samfylkinguna en um tíma var hann í raun óháður. Ellert er elsti Íslendingurinn sem hefur setið á þingi. Ellert ritstýrði DV ásamt Jónasi Kristjánssyni á stórveldistíma blaðsins og saman leiddu þeir baráttuna fyrir frjálsum og óháðum fjölmiðlum. Ellert komst fyrst í sviðsljósið sem fyrirliði og máttarstólpi gullaldarliðs

KR og íslenska landsliðsins. Síðar leiddi hann bæði Knattspyrnu-sambandið og Íþróttasambandið. Ellert er lögræðingur frá HÍ og starfaði á árunum 1966–1971 sem skrifstofustjóri Borgarverfræðings í Rvík. Ellert er ekki hættur að láta gott af sér leiða því í dag er hann formaður Félags eldri borgara. DV ræddi við Ellert um það sem hæst ber á þessum langa og fjölbreytta ferli.

Jólainnlit á þingi

Ellert hefur nýlokið viku þingsetu. Sjálfur kallar hann þetta óvænt jóla-innlit hjá sér. Hann náði að komast tvisvar í púlt og minna þingheim á kröpp kjör eldri borgara. Það er mál-

efni sem hann hefur brunnið fyrir eftir að hann tók við formennsku í Félagi eldri borgara árið 2017. Hann segist ekki hafa átt von á að fá þetta tækifæri (að setjast inn á þing) enda voru tveir aðrir á undan honum í röðinni sem varapingmenn.

Ellert kom inn sem varamaður fyrir Ágúst Ólaf Ágústsson sem tók sér leyfi vegna ásökunar um kynferðislega áreitni. Á sama tíma hafa borist fregnir af því að þingið sé illa starfhæft vegna máls sexmenninganna á barnum Klaustri. Ellert segir andrúmsloftið á Alþingi ekki vera jafn slæmt og af er látið.

„Ég varð ekki mikið var við þá ólgu sem talað er um. Þvert á móti þá verð ég að viðurkenna að það var

gaman og merkileg uppkoma að detta svona inn á þing og mér fannst andrúmsloftið vera nokkuð gott. Ég get samt trúað því að mörgum þeirra sem eru í þinghúsinu finnst þetta óþægilegt. Ég tók ekki sæti hjá Samfylkingunni með það fyrir augum að ná inn heldur til að styrkja flokkinn og minna á gamla fólkið. Ég sá það sem gott tækifæri fyrir mig sem formann eldri borgara að komast í ræðustólinn á Alþingi, kalla eftir upplýsingum og tala máli elstu kynslóðarinnar.“

Hefur þú engar áhyggjur af að stjórnarandstaðan geti illa sinnt aðhaldshlutverki sínu?

„Nei, ef þú ert að tala um Klaustrið, þá tel ég það eigi ekki að

bitna á öllum flokkum sem eiga fulltrúa á þingi. Það er ekki hægt að dæma allt Alþingi og þá sem þar sitja fyrir þessa ógæfu sem sumir hafa kallað yfir sig. Þrátt fyrir allt er þetta valdamesta samkoman, sem við verðum að hlusta og taka mark á. Það er ekki mitt mat að svona atburðir ráði ferðinni þarna inni. Hvorki hjá stjórnarflokkunum né minnihlutaflokkunum.“

Vantar fleiri eldri borgara á þing

Ellert segir að staða eldri borgara á Íslandi sé mjög misjöfn. Margir hafa í sig og á og njóta mikilla lífsgæða en aðrir standa mjög höllum fæti. Hann segir Félag eldri borgara sinna báðum hópunum ►



MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Meður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.

Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Hvergi nærri hættur Starfíð í Félagi eldri borgara hefur gefið Ellerti nýtt líf.



Launin voru ekki meiri en svo að ég þurfti á þessum árum að fara á sjóinn tvö sumur til að við ættum í okkur og á

og bjóða upp á margvíslega þjónustu, utanferðir, námskeið og dægradvöl. Kjaramálin skipti hins vegar mestu máli.

„Margir sem komast á eftirlaunaaldurinn lifa við fátækt og hafa ekki í sig og á,“ segir hann. „Greiðslur frá Almannatryggingum eru einfaldlega of lágar og þar að auki er lífeyririnn skertur ef viðkomandi vogar sér að vinna sér inn peninga eða hagnast á sölu eigna. Það er stöðugt eftirlit með þessu. Þessi hópur þarf virkilega á hjálp að halda og það er verkefni okkar, sem búum við gott líf og heilsu, og stjórnvalda, að grípa til markvissra aðgerða og hækka greiðslurnar sem þjóðin aflar í gegnum Almannatryggingar. Fátæktin leiðir af sér einangrun, veikindi og tómleika. Lífsgæði og hagur fólks ræðst af því að fólk hafi eitthvað á milli handanna.“

Hluti af þessum vanda sé hugsanlega tengdur því að of fáir fulltrúar eldri kynslóðarinnar séu inni á þingi. Sem flestir stjórnmalaflokkar ættu að nýta sér þekkingu og reynslu eldri borgara og hafa þá með í flokkum sínum og sem fulltrúa á þingi.

Finnst þér vera lítill skilningur hjá ríkisstjórnarflokkunum?

„Nei, held að skilningurinn sé fyrir hendi og varð ekki var við annað þessa viku sem ég var núna inni á þingi. Ég flutti tvær ræður um málefni eldri borgara og það var tekið vel í þær. Það þarf hins

vegar meiri umræðu og fleiri tilögur til þess að vekja athygli á þessum málum. Aldrað fólk á að hafa talsmenn á þingi.“

Á sjó til að drýgja þingfararkaupið

Í gegnum allt lífið hefur Ellert tekið að sér leiðtogahlutverk og trúnaðarstöður af ýmsum toga. Hann var formaður Stúdentaráðs, SUS, KSÍ, ÍSÍ, var ritstjóri tímarita og dagblaða, fyrirlíði KR og íslenska landsliðsins svo eitthvað sé upp-talið. Ellert segir hins vegar að hann hafi ekki alltaf sóst eftir öllum þessum stöðum heldur hafi margoft verið leitað til hans um þátttöku og forystu.

„Skýringin er að einhverju leyti sú að ég er félagslyndur að eðlisfari. Mér þykir gaman að umgangast fólk og taka á málefnum sem skipta máli. Einhverra hluta vegna hefur fólk talið að ég gæti gert gagn með að taka við formennsku og ég held sjálfur að þetta hafi gengið ágætlega,“ segir Ellert og brosir. „Faðir minn var Björgvin Schram sem var formaður KSÍ í fjórtán ár. Kannski er þetta að einhverju leyti í genunum. Og svo var Ellert, afi minn, skipstjóri á seglbátum.“

Þú varst rúmlega þrítugur þegar þú varst kjörinn inn á þing, árið 1971. Hvernig var fyrir ungan mann að stíga þarna inn?

„Ég var yngstur og nú er ég elstur,“ segir Ellert og hlær. „Þetta

var auðvitað mjög spennandi. Ég var kornungur maður og sat með miklum höfðingjum á þingi. Mönnum sem ég bar mikla virðingu fyrir. Ég verð að játa að mér fannst til þess koma að vera á þingi og reyndi að standa mig. Ég tók út þroska og auðvitað varð mér á í sumum málum. En þrátt fyrir ungan aldur og axarsköft var ég kosinn aftur árið 1974.“

Ellert minnst sérstaklega jómfúrræðu sinnar sem hann vildi þó helst gleyma.

„Í fyrstu ræðunni talaði ég gegn því að Ísland samþykkti að Kínverjar fengju aðild að Sameinuðu þjóðunum. Ég sé nú alltaf eftir að hafa verið að skipta mér af því,“ segir hann kímminn. „Þetta var sennilega full unglingslegt af mér.“

Hvernig var þingið þá miðað við í dag?

„Þetta voru nánast allt saman karlar. Það voru aðeins tvær konur þarna inni. Mikið til karlar sem voru búnir að vera lengi á þingi. Þeir voru líkt og heima hjá sér og vinir hver annars, þótt þeir hafi verið að rífast í ræðustól. Því var andrúmsloftið þarna inni nokkuð gott. Menn báru virðingu hver fyrir öðrum.“

Í dag er hávær umræða um laun og sporslur alþingismanna og annarra embættismanna. Svo miklar hækkanir hafa þeir fengið að það er talið ógna kjaraviðræðum. Öldin var önnur þegar Ellert kom inn á þing í fyrsta sinn.

„Ég var með eiginkonu og fjögur börn og hún þurfti að vera heima til að sinna þeim. Launin voru ekki meiri en svo, að ég þurfti á þessum árum að fara á sjóinn tvö sumur til að við ættum í okkur og á.“

Fyrirmyndirnar, þorskastríðin og gengisfellingarnar

Áttir þú þér fyrirmyndir í stjórnmalunum?

„Ég á kannski ekki neinar fyrirmyndir en mér fannst margir þeirra vera flottir og vildi vera eins og þeir. Ég man eftir Eysteini

Jónssyni, Hannibal Valdimarsyni, Jóhanni Hafstein, Gunnari Thoroddsen og Lúðvík Jósefsyni svo ég nefni nokkra alþingismenn. Síðan kom Steingrímur Hermannsson og næsta kynslóð. Ég gæti nefnt marga aðra þing- og forystumenn, sem eru eftirminnilegir. Mér fannst ég njóta góðs af þessum félagsskap og þroskaðist af þessu.“

Snemma á sínum pólitíska ferli kynntist Ellert Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra sem lést í voveiflegum eldsvoða ásamt eiginkonu sinni og barnabarni á Þingvöllum, sumarið 1970. Ellert, sem þá var formaður SUS, var með Bjarna skömmu fyrir andlátinu.

„Við sigldum saman norður á Siglufjörð til að vera viðstaddir héraðsmót Sjálfstæðisflokksins. Eftir það þurfti ég að fljúga beint suður til að spila landsleik við Dani á Laugardalsvelli um en Bjarni fór þá á Þingvelli. Hann ætlaði síðan að sækja mig og við ætluðum að fara vestur í Stykkishólmsá um næstu helgi. En þá fékk ég símhringingu frá Alberti Guðmundssyni um morguninn, sem sagði mér hvað hafði gerst.“

Ári síðar var Viðreisnarstjórnin fallin og þorskastríðið í algleymingi. Ellert segir að mikill tími hafi farið í að takast á við landhelgismálin. Annað mál var rétturinn til fóstureyðingar og var Ellert sjálfur í þeirri nefnd sem leiddi þá lagabreytingu í gegn. Mestur tíminn hafi þó farið í að kljást við efnahagsmálin sem voru í algerri óreglu. Verðtrygging var ekki til staðar og peningarnir þurrkuðust upp á milli ára.

„Þetta var skelfilegur tími. Það voru gengisfellingar á gengisfellingar ofan. Um leið og laun voru hækkuð var gengi fellt. Sérstaklega eftir hækkanir hjá verkafólki og sjómönnum. Á tíma stjórnar Gunnars Thoroddsen var gengið fellt um og yfir hundrað prósent.“

Ellert segir að öfgarnar hafi verið miklar á þessum tíma.

„Þetta var það sem hafði mest áhrif á líf fólks og virkaði á báða bóga. Ég keypti mér kjallaraíbúð á 390 þúsund krónur árið 1962. Þegar ég stækkaði við mig hafði það engin áhrif því að skuldarnar hurfu. Ég keypti þrisvar eða fjórum sinnum nýja íbúð og þurfti aldrei að hafa neinar áhyggjur af því.“

Fékk ekki framgöngu í flokknum

Eftir ákveðinn tíma á þingi fór Ellert að hugsa um frekari frama innan þingliðsins og fannst sem hann hefði unnið sér það inn og hefði stuðning kjósenda til þess. Það gekk hins vegar ekki eftir eins og hann vildi.

„Það er enginn annars bróðir í leik,“ segir hann. „Allir voru að leita að sínum eigin farvegi. Þegar kom að kosningum og menn fóru að skipta með sér verkum var hver að hugsa um sjálfan sig, sem er kannski ekkert óeðlilegt í slíkum baráttuhóp. Mér fannst að ég ætti að fá meiri frama, kannski af því að ég var mikill keppnismaður og vildi vera í liðinu,“ segir Ellert og brosir.

Ellert sat samfelt á þingi til ársins 1978. Í seinni alþingiskosningunum það árið var mikil kergja eftir prófkjör Sjálfstæðismanna í Reykjavík og víðar. Þá höfðu fulltrúar flokksins í verkalyðshreyfingunni fengið verri útkomu en þeir bjuggust við. Til að halda friðinn innan flokksins bauðst Ellert að fara úr fimmta sætinu í það áttunda. Þessu var hampað sem miklum drengskap hjá Ellert en olli því hins vegar að hann missti þingsætið.

Þá tók hann við ritstjórnastólunum hjá síðdegisblaðinu Vísir en þar hafði hann starfað sem blaðamaður á sjöunda áratugnum. Árið 1981 voru Vísir og Dagblaðið sameinuð í DV og Ellert tók við ritstjórnastólunum ásamt Jónasi Kristjánssyni. Hann var þó ekki hættur

Við tókum upp í ein- hverjum kjöllurum og læddumst með upptökur á milli húsa og hverfa

afskiptum af stjórnmalum. Árið 1983 bauð Ellert sig aftur fram í prófkjöri Sjálfstæðismanna fyrir alþingiskosningar. Þar endaði hann í öruggu fjórða sæti.

„Ég gerði það í raun og veru til að sanna mig og átta mig á því hvar ég stæði í þinginu og pólitíkinni allri. Þegar ég kom inn í þingflokkinn bauð ég fram krafta mína sem ráðherra eða formaður þingflokksins. Hvorugt var samþykkt. Þá gekk ég út og hætti að mæta á fundi hjá flokknum. Ég sat á þingi til ársins 1987 af því að það var búið að kjósa mig. Ég tók til mála og hafði afskipti af ýmsum frumvörpum en var ekki virkur í mínum gamla flokki. Í rauninni var ég óháður þingmaður.“

Var ekki reiði í þinn garð af hálfu Sjálfstæðismanna?

„Ég veit ekkert um það, ég talaði ekkert meira við þá,“ segir Ellert og hlær. „Geir Hallgrímsson var formaður á þessum tíma og ég taldi hann vera mikinn vin minn. Við höfðum unnið vel saman hjá Reykjavíkurborg áður. Ég held að Geir hafi sjálfur verið í vandræðum og ekki haft kraft eða tíma til að hjálpa mér. Hann hafði nóg með sjálfan sig. Geir var yndislegur maður en stundum allt of kurteis. Og svo lenti hann í bardaga gegn Gunnari Thoroddsen.“

Urðu vinslit hjá ykkur?

„Nei, nei. Ég fór mína leið og hann sína.“

Hvernig fór það saman að vera ritstjóri dagblaðs og þingmaður?

„Ég var með annan fótinn á þinginu og hinn á blaðinu. Skrifaði til dæmis leiðarana niðri í þingi. Þetta hafði þau áhrif á mig að sjóndeildarhringurinn stækkaði. Þegar maður er virkur í stjórnmalaflokki og í baráttu um að komast til valda þá verður maður að passa sig að vera á réttu línu. En eftir að ég fór að skrifa fyrir blað sem var frjálst og óháð, þá þurfti ég að skoða alla atburði í stærra ljósi. Ég þurfti að taka tillit til þeirra sem voru ekki endilega sammála mér.“

Hvernig var samstarfið við Jónas?

„Jónas var frábær penni og snillingur. Hann sagði það sem honum sýndist, hvort sem það var í leiðurum eða í samtali. Okkur kom meira og minna vel saman. Ég held að sameining Dagblaðsins og Vísis hafi styrkt stöðuna og verið áfram í þeim anda sem Jónas hafði skapað. Blaðið var frjálst og hafði enga þræði til neinna sem sögðu okkur fyrir verkum. Þetta var frjálst og við fengum að skrifa það sem okkur sýndist.“

Útvörpuðu úr kjöllurum

Ellert og Jónas störfuðu saman í fimmtán ár og skiptu með sér verkum. Jónas sá mestmegnis um morgnana og Ellert síðdegið. Ellert skrifaði einnig laugardagsgreinar um marga ára skeið. Blaðið rokseldist og fór upp fyrir Morgunblaðið á tímabili.

Dagblaðið og síðar DV voru á þessum tíma leiðandi í baráttunni fyrir frjálsri og óháðri blaðamennsku. Einnig fyrir afnámi ríkis-einokunar á ljósvakamiðlum. Þetta var eitt af baráttumálum Ellerts á

þingi og þegar starfsmenn RÚV fóru í verkfall árið 1983 gripu hann, Jónas og eigendur blaðsins, Sveinn Eyjólfsson og Hörður Einarsson, til beinna aðgerða. Þá settu þeir upp eigin útvarpsstöð, Fréttatúvarpið.

„Við settum upp stöðvar og hlupum með þetta út um allan bæ,“ segir Ellert og hlær. „Við tókum upp í einhverjum kjöllurum og læddumst með upptökur á milli húsa og hverfa. Svo var það mjög dramatískt þegar lögreglan kom og braust inn á skrifstofuna. Við vissum að lögreglumenn væru á leiðinni og ég steig þá fram og hélt mjög alvörugefna ræðu. Ég talaði nú ekki vel um þá, lögregluna og meirihlutann í þinginu. En einnig um hve mikilvægt það væri að til væri fleiri en ein útvarpsstöð. Við vissum að það sem við vorum að gera var ólöglegt en létum það yfir okkur ganga. Ég fékk meira að segja dóm í héraði fyrir þetta. En honum var reyndar vísað frá í Hæstarétti.“

Eftir þetta fór Ellert í þingið og hélt langa og innblásna ræðu um málið.

„Hún bar árangur. Ragnhildur Helgadóttir var þá nýorðin menntamálaráðherra og hún tók undir margt af því sem ég sagði og lét á það reyna að breyta lögum um ríkiseinokun.“

Ein minnisstæðasta upplifun Ellerts hjá DV var á erlendri grundu. Árið 1990 lýstu Eystrasaltsríkin yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum og Íslendingar voru fyrsta ríkið til að viðurkenna það. Ellert fór þá út til að kynna sér aðstæður.

„Á tímabili leit út fyrir að Rússarnir myndu hefja innrás. Jón Baldvin Hannibalsson stóð sig ákaflega vel í þessu máli og bauð okkur fulltrúum fjölmiðla út með sér. Við ferðumst frá einu landi til annars. Það var búið að hlada upp sementspokunum og stilla upp byssum því að þeir bjuggust við að Rússarnir kæmu þá þegar.“

Varstu smeykur?

„Nei, ég var það nú ekki, en mér fannst þetta ógnvænlegt og það hafði mikil áhrif á mig að upplifa þetta ástand.“

Kratablód í æðum

Ellert starfaði sem ritstjóri DV til ársins 1996. Samhliða því hafði hann starfað sem formaður Knattspyrnusambandsins til ársins 1989 og árið 1991 var hann kjörinn forseti Íþróttasambandsins. Þar að auki starfaði hann innan UEFA, knattspyrnusambands Evrópu. Ellert var löngu búinn að kúpla sig út úr öllum stjórnmalum þegar hann dúkkaði, flestum að óvörum, upp á lista hjá Samfylkingunni fyrir kosningarnar árið 2003. Fjórum árum síðar vann flokkurinn mikinn sigur og Ellert var aftur kjörinn á þing, mjög óvænt að hans mati.

„Það voru einir þrír eða fjórir flokkar sem vildu fá mig í framboð með sér,“ segir Ellert. „Ég áttaði mig á því að ég væri eftirsóttur og velti því fyrir mér hvort ég ætti að fara aftur í Sjálfstæðisflokkinn. En mér fannst að flokkurinn hefði horfið frá sinni gömlu meginsteftnu um stétt með stétt. Þá var flokkurinn kominn langt til hægri og stefnan var að auka frjálshyggju og minnka



Landsliðsæfing Vísis 11. ágúst 1962.

eftirlit. Bankarnir voru seldir og kvótinn gefinn. Það var aðeins verið að hjálpa þeim sem áttu mestu peningana. Ég átti ekki samleið með þeim lengur.“

Af hverju valdir þú Samfylkinguna?

„Mér fannst Ingibjörg Sólrún góð og sá flokkur vera á réttu leið. Sennilega var þetta líka í genunum. Mamma mín, Aldís Brynjólfsdóttir, og hennar fjölskylda voru alla tíð miklir jafnaðarmenn. Hún kaus alltaf Alþýðuflokkinn nema þegar ég var í framboði fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Mamma var krati.“

Árið 2007 fór Samfylkingin í stjórn með Sjálfstæðisflokknum en sú stjórn varð ekki langlíf. Í kjölfar bankahrunsins var stjórninni slitið og boðað til nýrra kosninga eftir aðeins tvö ár.

„Mér fannst stundum sem ég og mínir menn ættu sök á þessu, af því að ég sat á þingi þegar þetta dundi yfir. Þetta var gríðarlega erfiður

tími og við þurftum að taka margar erfiðar ákvarðanir. En mér fannst mitt fólk í Samfylkingunni standa sig vel. Þegar ég lít til baka finnst mér það hafa tekið Ísland mun skemmri tíma að rísa en ég átti von á. Auðvitað hafa utanaðkomandi áhrifaþættir spilað þar inn í, ferðamannasprengjan og gott gengi í fiskveiðum.“

Óttaðist þú að mótmælin færu úr böndunum?

„Þau gerðu það og fólk gerði árás inn í þinghúsið. Ég vissi ekki hvar þetta myndi enda og hafði áhyggjur af þessu. Ég hafði líka samúð með því fólk sem lenti illa í hruninu, og ekki aðeins þeim sem stóðu úti á Austurvelli. Ég óttaðist það ekki að út myndu bresta blóðug átök en áttaði mig á því að þetta var alvarlegasta tímabil sem íslenska þjóðin hefði gengið í gegnum. Þetta hafði áhrif á alla sem störfuðu í þinginu og fólk grét þar innanhúss. En það var ekki hægt

að gera neitt samstundis, þetta tók allt tíma. Mér fannst þetta vera hugrekki hjá þeim sem stóðu vaktina í ríkisstjórninni á þessum tíma. Jóhanna stóð fyrir sínu.“

Vorið 2009 sá Ellert sína sæng upp reidda og ákvað að best væri að hleypa nýju fólk að til að takast á við uppbygginguna eftir hrunið.

Stærsta stundin að ganga út á Anfield

Ekki er hægt að sleppa Ellerti án þess að ræða um fótboltann. Hann lék allan ferilinn með sínu heittelskaða KR, var fyrirliði, raðaði inn mörkunum og vann fjölda titla. Markametið átti hann í um hálfra öld og skorað samanlagt 119 mörk.

Var þetta rokkstjörnulíf?

„Það var náttúrulega ekki mikið sýnt í sjónvarpi. Þannig að við vorum ekki frægar stjórnur, nema bara hjá sumum. En við vorum með mjög gott lið og unnum ▶

J&S Watch co.
REYKJAVÍK



GEFÐU ÞEIM SEM ÞÉR ÞYKIR
VÆNT UM TÍMA UM JÓLIN

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



Ekki hægt að dæma allt Alþingi og þá sem þar sitja fyrir þessa ógæfu sem sumir hafa kallað yfir sig

alla leiki. Í þessu liði voru ekki aðeins frábærir knattspyrnumenn heldur sterkir karakterar. Margir af þessum mönnum eru látnir, en við, sem eftir erum, erum góðir vinir og hittumst við og við.“

Á þessum tíma spilaði KR fyrst íslenskra liða í Evrópukeppni. Ellert segir að strákarnir í liðinu hafi þvingað þá ákvörðun í gegn hjá Knattspyrnusambandinu, árið 1964. Þar mættu þeir enska liðinu Liverpool, heima og úti.

„Við töpuðum báðum leikjunum en þetta voru stórir viðburðir. Hérna í Laugardalnum var upp-

selt. Síðan héldum við út til Liverpool. Það er mitt besta afrek á ferlinum að vera fyrirlíði KR og ganga framán 45 þúsund manns. Ég mun aldrei gleyma þessari stund. Við töldum okkur vera komna meðal þeirra allra bestu. Sem við sannlega vorum.“

Voru einhverjir peningar í fótboltanum á þessum tíma?

„Nei, það var aldrei til króna fyrir eitt né neitt. Við fórum með búningana okkar heim til að þvo þá,“ segir Ellert og brosir.

Lengi framán af spilaði Ellert



vinstra megin og svo á miðjunni. Síðustu árin færðist hann aftur í miðvörðinn og að eigin sögn var hann bestur þar. Þegar Ellert hætti að spila 1971, nýkjörinn á þing, fór KR liðinu að ganga heldur brösuglega. Þá sneri hann aftur til þess að bjarga liðinu frá falli og var kosinn knattspyrnumaður ársins.

Spilaðir þú hinn alræmda 14-2 leik við Dani?

„Nei, ég var svo heppinn að vera heima þegar þessi leikur fór fram. Þá var ég nýrðinn skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg og gaf ekki kost á mér í þennan leik. Þeir vildu heldur ekki hafa mig, því þeir voru að skipta mönnum út og prófa nýja hluti.“

Þremur árum síðar, árið 1970, komu Danirnir hingað til Íslands og léku landsleik í Laugardalnum. Þá var Ellert fyrirlíði og aftasti maður í vörn og leiknum lauk með 0-0 jafntefli.

„Við hefðum átt að vinna hann og en náðum samt hefndum,“ segir Ellert ákveðinn.

Þú hefur verið lengi starfandi innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Áttir þú von á að Ísland gæti náð jafn langt, bæði í karla- og kvennaaflokki, eins og raun ber vitni?

„Nei. Mér hefði aldrei dottið það í hug að við kæmumst alla leið í úrslitakeppni. Hér áður fyrr vorum við vissulega góðir, en við vorum áhugamenn og gerðum okkur grein fyrir því að við myndum aldrei komast í efstu röð. Þessi árangur núna hlýtur að vera einhvers konar heimsmet, bæði hjá stúlkunum og piltunum. Ég er auðvitað mjög hreykinn af þeim. Það er ekki víst að þetta gerist nokkurn tímann aftur. En í dag getum við borið höfuðið hátt og sagst vera með þeim bestu. Sem við erum.“

Hvergi nærri hættur

Ellert hefur á langri ævi náð árangri á mörgum sviðum og átt gæfuríkan feril. Hann er þó fyrst og fremst fjölskyldumaður og hans mesta stolt í lífinu eru börnin og barnabörnin.

„Ég er þakklátur fyrir allt og hef sloppið nokkuð vel frá því að vera leiðinlegur og að gera eitt-hvað af mér. Ég hef verið heppinn með vini og störf, en er ekki nærri hættur að lifa lífinu lifandi.“

Hann er við hestaheilsu og vel á sig kominn þrátt fyrir aldurinn. Þegar við náðum tali af Ellerti var hann nýkominn úr líkamsrækt.

„Ávallt hef ég hugsað vel um heilsuna, bæði líkamlega og andlega. Ég hreyfi mig og nýt góðs af því að hafa verið í íþróttum. Ég hef nóg að gera við að sinna fjölskyldunni og starfið í Félagi eldri borgara hefur gefið mér nýtt líf.“ ■

FULLKOMIN JÓLAGJÖF FYRIR HVERN SEM ER

Óskaskrín er gjöfin sem höfðar til allra. Þú getur valið úr fjölmörgum upplifunum handa þeim sem þér þykir vænt um og fært þeim ógleymanlegar minningar um jólin.

Það er auðvelt að gleðja með Óskaskrín.



PERMAN

Eymundsson

HAGKAUP
Ein ferskari vers

Sími 577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Þorlákssmessa

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

VERSLUNIN MÓÐURÁST BÝÐUR UPP Á ALLT FYRIR UNGBARNIÐ:

Hentugar gjafir í jólapakkann



Verslunin Móðurást á sér merkilega for sögu en eigandinn, Guðrún Jónasdóttir, hóf árið 1992 að kaupa brjóstadætur og leigja þær út. „Ég eignaðist fyrirbura 1987 og upp úr því stofnuðum við nokkur stuðningshóp fyrir fyrirburaforeldra og þá áttaði ég mig á því að þetta vantaði. Ég fór því að kaupa mjaltavélar dýrum dómum og leigja þær út,” segir Guðrún.

Hér var því um sannkallaða frumkvöðlastarfsemi að ræða sem rekin var af hugsjón. „Svona var enginn að gera á Íslandi og ég gerði mér fljótt grein fyrir því að það vantaði mikið upp á þjónustuna við mæður nýfæddra barna.”

Starfsemin tók smám saman að vaxa og breikka og Guðrún fór að selja ýmsan skyldan varning. Fyrst var hún bara með þetta heima hjá sér en árið 2002 stofnaði hún verslunina Móðurást sem í dag er bæði verslun við Laugaveg 178 og vefverslun.

Í versluninni fást ýmsar ungbarnavörur, sem henta vel fyrir börn frá fæðingu fram á annað ár, allt frá snuðum, leikföngum og fatnaði, til Silvercross-barnavagna og kerra,

svo eitthvað sé nefnt. Þroskaleikföng frá Lamaze og Chicco eru vinsæl til jólagjafa. Dúkkann Lottie er einnig vinsæl fyrir eldri börn, hún er í réttum stærðarhlutföllum og einnig fæst fjöldi fylgihluta fyrir hana.

Fyrir mæður með börn á brjósti fæst mikið úrval af undirfatnaði, auk þess sem mjaltavélar og ungbarnavogir eru leigðar út.

„Ég veiti líka brjóstgjafarráðgjöf fyrir konur sem þurfa á slíku að halda en ég er menntaður brjóstgjafarráðgjafi. Sérhæfing mín felst í þessu ásamt því að ég sel allt sem snertir brjóstgjöf, allt sem gæti þurft við mismunandi aðstæður við brjóstgjöf,” segir Guðrún, sem segir starfið mjög gefandi og hún sé lánsöm að fá að starfa við áhugamál sitt og hugsjón, ekki séu allir svo heppnir.

Móðurást er við Laugaveg 178, við hliðina á gamla útvarpshúsinu, síminn er 564-1451, heimasíðan: modurast.is og netfangið modurast@modurast.is

Opnunartími er mánudaga–föstudaga frá kl. 11 til 18 og laugardaga frá 12 til 16. Laugardaginn 22. desember og sunnudaginn 23. desember er opið kl. 12–18. ■





Húfur og hanskar í stíl, koma líka í svörtu, verð kr. 4.990.- stk.

Húfur með glimmeri og flisfóðri kr. 5.990.-

Hjá okkur eru jólin í Stíl!

Við stelpurnar í tískuversluninni Stíll, Síðumúla, erum komnar í feikna jólaskap, spilum jólalög allan liðlangan daginn og erum búnar að skreyta allt hátt og lágt. Svo erum við að sjálfsögðu með frábært úrval af jólakjólum og öðrum fallegum, hátíðlegum fatnaði. Einnig erum við

með fallegar vörur eins og klúta, trefla, belti og aðra fylgihluti sem gaman er að gefa í jólagjafir." Komdu og skoðaðu úrvalið í versluninni Stíll, Síðumúla 34, 108 Reykjavík.
Sími: 551-4884
Nánari upplýsingar á Facebook-síðunni stillfashion. ■



Töff leðurskór með skinn við hæl, 3 litir, kr. 21.990.-



Silkislæður, falleg munstur og litir kr. 3.990.-



Skemmtilegar lyklakippur, ekta skinn kr. 7.990.- (koma í fallegum kassa)



Dásamlegur bleikur kjól, kr.19.990.- (einnig til styttri)



Fallegur blár kjóll, kr. 19.990.- (einnig til styttri)



Lúxus jólagjöfin! Pels, ekta skinn (silki-lamb) kr. 130.000.-, leðurleggings kr. 54.990.-, kjóll kr. 16.990.- og hálsmen, ekta swarovski-perlur, silfur festing, íslensk hönnun „Divine Love“ kr. 14.990.-

TÓNASTÖÐIN SKIPHOLTI:

Rótgróin en síung

Frjá því hjónakornin Andrés og Hrönn stofnuðu fjölskyldufyrirtækið Tónastöðina árið 1987 hafa þau aðstoðað tónlistarmenn, jafnt unga sem aldna, við val á hljóðfærum og nótum, fyrst við Óðinstorg en seinustu 15 árin að Skipholti 50d þar sem verslunin er til húsa. „Þetta er ein elsta hljóðfæraverslun landsins og stundum grínast ég með að við eigum líklega elstu kennitöluna í bransanum,” segir Andrés.

Þekking og reynsla

Á þeim árum sem Tónastöðin hefur verið starfrækt hefur skapast mikil reynsla og þekking hjá í fyrirtækinu. „Allir sem hér starfa eru með yfirgripsmikla þekkingu og hafa annaðhvort kennt lengi eða starfað lengi í þessum bransa. Við aðstoðum alla sem hingað koma, jafnt áhugamenn sem atvinnumenn, í öllu sem viðvikur tónlistariðkun,” segir Andrés.

Það besta verður ávallt ódýrast

Í dag kostar furðulitinn pening að koma sér upp góðum búnaði til þess að að spila og taka upp tónlist og ættu flestir sem hafa áhuga á að geta gert það. „Við höfum líka alltaf lagt ríka áherslu á gæði ekki síður en gott verð. Kjörorð okkar eru enda þau að það besta verður ávallt ódýrast, því bestu kaupin eru í hlutum sem endast og reynast vel í langan tíma,” segir Andrés og bendir á að hljóðfæri og upptökubúnaður séu gjafir sem endist og séu því margfaldlega peninganna virði: „Góðir íþróttaskór kosta tugi þúsunda og endast árið en góður gítar getur enst alla ævi.”

Andrés bendir á að hljóðfæri í Tónastöðinni séu almennt á góðu verði miðað við löndin í kring. „Kennarar hafa m.a. komið frá Noregi og Skotlandi til að kaupa nótnabækur og segjast hvergi komast í betri nótnaverslanir í sínum heimalöndum. Einnig kaupa ferðamenn töluvert af hljóðfærum, þá sérstaklega dýrari hljóðfæri.”

Aldrei og seint eða of snemmt að byrja að læra

Andrés bendir á það sé mikilvægt að offjórfa ekki þegar tónlistamenn taka fyrstu skrefin, en jafnframt að gæðin verði að vera nógu mikil til að þeir verði ekki fyrir vonbrigðum. „Við leggjum áherslu á að þjónusta alla, börn, byrjendur og lengra komna á öllum aldri. Hér er til dæmis gott úrval af hljóðfærum sem eru sérsniðin fyrir börn þ.e. eru í réttum hlutföllum við stærð barnanna. Að sjálfsögðu ráðleggjum við foreldr-

um hvað passar hverju barni hvað varðar gæði og stærð,” segir Andrés.

Tónastöðin er einnig með gott úrval af hljóðfærum fyrir örvhenta. „Viðskiptavinir Tónastöðvarinnar eru á öllum aldri, jafnt ungir sem aldri. Þetta fólk er mjög mislangt komið í tónlistinni og okkur finnst sérstaklega gaman að fá eldra fólk hingað, sem hefur kannski aldrei snert hljóðfæri, og er að stíga sín fyrstu skref í tónlistinni,” segir Andrés og bendir á að það sé aldrei of seint að byrja að læra.

Gífurlegt úrval og góð þjónusta

„Við erum stolt af því að eiga mesta úrval af nótnabókum á landinu. Hér fást margar þúsundir titla og ættu flestir geta fundið nótur að uppáhaldslögunum sínum. Hér fást líka allar tegundir hljóðfæra. Við erum með trommur, píanó, gítara, rafmagnsgítara, upptökutæki, magnara og svo margt fleira, úrvalið hefur aldrei verið meira.”

Hvað á svo að gefa í jólagjöf?

Fyrir þá sem eru farnir að hugsa til hátíðanna þá eru gjafabréf í Tónastöðinni ávallt vinsæl enda svo margt til þar sem gleður tónlistarmenn og tónlistaráhugafólk. Gjafabréfin er hægt að fá með upphæð að eigin vali. Einnig er auðvelt að skipta út vörum ef það heppilegasta hefur ekki verið valið.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.tonastodin.is og á Facebook-síðunni Tónastöðin Skipholti 50d, Reykjavík, Sími: 552-1185 Netfang: tonastodin@tonastodin.is





Isendingar verða sífellt opnari og spenntari fyrir sælkeramatseld og frönsk matargerð er ein af þeim áhugaverðari sem fyrirfinnst. Það er óneitanlega tilvalið að skipta út flatbökkunni eða sósuðum hamborgara fyrir ristað súrdeigsbrauð með ljúffengri hágvæða lifrarkæfu eða dásamlegu terrine. „Í sælkerabúðinni okkar bjóðum við upp á viðfeðmt úrval af frönskum sælkerakrásum, á mjög góðu verði, sem myndu sóma sér á hvaða matarborði sem er við öll tilefni,“ segir Arnaud-Pierre Fourtané, sem eigandi HYALIN ásamt Didier Fitan.

Jólakrásir

„Nú fyrir jólin höfum við valið að leggja áherslu á hefðbundnar og ljúffengar franskar sælkeravörur svo sem foie gras, andaconfit og truffluvarning. Við bjóðum einnig upp á gott úrval af súkkulaði, bæði í plötum og súkkulaðitrufflur, saltaðar rjómakaramellur frá Bretaniuskaganum og mjúkt núggat frá Provence-héraðinu. Einnig erum við með ýmiss konar sinnep og sósur sem passa með hverjum rétti fyrir sig eins og piparrótarsinnep, wasabi-majones, bearnaise- og tartarsósur,“ segir Arnaud.

Hverju mælirðu sérstaklega með sem forrétt á aðfangadag?

„Margir kunnar okkar hafa sýnt töluverðan áhuga á Búrgúndi-sniglum og að sjálfsgöðu viljum við uppfylla óskir viðskipavina okkar. Við höfum valið að selja hjá okkur háklassa snigla frá þriggja Michelin stjörnu kokknum Georges Blanc og á vefsíðunni okkar má finna frábæra uppskrift, hvernig má matreiða þessa gæðavöru. Uppskriftin er auðveld, ljúffeng og kemur aldeilis á óvart. Fyrir þá sem eru minna ævintýragjarnir mælum við með gómsætu humarsúpunni okkar (með koniakslettu að sjálfsgöðu) eða einhverjum af ljúffengu



andapatéunum okkar til þess að byrja hinn fullkomna hátíðarkvöldverð,“ segir Arnaud.

Gómsætar gjafir

Það er alltaf gaman að gefa og þiggja gómsætar jólagjafir frá vinum og vandamönnum. „Ég mæli sérstaklega með bragðgóðu sultunum okkar frá La Chambre aux Confiture í smágjafir. Einnig erum við með fullt af dásamlegu hunangi frá Hédène Paris og hefðbundnar engiferkökur frá Maison Toussaint. Engiferbrauðið er til að mynda guðdómlegt með sneið af andalifrarkæfu. Gómsætu ólífuolíurnar okkar frá Kalios, Grikklandi, eru tilvaldar í jólapakkann í staðinn fyrir hefðbundna vínflösku og munu án efa færa alla matseld þiggjanda upp í hæstu hæðir,“ segir Arnaud.

HYALIN er staðsett að Hverfisgötu 35, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á <https://www.hyalin-reykjavik.com/home>

Facebook: <https://www.facebook.com/hyalin.reykjavik/> ■



Spennandi salt sem skemmtilegt er að leika sér með í matargerðinni



URTA ISLANDICA:

Sælkeravörur úr íslenskri náttúru

Urta Islandica er spennandi nýtt fyrirtæki með úrval af áhuga-verðum vörum sem gaman er að prófa sig áfram með. „Það nýjasta hjá okkur núna er sýróp sem við framleiðum úr íslenskum jarðsjó. Sýrópið má nota í ýmsa matargerð og eins og allt sem við framleiðum hér hjá Urta, hentar það sérstaklega vel í klassíska íslenska matseld. Okkur finnst fátt skemmtilegra en að taka hefðbundnar íslenskar matvörur, snúa aðeins upp á þær og endurhugsa,“ segir Guðbjörg Lára Sigurðardóttir, markaðsstjóri Urta.

Fyrirtæki í sífældri þróun

Urta hefur þróast mjög í kringum ferðamannastrauminn en undanfarið hefur fyrirtækið verið að vinna sig í átt að útflutningi og er það næsta skref. „Við sérhæfum okkur í framleiðslu á matargjafavöru úr íslenskum jurtum og berjum. Síðan framleiðum við íslensk jurtakryddsölt þar sem við blöndum berjunum og jurtunum við saltið. Þetta er allt handtínt og pakkað. Við erum sem sagt með jurtakryddsölt, sýróp, sultur, kex og jurtate – og nær vörulínan okkar yfir 200 vörutegundir,“ segir Lára. Hún segir frá því að sýrópið frá Urta Islandica sé mjög vinsælt í t.d. kokteilgerð á veitingastöðum og kaffi eða eftirréttagerð.

Fæst um land allt

Urta Islandica er með starfsstöðvar á þremur stöðum og selur vörur sínar í verslanir um allt land. Auk þess er vefverslun á síðunni urta.is þar sem jafnframt má fræðast um fyrirtækið og vörurnar. Urta Islandica er ekta fjölskyldufyrirtæki en stofnendur eru hjónin Þóra Þórisdóttir og Sigurður Magnússon. Á heimili þeirra hjóna að Austurgötu 47 í Hafnarfirði var fyrirtækið stofnað og þar er ennþá tilraunaeldhús, skrifstofa og verslun. Lára, dóttir þeirra, sér um markaðsmál og hönnun en bræður hennar tveir sjá um vélar og framleiðsluna. Þá eru einnig fimm aðrir starfsmenn í Urta-fjölskyldunni.

„Við erum með flotta framleiðslu- aðstöðu að Básvegi 10 í Reykjanesbæ og þar getur fólk fengið að horfa inn í framleiðsluferlið jafnframt því að



skoða vöruúrvalið í verslun okkar á staðnum. Verslunin og framleiðslan á Básvegi gengur undir nafninu Sjóbúð, en þar eru framleidd öll okkar jurtakryddsölt, jurtasýróp, sultur og þar erum við einnig með okkar eigin borholu með íslenskum matvælavottuðum jarðsjó. Önnur framleiðslustöð er síðan að Hafnarbraut 11 á Höfn í Hornafirði, í gömlu sundlaug Hornfirðinga, þar fer fram öll jurtavinnsla og framleiðsla á jurtatei.

Nýjar og hentugar umbúðir

Margir þekkja saltið frá Urta en nú er hægt að fá það í hentugum nýjum umbúðum með áfasteri saltkörn. „Það hefur aldrei verið auðveldara að strá þara-hvítlauksaltinu okkar á bökudu kartöfluna eða, lakkrissalti yfir súkkulaðibúðinginn,“ segir Lára. „Nú er einnig hægt að fá jurtakrydd Urta í hrististaukum með strágötum. Vinsælasta afurðin okkar er jurtakryddsaltið, Black Lava salt, sem fer einfaldlega vel með öllum mat ásamt því að líta glæsilega út.“

Vörulínur Urta eru fjölbreyttar og það ættu allir geta fundið sitt uppáhald. Fyrirtækið er í stanslausri þróun og búast má við spennandi nýjungum frá því í framtíðinni.

Sjá nánar á urta.is
Facebook
Instagram
Netpóstur: urta@urta.is ■

Ómengaður íslenskur jarðsjó



Girnilegt jurtate í fallegum pakkningum



Girnilegt jurtakrydd



HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR:

Skemmtileg og öðruvísi gjöf sem heldur áfram að gefa

Ágjafabréfasiðu Hjálparstarfs kirkjunnar, gjofsemgefur.is, finnur þú frumlega og skemmtilega gjöf fyrir vini og ættingja og um leið styrkir þú – og sá sem gjafabréfið fær – fjölskyldu sem býr við erfiðar aðstæður hvort sem er hér heima á Íslandi eða á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar erlendis.

Þegar þú kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is byrjar þú á því að velja gjöf og skrifar svo kveðju á gjafabréfið til viðtakanda þess. Í næsta skrefi getur þú valið að fá gjafabréfið sent til þín með tölvupósti til að prenta út heima. En þú getur líka valið að fá það prentað á silkipappír á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar á Háaleitisbraut 66 í Reykjavík og að það verði sent beint til viðtakanda.

Unnið með fólki

„Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar þar sem þörfin er mest og alltaf í samstarfi við fólkið sem aðstoðina fær og staðbundin hjálparsamtök á svæðunum þar sem við vinnum. Það fólki þekkir best vandann sem glímt er við og leiðir til að leysa hann. Okkar hugmyndum og lausnum er ekki þröngvað upp á fólki og þess vegna eru allar gjafirnar á gjofsemgefur.is eitthvað sem örugg-

lega vantar og örugglega kemur að gagni,” segir Kristín Ólafsdóttir, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hvert fer andvirði gjafabréfsins?

„Þegar fólk kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is ákveður það í hvað peningarnir fara en til þess að áhugi okkar verði ekki þörfinni yfirsterkari höfum við sett gjafirnar saman í flokka. Þannig er hægt að hafa nauðsynlegan sveigjanleika í stuðningi okkar við þá sem þurfa á hjálp okkar að halda,” segir Kristín.

„Ef þú kaupir gjafabréfið Geit handa vini eða ættingja geturðu verið viss um að andvirði þess fer beint í húsdýra- og jarðræktarverkefni okkar. Þegar allir sem eiga að fá geit, samkvæmt áætlun verkefnisins, hafa fengið hana fer peningurinn næst í að kaupa verkfæri og fræ og svo framvegis. Eins ef þú kaupir Vatn fyrir 20 manns þá veistu að fyrir þína peninga verður fólki útvegað hreint vatn eða annað það sem stuðlar að betri heilsu þess. Við gröfum brunna og vatnsþrær og setjum upp vatnstanka. En þegar því er lokið samkvæmt áætlun hvers árs, fara peningarnir í fræðslu um mikilvægi hreinlætis og hvernig hægt er að koma í veg fyrir smitsjúkdóma.“ ■



www.gjofsemgefur.is



www.gjofsemgefur.is



Kveðjurnar sem fólk skrifar á gjafabréfin eru margskonar. Þær eru hlýlegar, fyndnar, einlæggar og jafnvel í vísuformi, allt eftir tilefninu, fólkinu sem gefur og fólkinu sem fær gjafabréfin. Nýleg kveðja hljóðar svona: Kæra afmælisbarn! Við vonum að þessi afmælisgjöf megi gleðja þig jafnt sem þá sem hennar njóta. Megi komandi ár verða þér gæfurik.

Á gjofsemgefur.is eru yfir fjörutíu mismunandi gjafabréf en hvert þeirra lýsir verkþætti í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi og á verkefnasvæðum erlendis.

Magaverkirnir hurfu og orkan kom tilbaka

ÖFLUGU MELTINGARENSÍMIN FRÁ ENZYMEDICA GETA BÆTT MELTINGUNA, KOMIÐ REGLU Á HÆGÐIR OG GEFIÐ OKKUR AUKNA ORKU. EINUNGIS EITT HYLKI ÞARF TIL AÐ FINNA MUNINN.

Færðu í magann, uppþembu og loft þegar þú borðar steik? Verki ef þú leyfir þér smá mjólkurvörur? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki eftir máltíðir en vita ekki af hverju. Afar líklegt er að þetta tengist skorti á meltingarensímum, sem er algengt vandamál því þau sjá um niðurbrot fæðunnar.

Ensim brjóta niður fæðuna

Meltingarensim eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munnum. Þar eru fyrstu meltingarensímum sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum



við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Stundum gerist það þegar við borðum of mikið og/eda að samsetning matarins er slæm að líkaminn nær ekki að „lesa skilaboðin rétt“ eda getur ekki framleitt nægilega mikið af ensímum. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu, fæðuþoli eda öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki



Barbara Kresfelder, 50 ára, móðir tveggja unglingsdregja.

þá næringu sem maturinn á að skila okkur.

Kraftaverk í einu hylki

Barbara Kresfelder hefur um árabíl verið í vandræðum vegna magaónota og meltingarvandamála. Hún er endalaust að leita leiða til að bæta ástandið, ýmist með því að bæta inn ákveðinni fæðu og/eda taka út. Árangurinn hefur verið misjafn en ekkert hefur þó leyst nein vandamál þó svo að þau minnki, a.m.k. tímabundið.

Öll ensím frá Enzymedica eru á góðum afslætti út allan desember. Við viljum að sem flestir prófi, því þetta er snilldarvara.

„Digest Gold frá Enzymedica hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég verð oft uppþembd og fæ magaónot eftir máltíðir og þá sérstaklega eftir að hafa borðað mat eins og pítsu, reyktan mat og marineraða sild.

Ég tek eitt hylki rétt fyrir máltíð og nú finn ekki fyrir neinum ónotum eftir á. Stundum gleymi ég að taka ensím fyrir matinn og hef þá tekið töflu strax eftir máltíð í þeirri von að það hjálpi, sem það gerir, þó kannski ekki alveg jafn öflugt og þegar ég tek það fyrir mat. Ég tek alltaf töflu fyrir morgunmat og hefur það komið reglu á salernisferðir hjá mér. Þvílíkur bónus sem það er.“

Meltingarónot og -truflanir hafa í flestum tilfellum áhrif á hægðir og finnur Barbara einnig fyrir miklum mun hvað það varðar:

„Ég lenti einnig í vandræðum eftir flestallar máltíðir og hef verið með niðurgang. Nú er það vandamál úr sögunni og ég sveiflast ekki milli þess að vera alltaf á klósettinu – eda næstum aldrei.“

Hverja vantar meltingarensim?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið viðtæk og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur
- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

„Digest Gold frá Enzymedica hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég verð oft uppþembd og fæ magaónot eftir mat eins og pítsu, reyktan mat og marineraða sild. Eitt hylki rétt fyrir máltíð og vandamálið er úr sögunni“

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensim geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreysti og vellíðan.

Nokkrar staðreyndir um ensim

- Ensim taka þátt í hverju einasta efnafræðilegu ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensim hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensim á bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuþols.
- Ensim á bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemi umfram bættu meltingu.
- Ensim geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.
- Með inntöku getur fólk skilað meira frá sér en áður, og reglulegar, og hungurtífling minnkar eda hverfur því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur.
- Orkan eykst og geta ensim hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

SÖLUSTAÐIR:
APÓTEK, HEILSUHÚS OG
HEILSUHILLUR VERSLANA

ÖLL ENSÍMIN FRÁ ENZYMEDICA ERU Á MJÖG GÓÐUM AFSLÆTTI ÚT DESEMBER. VIÐ VILJUM AÐ SEM FLESTIR PRÓFI ÞVÍ ÞETTA ER SNILLDAR VARA!



Hair Volume vítamínhlaup fyrir -hár, húð og neglur fullkomið með í jólapakkann

Bragðgód vítamínhlaup sem

- næra hárið innan frá
- minnkar hárlos
- hefur góð áhrif á neglur og húð
- styrkir og viðheldur heilbrigðu hárið

Frábært verð

Góð gjöf til vinkonu dóttur systur

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

Stundileg jól og far kon



VélRás


SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

ÞJÓTANDI
Verktakar/vélaleiga
☎ 893 9190


ÍRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR



Þorsælt mandi ár



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS






Jólagjöfin fæst í graf

Íslensk hönnun íslensk framleiðsla

**Sérhönnun og
sérmerkingar í boði**



Opnunartími fram að jólum

virka daga fram að jólum
09:00-17:00
Laugardagur 22. Des
12:00-18:00
Þorláksmessa 23. Des
12:00-18:00

Ætlar að mynda ónæmi gegn skötufnyknum!

Jónas Sig heldur útgáfutónleika í Gamla Bíói 23. des. ásamt friðum flokki

Okkar landsþekkti Jónas Sig var að gefa út plötuna *Milda hjartað*. Nafnið segir hann koma út frá hnattrænni þörf á almennri mildi sem gæti mögulega bjargað heiminum. Ásamt friðu föruneysi mun hann halda heljarinnar útgáfutónleikaveislu í Gamla Bíói á Þorláksmessu og er hann að sögn gífurlega spenntur að fá að spila nýtt efni fyrir eftirvæntingarfulla tónleikagesti. Blaðamaður tók Jónas Sig, tali og spurði hann fáeinna spurninga.

Til hamingju með plötuna! Viltu segja aðeins frá henni?

„Takk! Ég er búinn að vera að vinna þessa plötu síðustu tvö ár í góðri samvinnu við vin minn, Ómar Guðjónsson, sem stýrði upptökum. Mig langaði svo að gera „singer/songwriter“-plötu eins og menn gerðu hérna áður fyrr þar sem aðaláherslan var á sterkar lagasmíðar, frásögn og ríkan boðskap. Helst tekið upp sem mest í heilu lagi með hljómveit þar sem áhersla er lögð á lífandi spilamennsku og mikið pláss fyrir sönginn/sögumann. Að auki hefur mig lengi langað að vinna með þetta þema. Þessa hugmynd um mildi sem ég tel vera orðið mikilvægasta fyrirbærið sem gæti mögulega bjargað mannkyninu og með því heiminum okkar. Að temja sér mildi og hlýju. Að það sé ekki veikleiki að vera mildur með opið hjarta. Að fólk geti verið sterkt en á sama tíma með milt og opið hjarta. Platan er að skoða þetta út frá mismunandi sjónarhornum,“ segir Jónas.

*Lagið „Dansíði“ á plötunni *Milda hjartað* með Jónasi sig.*

Mega aðdáendur búast við sambærilegu efni á nýju plötunni?

„Ég myndi segja að hljómurinn væri frábrugðinn. Ég hef áður unnið meira í stúdíóinu við að leggja niður rásir til að gera hljóminn eins þéttann og feitan og mögulegt er. Stundum hef ég yfirhlaðið lögin í framleiðslunni af því að mér finnst það gaman og kann að meta svoleiðis vinnubrögð. Þannig getur myndast mikill kraftur. Þá hef ég líka áður unnið mikið með sterkan brasshljóm og kraftmikla stóra hljómsveit undir nafninu „Ritvélar framtíðarinnar“. Nýja platan er hins vegar klassísk sólóplata, svolítið í ætt við fyrstu plötuna sem ég gerði undir eigin nafni. Hún er strípaðri og einfaldari. Það er auðveldara að setja hana á fóninn og taka hana beint inn í hjartað. Ég hugsaði hana allavega þannig. Ég vona að það sé að virka.“

Hvernig hefur fólk tekið við sér og hefur platan selst vel fyrir jólin?

„Sölutölur í dag eru töluvert öðruvísi en maður átti að venjast hérna áður í plötusölu. En í staðinn þá er komin mikil dreifing á netinu eins og Spotify og annað. Ég verð að segja að platan hefur fengið frábærar viðtökur, framúrskarandi góða umfjöllun og mikið er verið að hlusta og tékka á henni. Það verður svo gaman að sjá hvernig það þróast áfram með tímanum.“

Nú verða útgáfutónleikar í Gamla Bíói þann 23. des. Er ekki gífurleg eftirvænting í liðinu?

„Jú, heldur betur! Sérstaklega í



ljósi þess að við ákváðum að halda einu tónleikana okkar í bænum, sjálfa útgáfutónleika plötunnar, á Þorláksmessu. Við höfum hingað til verið með léttu og vel heppnaða tónleika á Hard Rock Café á Þorláksmessu sem hefur selst upp á síðustu ár, en ákváðum að breyta til núna í kjölfar nýju plötunnar og slá saman í útgáfutónleika. Þá þurftum við auðvitað að færa okkur í annað rými með herlegheitin, þannig að þessir tónleikar fara fram í Gamla Bíói. Vitandi hversu margir biða spenntir eftir tónleikum í bænum þá er komin mikil tilhlökkun í gengið fyrir þessum tónleikum.“

Hvernig ætlið þið að tækla skötufnykinn frá gestum?

„Ætli við skellum okkur ekki á bara á skötuþlaðborð sjálfir og myndum skötufnyks-ónæmi!“

Verða þetta ekki flottir tónleikar?

„Við lofum því. Án grins! Við höfum þvælst um landið undanfarið og erum búnir að spila útgáfutónleikaröðina í Þorlákshöfn, Karlsstöðum í Berufirði, Egilsstöðum, Grindavík, Akranesi, Akureyri og Siglufirði. Þetta eru auðvitað allt ægífagrir staðir og langflestir með gullfallegt útsýni yfir hafið sem er gríðarlega stór hluti af menningarlífi hvers samfélags. Það er mikil spilagleði og falleg vinátta í hópnum og við erum mjög spennt að spila í Gamla Bíói. Það er síðan toppurinn að eiga þessa upplifun og deila með tónleikagestum hvert sinnið.“

Nældu þér í miða á útgáfutónleika Jónasar Sig á midi.is sunnudaginn 23. desember kl. 22.00 í Gamla Bíói.





STEFAN B. CHOCOLATIER:

Guðdómleg ofurfæða á jólnunum

Flestum þykir gott að narta smá í súkkulaði eða ljúffenga konfektmola yfir hátíðarnar. Þegar fólk lætur slíkt eftir sér er tilvalið að hafa það dálítið spari og hafa það virkilega vandað og gott. Í verslun Stefáns að Laugavegi 72, Reykjavík, er að finna guðdómlegt handgert súkkulaði frá einum fremsta súkkulaðimeistara landsins. Stefán er svokallaður „chocolatier“ sem merkir að hann vinnur súkkulaði- og konfekturfurðir úr súkkulaðimassa. Hráefnið í afurðir sínar fær hann frá Kólumbíu.

Súkkulaði: ofurfæða guðanna

Í verslun Stefáns er að finna gott úrval af bæði súkkulaðiplötum og konfektum. Eins og flestir vita er súkkulaði eða kakó í edli sínu mjög holl afurð, sannkölluð ofurfæða, en sykurinn er síður hollur. Hann er settur í súkkulaði til að gera það sætt á bragðið, en algjörlega ósætt súkkulaði getur verið svolítið biturt. Í verslun Stefáns er lögð áhersla á úrval og því má fá allt frá 60% súkkulaði með töluverðu sykurmagni upp í algerlega sykurlaust 100% hreint súkkulaði. „Við erum með um 200 gerðir af súkkulaðiplötum og um 25–30 gerðir af konfektum. 85% súkkulaðið hjá okkur er mjög vinsælt og frekar hollt, enda ekki mikið af sykri í því. Þeir allra hörðustu fara upp í 90% og jafnvel 100%, en það hentar þar að auki vel til matargerðar,“ segir Stefán og bætur við að verslunin bjóði einnig upp á sykurlaust súkkulaði. „Margir vilja af ýmsum ástæðum sætt súkkulaði en engan sykur. Þá er notað malital í staðinn fyrir sykurinn og fæst þetta súkkulaði í ýmsum bragðtegundum, allt frá hefðbundnu dökku súkkulaði yfir í súkkulaði með engiferbragði,“ segir Stefán.

Heitt súkkulaði með engri fyrirhöfn

Á köldum vetrardögum er fátt notalegra en að hræra sér í heitt

súkkulaði. Hjá Stefáni B. fæst stórsniðug vara til þess að búa til hið fullkomna heita súkkulaði með minnstu fyrirhöfn. „Þetta eru teskeiðar sem búið er að steypa í súkkulaðikubba. Þessu er svo skellt í heita mjólk og hrært í. Súkkulaðið bráðnar út í mjólkina og maður er kominn með þetta fina heita súkkulaði með engri fyrirhöfn.“

Það er bæði hægt að fá þetta í mismunandi súkkulaðistyrkleika, en svo geri ég líka jólafigúrur. Jólafigúrurnar hafa t.d. verið vinsælar sem gjafir í skóinn. Ekki skemmir svo fyrir hvað það er gott súkkulaðið í þessu,“ segir Stefán.

Salt og sætt, hin fullkomna blanda

Spurður um hvað séu vinsælustu afurðirnar segir Stefán að súkkulaði með sjávarsalti hafi slegið rækilega í gegn. „Sjálfum finnst mér saltið fara betur í dökku súkkulaði því það spilar mjög vel á móti biturleikanum í því, en ég býð að sjálfsögðu upp á bæði ljóst og dökkt,“ segir Stefán. Íslendingarnir eru einnig að vanda sólgnir í súkkulaði með lakkris. Stefán hefur þróað dásamlegt, dökkt súkkulaði með lakkrisbragði í staðinn fyrir lakkrisbita. „Erlendu ferðamennirnir sem koma í verslunina sneiða oftast hjá lakkrissúkkulaðinu enda er það séríslenskur síður að blanda saman súkkulaði og lakkris,“ segir Stefán.

Handgerða konfektid frá Stefan B. Chocolatier er síðan fullkomin gjöf í jólapakkann. „Við bjóðum upp á úrval af jólakörfum, konfektkössum og konfektum í sellófanpakkningum fyrir alla þá sem vilja gleðja súkkulaðiá-hugamanninn í lífi sínu,“ segir Stefán og býður alla velkomna að líta við og skoða úrvalið.

Stefan B. Chocolatier er staðsett að Laugavegi 72

Nánari upplýsingar á stefanb.is
Facebook
Netfang: info@stefanb.is ■





Gleðilegar jólakveðjur frá Caruso



Ástsæli veitingastaðurinn Caruso hefur starfað farsælega í miðbæ Reykjavíkur í tuttugu ár og eru engin lát á vinsældum staðarins. „Nú í desember eru orðin fjögur ár síðan við fluttum frá Þingholtsstrætinu niður fyrir læk í Austurstræti og erum við mjög ánægð með þetta fallega og sögulega húsnæði. Hér er gott og rómantískt andrúmsloft og gestir okkar kunna að meta hlýlega og notalega umhverfið“ segir Þrúður.

Hjónin José Luis Garcia og Þrúður Sjöfn Sigurðardóttir reka veitingastaðinn á tveimur stöðum í miðbænum, annars vegar Caruso í Austurstræti 22 og hins vegar í samstarfi við aðra Caruso Harbor við Ægisgarði 2. „Þetta er sannkallað fjölskyldufyrirtæki enda koma börnin og hjálpa okkur þegar mikið liggur við,“ segir Þrúður.

Við hjá Caruso viljum þakka

öllum gestum okkar innilega fyrir móttökurnar á síðastliðnum tuttugu árum og óskum öllum landsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Kærar jólakveðjur, José, Þrúður og starfsfólk okkar á veitingastöðum Caruso.

Caruso, Austurstræti 22, 101 Reykjavík
caruso.is/home/
 Sími: 562-7335
 Tölvupóstur: caruso@caruso.is
 Opnunartími:
 Mán-fim: 11:30-22:30, fös:
 11:30-23:30, lau: 12-23:30 og
 sun: 17-22.30

Caruso Harbor, Ægisgarði 2, 101 Reykjavík
caruso.is/vidhofnina/
 Sími: 512-8181
 Tölvupóstur: carusoharbor@caruso.is

Opnunartímar: Mán-fim:
 11:30-22, fös-lau: 11:30-23:30
 og sun: 17-22

Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu staðarins. ■



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu





SNOOKER & POOL:

Gott verð, fínar veitingar og opið fram á nótt

Snooker & Poolstofan er rótgróið fyrirtæki og hefur verið í Lág- múla 5, Reykjavík síðan 1998.

Á staðnum eru 18 poolborð og 4 snókerborð í mjög miklum gæðum sem eru bæði fyrir einstaklinga og hópa sem sækja staðinn.

Hægt er að segja að Snooker & Poolstofan sé í lit þar sem appelsínuliturinn er svölitið ráðandi í pool-salnum og hefur það reynst mjög vel.

„Starfsfólk mitt og ég reynum að hafa staðinn þannig að fólk geti komið og slappað af eftir erfiða daga eða bara til að skemmta sér og öðrum,“ segir Brynjar Valdimarsson, eigandi staðarins, og heldur áfram:

„Frábær aðstaða er til að horfa á fótbolta og aðrar íþróttir þar sem við erum með 10 stóra skjávarpa, tvo 75 tommu flatskjái og 8 aðra flatskjái til að sjá um að allir geti fylgst með. Reglulega erum við með sérstakt Bolta-tilboð þar sem við bjóðum upp á enn meiri afslátt.“

Einnig er gríðarlega gott hljóðkerfi hjá okkur og við getum haft það á nokkrum mismunandi leikjum í einu. Við fáum marga fyrirtækjahópa og stór hluti af þeim hefur komið árlega til okkar í mörg ár, enda er þetta ansi ódýr skemmtun fyrir hópa. Hóparnir koma til að spila pool eða snooker, eða til að horfa saman á íþróttaviðburði.“

Öllum er velkomið að senda tölvupóst á pool@pool.is til að fá tilboð fyrir hópinn sinn.

Einnig er hægt að senda tölvupóst fyrir hópa til að fá tilboð í bjór og mat á meðan á íþróttaviðburðir standa yfir.

„Það er mikið um að hópar komi til okkar enda er snooker eða pool frábær skemmtun fyrir hópa, vegna þess að þú þarft ekki að kunna neitt til að skemmta þér vel.“

„Við erum með Klúbb og félagsgjald í hann er 500 kr. fyrir árið, kortið veitir bæði afslátt af tímagjaldi og veitingum. Við reynum að vera eins ódýrir og hægt er, til dæmis kostar stór bjór 990 kr. í Klúbbnum og hamborgari með frönskum og kokteilsósu



aðeins 1.490.kr.“ segir Brynjar enn fremur.

„Við erum með einstaklega góða hamborgara og seljum mikið af þeim, einnig bragðgóðar pítsur frá Italiano Pizzeria, þegar við erum með hópa þá getum við pantað frá þeim fyrir hópinn.“

Við höfum verið í rekstri í yfir 20 ár og höfum við haft það að leiðarljósi allan þann tíma að sinna okkar viðskiptavinum eins vel og við mögulega getum.

Snooker & Poolstofan er þekkt fyrir einstaklega góða þjónustu og frábæra skemmtun eða eins og viðskiptavinir okkar segja: „Mér líður bara hvergi betur“

„Sjáumst hress og glöð út þetta ár sem og á nýju ári,“ segir Brynjar Valdimarsson að lokum. ■





Volvo



BETRI BÍLAKAUP:

Ódýrari gæðabílar fluttir beint inn

Betri bílakaup er fyrirtæki sem þjónustar almenning við kaup á bílum að utan og við flutning til landsins. Með slíkum hætti fást bílarnir á mun lægra verði en í gegnum bílaumbod. Á undanförmum tæpum tveimur árum hefur Betri bílakaup flutt inn með þessum hætti á annað þúsund gæðabíla fyrir ánægða kaupendur.

Í þessum hópi eru meðal annars hátt í 500 bílar af gerðinni Mitsubishi Outlander PHEV og fjölmargir af tegundinni Volvo, ýmist í forpöntunum á nýjum bílum eða innflutningi á lítið keyrðum nýlegum bílum.

„Við sjáum um allt fyrir kaupandann, frá a-ö. Kaupsamningurinn við erlenda bílasölu er á nafni kaupandans en við sjáum um alla pappírsvinnu og innflutninginn. Eimskip flytur bílinn og hann er tryggður alla leið. Þessi aðferð við bílakaup tryggir kaupendum hagstæðara verð en áður hefur þekkt. Einnig erum við með www.betribilasalan.is sem er netbilasala og getum við selt fyrir þig gamla bílinn meðan sá nýi er á leiðinni,” segir Brynjar Valdimarsson hjá Betri bílakaupum.

Fyrirtækið er til húsa að Ármúla 4-6. Að sögn Brynjars er allt kaupferlið hjá Betri bílakaupum mjög gegnsætt og þægilegt:

„Segjum að þú sért væntanlegur kaupandi, þú ert að leita að bíl. Þú segir okkur hvernig bíl þú vilt eignast og við finnum hann fyrir þig. Við semjum um verðið við erlenda bílasalann. Við tökum fasta þóknun fyrir okkar þjónustu, 249.900 kr. með vsk. Þú millifærir peningana á erlendu bílasöluna. Við erum með samning við Eimskip sem þú nýtir þér. Þegar þú ert búinn að millifæra sjáum við um allt, flutninginn, skráum bílinn, komum honum á númer og afhendum þér hann hérna uppi í Ármúla 4.“

Mitsubishi Outlander PHEV

Gott úrval, sérstaklega hagstætt verð og mikil gæði eru það sem viðskiptavinir Betri bílakaupa uppskera. Mikil áhersla

er lögð á svokallaða græna bíla og segir Brynjar þá vera um 90% af þeim bílum sem viðskiptavinir kaupa í gegnum fyrirtækið. Er þá ýmist um að ræða raf- eða blendingsbíla (hybrid bensín+rafmagn).

„Við bjóðum upp á hinn glænýja og frábæra Mitsubishi Outlander PHEV, en hann hentar einstaklega vel íslenskum aðstæðum. Þessir bílar hafa verið gríðarlega vinsælir á Íslandi enda mjög ríkulega útbúnir og með langa ábyrgð, það er 5 ára almennri ábyrgð og 8 ára rafhlöðuábyrgð. Framleiðsluárið 2019 fékk ýmsar stórgóðar viðbætur, sem dæmi lengri drægni á rafmagn, hljóðlátari bensínmotor, meira akstursöryggi auk þess sem billinn er sparneytnari og kraftmeiri. Verð er frá 4.299.000 kr. miðað við gengi 137 kr. á EUR.“

Nýr Volvo 2019

„Einnig getum við pantað 2019 Volvo þar sem þú færð að setja bílinn þinn saman eins og þú vilt hafa hann. Í grunninn koma þeir með talsvert meiri búnaði, með lengri ábyrgð, 4 ár almenn, 8 ár á rafhlöðu, og langt undir því verði sem þekkt hér heima. Virkilega öflugir og frábærir lúxusbílar.“

Dæmi um verð á Volvo XC60 T8 R-Design frá 8.070.000 kr.* og Volvo XC90 T8

Momentum 8.590.000 kr.*

Með aukahlutapakka upp á meira en 1.200 þ.kr.

*Volvo, miðað við gengi 89 kr. á CAD dagsins 20.12.2018.

Nýi Nissan Leaf Tekna 2019

Verð 4.580.000 kr. miðað við gengi 137 kr. á EUR.

Einn með öllu. Nýtt útlit og miklu lengri drægni. Vinsælasti rafmagnsbíll í heimi. Bilanaminnsti bíll í heimi. Erum með 10 Nissan Leaf Tekna bíla sem eru að leggja af stað. Fyrstur kemur fyrstur fær. Frábært verð. Nánari upplýsingar eru á vefnum betribilakaup.is. Fyrirspurnum er einnig svarað í síma 511-2777. ■



Mitsubishi Outlander PHEV



Nissan Leaf



LEITIN AÐ JÓLAKETTINUM

Eftir sögustund hjá ömmu Sigu ákveður Sara að halda af stað upp á Esju til þess að fanga jólaköttinn. Hún leggur af stað með tveimur bestu vinum sínum.

Höfundurinn, Óliver Þorsteinsson, vinnur á leikskólanum Kópahvöll í Kópavogi.



JÓLAGJAFIR SEM ÖLL BÖRN MUNU ELSKA



DAGBÓK KIDDA KLAUFA LEYNIKOFINN

10. bókin í þessum gríðarlega vinsæla bókaflakki um Kidda klaufa



LEYNDARMÁL LINDU

Fimmta bókin um Leyndarmál Lindu.



Þú getur fylgst með okkur á facebook: Tindur-bókaútgáfa

Tindur
Bókaútgáfa

Fimm merkilegustu augnablikin á stærsta sviðinu

Stærsta sviðið sem knattspyrnumaður getur spilað á með félagsliði sínu er Meistaradeild Evrópu. Í þessari keppni koma öll bestu lið Evrópu, þarna hefur nokkur fjöldi af Íslendingum komið við sögu en mismikið hefur þó komið út úr frammistöðu þeirra. Eiður Smári Guðjohnsen á merkilegasta feril Íslendinga í keppninni en ekki er útilokað að Arnór Sigurðsson skrifi sig áfram í sögubækurnar en hann hefur verið frábær á þessu tímabili. DV tók saman fimm merkilegustu augnablik Íslendinga í þessari frábæru keppni.

Hörður Snævar Jónsson
hodd@433.is



1 Eiður Smári Guðjohnsen vann Meistaradeildina með Barcelona árið 2009

Eiður Smári Guðjohnsen var hluti af liði Barcelona sem vann þessa merkilegu keppni árið 2009. Eiður Smári var þó ónotaður varamaður í úrlitaleiknum í Róm þar sem Barcelona hafði betur gegn sigursælasta liði í sögu enska fótboltans, Manchester United. Eiður Smári kom við sögu í fimm leikjum þetta tímabil í Meistaradeildinni, hlutverk hans hafði farið minnkandi hjá félaginu og yfirgaf hann liðið um sumarið. Hann er hins vegar eini Íslendingurinn sem fengið hefur gullmedalú fyrir sigur í þessari merkilegu keppni, um er ræða medalú sem alla knattspyrnumenn dreymir um að eignast og Eiður Smári á eina slíka í skáp sínum.

2

Mark og stoðsending Arnórs Sigurðssonar á Santiago Bernabeu gegn Real Madrid árið 2018



Real Madrid tapaði stórt í Meistaradeild Evrópu í síðustu viku er liðið fékk CSKA Moskvu í heimsókn á Santiago Bernabeu. CSKA kom mörgum á óvart í fyrri leik liðanna og hafði betur með einu marki gegn engu í Rússlandi. Liðið gerði þó enn betur í síðustu viku og vann nokkuð sannfærandi 3-0 útisigur á ríkjandi meisturum. Arnór Sigurðsson átti frábæran leik fyrir CSKA en hann lagði upp fyrra mark liðsins og skoraði annað. Arnór hefur stimplað sig hressilega inn á stuttum tíma í íslenskt íþróttalíf, þessi 19 ára Skagamaður hefur slegið í gegn í Rússlandi og ekki sér fyrir endann á þessari velgengni hans.

3

Mark Alfreds Finnbogasonar gegn Arsenal árið 2015 í 3-2 sigri

Alfred Finnbogason skoraði sigurmark Olympiakos í fræknum 3-2 sigri á Arsenal í Meistaradeildinni árið 2015 en Alfred kom inn af varamannabekknunum og skoraði sigurmarkið í leiknum. Olympiakos komst í þrígang yfir í leiknum en Arsenal tókst að svara með mörkum frá Theo Walcott og Alexis Sanchez. Alfred Finnbogason byrjaði á bekknum hjá Olympiakos í leiknum en hann kom inn á í hálfleik og átti eftir að skrifa sig í sögubækurnar. Stuttu eftir jöfnunarmark Sanchez kom Alfred Olympiakos aftur yfir, hann var eins og refur í teignum og tók færið sitt vel. Alfred fagnaði marki sínu vel sem er hans eina í þessari bestu keppni til þessa.

4

Vítaklúður Kolbeins Sigbórssonar gegn Barcelona árið 2013

Kolbeinn Sigbórsson lék nokkra leiki með Ajax í deild þeirra bestu en tókst aldrei að troða boltanum yfir línuna, besta tækifæri Kolbeins kom árið 2013 þegar Ajax var í heimsókn á einum sögufrægasta velli fótboltans, Camp Nou í Katalóníu. Barcelona vann 4-0 sigur á Ajax en Kolbeinn tók vítaspyrnu á vellinum árið 2013. Vítaspyrnan var hins vegar ekki góð og Victor Valdes sem stóð í marki Barcelona varði frá framherjanum knáa.



5 Mark Eiðs Smára á Anfield en Liverpool fór áfram árið 2007


Eiður Smári Guðjohnsen skoraði á Anfield með Barcelona árið 2007 þegar Barcelona féll úr leik gegn Liverpool. Eiður hafði byrjað á bekknum í leiknum en kom inn á og skoraði, það dugði ekki til. „Ég nýtti tækifærið vel sem ég fékk og vonandi fjölgar þeim á næstunni. Ég hef æft mjög vel, bæði með liðinu og hef verið á séræfingum og það á vonandi eftir að skila sér. Ég er þannig byggður að ég þarf að æfa vel og sérstaklega þegar ég fæ ekki að spila mikið. Ég hefði svo sannarlega kosið að vera inni á frá fyrstu sekúndu en það er ekki mitt að ákveða það. Menn geta alltaf verið vitrir eftir á. Maður heyrir gagnrýni yfir leikkerfinu sem við lékum eftir en með þessu sama leikkerfi sundurspiluðum við Zaragoza í bikarnum á útivelli,“ sagði Eiður Smári við Morgunblaðið um markið.

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta


ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantanir á varahlutum.



SAMTÖK KVENNA UM
NÝJA STJÓRNARSKRÁ

Frjáls framlög til samtakanna:
Kt. 691018-0830, banki: 0133 -26 - 020238

Ný stjórnarskrá hefur þegar verið samþykkt í
þjóðaratkvæðagreiðslu. Núverandi stjórnarskrá var
skrifuð af dönskum karlmönnum. Konur á Íslandi sætta
sig ekki lengur við að lúta grundvallarlögum sem þær
höfðu hvorki tækifæri né rétt til að taka þátt í að móta.
Þær krefjast nýrrar stjórnarskrár.

MYND: HANNA/DV



B Fólk er m járn

■ *Bang Gang va
með heimsfrægti*

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Fyrir rúmum tuttugu árum var hljómsveitin Bang Gang stofnuð en nafnið á rætur sínar að rekja í lagið Bang Bang með Nancy Sinatra. Hljómsveitin hefur hlotið miklar vinsældir bæði hér heima og erlendis og sópað til sín verðlaunum fyrir tónlist sína.

Forsprakki hljómsveitarinnar, Barði Jóhannsson, hefur samið tónlist fyrir fjölda kvikmynda, sjónvarpsþátta og auglýsinga á innlendri sem og erlendri grundu. Hann starfar einnig í hljómsveitunum Lady & Bird og Starwalker, í hinni síðarnefndu í samstarfi við félagi sinn Jean-Benoit Dunckel sem er einnig meðlimur goðsagnakenndu hljómsveitarinnar Air. Á næsta ári er von á afmælisútgáfu frá hljómsveitinni, nýrri plötu og myndbandi.

Vandmeðfarið nafn

Barði Jóhannsson og Henrik Björnsson stofnuðu hljómsveit árið 1996. Fyrstu skrefin voru að gefa út tvö lög á sjö tommu vínplötu, gera svo tónlistarmyndband og koma fram á tónleikum. Hljómsveitin var samt ekki orðin fullmótuð og ekki komið nafn á hana. Eftir þetta fóru Barði og Henrik, sem nú er í hljómsveitinni Singa-

pore Sling, að gera tónlist hvor í sínu lagi og Barði sendi grunna til útgáfufyrirtækisins Sprota.

„Þá var ég að leika mér með samplera, hljómborð og gítara,“ segir Barði. „Það var áhugi fyrir útgáfu og ég fékk til liðs við mig söngkonuna Esther Tálú. Þá vantaði nafn á þetta nýja batterí og mér datt ekkert annað í hug. Ég heyrði í Henrik og fékk að nota nafnið Bang Gang.“

Hvaðan kemur það nafn?

„Ég held að við höfum verið með tengingu við myndina Kitty Kitty Bang Bang og lagið Bang Bang með Nancy Sinatra, að þetta hafi komið upp úr því,“ segir Barði en nafnið átti eftir að valda hljómsveitinni vissum vandræðum á netöld. „Á netinu þarf ég alltaf að bæta við orðinu band. Sem dæmi er Instagram-síðan hjá bandinu @banggangband. Það sama er uppi á teningnum með Facebook til að valda ekki misskilningi. Það var þó alls ekki ætlunin í byrjun enda netið á frumstigi.“

Bráðnaðsýnlegur hluti af lífinu

Barði er í rauninni einn hljómsveitin Bang Gang. Hann hefur þó í gegnum tíðina fengið fjölda tónlistarmanna til að starfa með sér. Má þar nefna Daníel Ágúst Haraldsson úr Gus Gus og ísraelsku söngkonuna Keren Ann. Barði hefur gefið út fjórar breiðskífur

UMHVERFISVÆNI
RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI
VIÐ PLASTI



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

www.igf.is



Barði mannsson með mörg í eldinum

Bandmeðfarið nafn á netöld ■ Starfar
um ■ Betra tekjumódel en áður fyrr

undir nafninu Bang Gang og auk þess eina safnplötu með bestu lögnum. Síðasta plata Bang Gang var *The Wolves Are Whispering* frá árinu 2015. Þar að auki hefur hann gefið út undir eigin nafni, með hljómsveitinni Lady & Bird og Starwalker. Í heildina eru þetta um tíu plötur.

„Mér finnst þær allar standa upp úr á einhvern hátt. Ég er ánægðastur með hvernig nýjasta Bang Gang-platan hljómar, hljóðlega séð, en mjög sáttur við hinar líka. Auðvitað vill maður alltaf laga eitthvað en það er partur af því að vera skapandi.“

Hvað hefur þú verið að gera síðan síðasta plata Bang Gang kom út?

„Ég gerði eina Starwalker-plötu. Svo gerði ég tónlist fyrir leikhús, sjónvarp, stiklu fyrir tölvuleikinn *Shadow of War* og hef unnið með öðrum listamönnum. Einnig sinni ég starfi markaðsstjóra hjá Íslandshótelum.“

Finnst þér alltaf jafn gaman að skapa tónlist?

„Ég fæ aldrei nóg af því að skapa tónlist. En ég var kominn með smá þreytu á að vinna við tónlist alla daga. Nú er æðislegt að semja og taka upp, þegar það fer ekki allur tíminn í það. Fyrir mig er þetta bráðnauðsynlegur hluti af lífinu hvort sem það er í litlu eða miklu magni.“

Heppinn með samstarfsfólk

Barði hefur gert töluvert af tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Meðal þess sem honum finnst standa upp úr er tónlistin við tryllinn *Would You Rather* frá árinu 2012. Hana gerði Barði í samstarfi við Daniel Hunt úr hljómsveitinni Ladytron og hann segir að þeir hafi fengið mikið frelsi við sköpunina.

„Einnig var gaman að gera tónlistina við myndina *De Toutes Nos Forces* sem fór á toppinn í Frakklandi á sínum tíma. Hér á Íslandi er í mestu uppáhaldi að vinna með Óskari Jónassyni, Ragga Braga og Sævari Guðmunds. Svo var mjög hressandi að vinna að myndinni *Strákarnir* okkar með hljómsveitinni Mínus á sínum tíma. Það kom mjög vel út og ég á margar skemmtilegar minningar frá því tímabili.“

Samstarf Barða og Keren Ann hefur verið með miklum ágætum og Barði hefur unnið að mörgum sólóplötum hennar. Hann segir þau einnig vera mjög góða vini. Barði hefur einnig unnið að sólóplötum söngkonunnar Helen Marnie úr Ladytron. Listinn með eftirminnilegu samstarfsfólki Barða er endalaus. Tvíhöfði, Bubbi Morthens, Bloodgroup og fleiri.

„Nýjasta samstarfsverkefnið sem ég tók þátt í var eitt lag á plötuinni *Nótt eftir Nótt* sem Kælan

Mikla var að gefa út. Frábært band og þær eru ótrúlega hæfileikaríkar. Ég hef yfirhöfuð verið heppinn með samstarfi.“

Stórir í Tyrklandi

Barði segir töluverðan mun á því að semja tónlist fyrir kvikmynd og hefðbundna plötu.

„Þegar ég sem fyrir plötu, þá ræður lagið sér sjálf og ég leyfi því að fara í þann heim sem það passar í. Hjá mér framkallar lag myndir eða myndskreið í höfðinu og það speglast oft til hlustandans líka. Þegar verið er að semja fyrir bíó þá er verið að búa til stemningu við myndefni eða ákveðna sögu sem kemur frá handriti eða leikstjóra. Hvort tveggja er mjög skemmtilegt ferli.“

Vinnur þú með konsept?

„Ég hef unnið með konsept, en alltaf endað á að svíkja konseptið. Síðast ætlaði ég til dæmis að gera einfalda elektróníska plötu sem endaði sem góður bræðingur af raftónlist, klassík og draugapoppi. Ég leyfi lögnum að fara á flug. Konsept getur oft verið skapandi en líka hamlandi. Ég kannski vinn meira með ákveðna stemningu.“

Er von á nýju efni frá Bang Gang?

„Það er von á afmælisútgáfu með remixum og skemmtilegheitum snemma á næsta ári. Svo eru ný myndbönd væntanleg. Það er um að gera að fylgjast með hljómsveitinni á Spotify. Ég hugsa að ný Bang Gang-plata komi þó ekki fyrr en í lok næsta árs, í fyrsta lagi.“

Er eitthvað annað nýtt á leiðinni frá þér?

„Þessa dagana er ég að vinna í plötu fyrir Heru Hjartar sem er allveg að verða tilbúin, svo eru nokkur Starwalker-lög tilbúin auk þess sem ég er búinn að vera að sýsla í ambient sólóplötu í langan tíma.“

Nú eru vinsældir Bang Gang töluverðar hér heima. Hvað með erlendis?

„Löndin sem hljómsveitin er að fá mesta spilun í eru Bandaríkin, Frakkland, Kína og Tyrkland. Þannig að þetta er áhuga-verð blanda.“

Starwalker er tveggja manna hljómsveit sem Barði er í með franska raftónlistarmanninum

Ég á keðju- sög sem má hafa gaman af að brúka

Jean-Benoit Dunckel, JB. JB er þekktastur fyrir verk sín með hljómsveitinni Air. Barði hafði nokkrum sinnum hitað upp fyrir Air. Sameiginleg vinkona þeirra stakk upp á að þeir tveir myndu hittast í kaffi og ræða mögulegt samstarf.

„Í kjölfarið gerðum við eitt lag. Svo fleiri og fleiri. Þetta endaði í EP- og LP-plötum sem fengu frábærar viðtökur. Við erum tilbúnir með tvö ný lög núna sem koma kannski út snemma á næsta ári.“

Áhrifavaldarnir David Lynch og amma

Barði á að baki langan og fjölbreyttan feril. Þegar hann lítur til baka sér hann heilmargt sem hann hefði getað gert öðruvísi. „Maður á samt aldrei að segja „hefði““ segir hann.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að framkvæma góðar hugmyndir þótt þær kannski hljómi óraunhæfar fyrir aðra. Ég var einu sinni beðinn um að halda tónleika í Pompidou-safninu. Mér fannst betri hugmynd að sýna stuttmynd og spila yfir hana. Því fékk ég góðan hóp vina í eina helgi og við gerðum hressandi mynd sem var sýnd við góðar viðtökur. Svo hef ég tvisvar verið viðriðinn tískustuttmyndahátíðina *A Shaded View of Fashion*. Í annað skiptið gerði ég stuttmynd ásamt Janeen Lund og hitt skiptið spilaði ég rafræna útgáfu af *HAXAN*.“

Fylgist þú vel með því sem er í gangi í heimi listarinnar á líðandi stundu?

„Ég fylgist vel með því sem er að koma út og tek stikkprufur. Ég er alltaf áhugasamur um hvað er í gangi og hvernig fólk er að vinna. Heima hjá mér hlusta ég á hvað sem er.“

Áttu þér einhverja áhrifavalda?

„Þetta er breytilegt, nú myndi ég segja að heildrænt væru það amma og David Lynch.“ ■

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM
BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is

Þau deildu á árinu

Það er margt búið að gerast á árinu og fjölmargar deilur komið upp. Nú eru hins vegar að koma jólar, hátíð ljóss og friðar. Það þýðir að við leggjum deilumál til hliðar, í það minnsta yfir hátíðirnar. DV tók saman nokkur sem hafa átt í deilum á árinu og spurði hvað þau myndu gefa hinum aðilanum í jólagjöf. Ekki búrast skýr svör frá öllum þannig að DV tók sér bessaleyfi að velja og pakka inn fyrir þá.

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Femínistinn Elísabet Yr Atladóttir og útvarpsmaðurinn Frosti Logason áttu í deilum á árinu, þau mál eru of flókin til að rekja í stuttu máli en það má segja að femínismi, aktívismi og blaðamennska komi þar við sögu.

Til: Frosti
Frá: Elísabetu Yri

„Ég held ég myndi gefa honum bókina Why Does He Do That eftir Lundy Bancroft. Frábær bók eftir mann sem vann sem meðferðaradili fyrir ofbeldismenn, en hann skrifaði þessa bók fyrir þolendur þeirra. Hann fer í saumana á því hvernig ofbeldismenn vinna, hvaða trikk þeir nota til að líta vel út á við, og hvað þeir gera til að halda ógnarvaldi á sínum nánustu. Ég held þetta væri frábær gjöf handa Frosti því hann virðist hafa haft mikinn áhuga á þessum málefnum undanfarið og talað við ýmsa menn í þættinum sínum sem hann gæti jafnvel stúderað aðeins nánar út frá þessari bók. Þetta er líka ein af mínum uppáhaldsbókum og bækur eru alltaf frábær gjöf. Þetta er bók sem allir ættu að eiga. Það er hægt að finna þessa bók frítt hér og þar á netinu, en sumt er bara langbest að eiga á kilju. Sérstaklega svona gersemi.“



Til: Elísabetar Yrar
Frá: Frosti

Frosti hló þegar DV bar upp erindið. Frosti gæti gefið henni Tólf lífsreglur – Mótefni við glundroða eftir Jordan Peterson ásamt geisladiski þar sem ljúf rödd Frosti fer í gengum bókina.

Þingmennirnir Brynjar Níelsson og Björn Leví Gunnarsson hafa verið reglulega í fréttum á þessu ári þar sem þeir eru undantekningarlaust á öndverðum meði í stjórn málaumræðunni. Björn Leví hefur lagt fram ótal fyrirspurnir á þessu ári og gengið hart á eftir upplýsingum um aksturskostnað þingmanna. Brynjar hefur sagt Björn Leví vera „niðursetning“ á „sokkaleistunum“ með „fyrirspurnaræði“.



„Ég myndi gefa Brynjari Ríkið eftir Platón. Þarf að útskýra það eitthvað frekar?“

Til: Björns Levís
Frá: Brynjari

„Tja, það hefur enga þýðingu að gefa honum skó eða bindi því ég vil gefa fólki gjafir sem nýtast. Myndi sennilega gefa honum Nýja testamentið og nám-“

skeið hjá Dale Carnegie. Kannski sokka með gati á tánni að auki.“



Björn Leví Gunnarsson


Brynjar Níelsson

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, og Hörður Ægisson, ritstjóri Markaðarins, eru langt frá því að vera sammála um hvernig eigi að bæta lífsskjör vinnandi fólks á Íslandi. Hörður sagði í leiðara Fréttablaðsins í október að forystumenn verkalyðsfélaganna væru stærsta ógnin við lífsskjör meginþorra íslensks launafólks á komandi árum og að engin innistæða væri fyrir launakröfum þeirra. Sólveig sagði orð hans lýsa „sturlaðri“ stemningu í „herbúðum óvina hinna vinnandi stétta“.



Til: Harðar
Frá: Sólveigu Önnu

Sólveig Anna vildi frá að hugsa málið þegar DV hafði samband en svaraði svo ekki. Sólveig gæti gefið honum Global Woman eftir Barböru Ehrenreich, en hún hefur lýst velpóknun sinni á bókinni.



Til: Sólveigar Önnu
Frá: Herði

Hörður svaraði ekki fyrirspurn DV. Hann gæti gefið henni bókina Hagfræði í hnotskurn eftir Henry Hazlitt, svo hún geti hent henni í ruslið ... aftur.



Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, hjólaði í verkalyðsforingjann Vilhjálm Birgisson í haust og sakaði hann um að beita verkalyðshreyfingunni gegn útlendingum. Vilhjálmur var vægast sagt ósáttur.



Til: Pawels
Frá: Vilhjálm

„Ég myndi gefa honum dagsferð til Verkalýðsfélags Akraness með fæði til kynna sér þá miklu vinnu sem verkalyðshreyfingin er að inna af hendi við að verja réttindi innlendra sem erlendra félagsmanna sinna.“



Til: Vilhjálms
Frá: Pawel

„Ég þekki ekki Vilhjálm svo ég myndi örugglega bara gefa honum pening.“



Vilhjálmur Birgisson

Pawel Bartoszek

SÉRHÆÐ Í EL RASO

VERÐ FRÁ € 153,000

FÁÐU SENDAN BÆKLING Í TÖLVUPÓSTI OG KYNNTU ÞÉR HVAÐ ER Í BODI Á COSTA BLANCA Á SPÁNI

ÍBÚÐ Í VILLAMARTIN

VERÐ FRÁ € 142,000

HAFÐU SAMBAND 555 0366
INFO@MASAINTERNATIONAL.IS
JÓN BJARNI & JÓNAS



Settu vefmálin í góðar hendur

VEFSVÆÐIÐ ÞITT ER ÞAÐ MIKILVÆGASTA SEM
ÞÚ HEFUR TIL ÞESS AÐ NÁ TIL ÞÍNS MARKHÓPS.

Við smíðum fallega, leitarvélavæna og skilvirka vefi sem virka hnökralaust í öllum tækjum og eru hannaðir til að selja þína vöru eða þjónustu á netinu.

<https://reykjavikdigital.is/>
hallo@reykjavikdigital.is
781-2000



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Laugardag til sunnudags.
Opnunartími laugardag og sunnudag 11-20.

Höfum opnað glæsilega sölusíðu
www.gongugreining.is

 **BROOKS**



Brooks

Hlaupaskór ársins 4 árið í röð að mati ISSRA.

Bestu skórnir ef þú ert að hlaupa, ganga eða vinna á hörðu undirlagi.

Einnig til í Goretex - 100% vatnsheldir.

feetures®



Hypervolt

Einstök víbrandi nuddbyssa. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.



Hypershore

- Nuddkúla með 3 stillingar á víbring sem veitir nákvæma og djúpa bandvefslosun
- Fer dýpra inn í vöðvann
- Eykur blóðflæði
- Endurhlaðanleg Lithium-Ion rafhlaða



Gjafakort Eins og fætur toga
Frábær jólagjöf!

Vyper

- Þrjár stillingar á víbring.
- Fer lengra inn í vöðvann og fer betur með hann en venjuleg rúlla.
- Vyperinn er miklu fljótari að vinna en venjuleg foamrúlla.
- Hefur fengið mikla umfjöllun, fjölda verðlauna og viðurkenninga.



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

Biggi lögga og Eva Ruza sitja fyrir svörum

Jólahæfir, skötuát og nýársheit

Að vakna ofan í blómapotti og kartöflumjolsbaðferðir það eftirminnilegasta

Aníta Estíva Harðardóttir
anita@dv.is



Pað hefur líklega ekki farið fram hjá neinum að jólin eru á næsta leiti. Marglit ljós í gluggum landsmanna lýsa upp skammdegið og jólaandinn er mættur í öllu sínu veldi. Jákvæðni, náungakærleikur og gleði virðist umlykja allt ásamt stressuðum foreldrum og spennnum börnum sem fara á fætur fyrir allar aldir. Búðirnar fyllast

af fólki sem keppist við að kaupa gjafir handa ástvinum sínum og margir eru nú þegar búnir að baka nokkrar sortir af smákökum. Það er bara eitt-hvað við jólin sem gerir það að verkum að við teljum niður í þessa hátíð ár eftir ár. Bleikt hafði því sérstaklega gaman af því að heyra í Bigga lögggu og Evu Ruza og spyrja þau út í þeirra jólahæfir.



Bigga lögggu þarf vart að kynna en Biggi hefur verið áberandi í fjölmiðlum í dágóðan tíma. Biggi starfar, eins og nafnið gefur til kynna, sem lögreglumaður. Hann er ekki þekktur fyrir að liggja á skoðunum sínum og er fljótur að taka upp hanskan fyrir þá sem minna mega sín. Biggi hefur verið löghlýðinn allt sitt líf og segir hann jólasveininn aldrei hafa haft tilefni til þess að gefa honum kartöflu í skóinn:

Borðar þú skötu á Þorláksmessu?
Já, ég borða skötu ef ég kemst í hana. Núna verð ég á vaktinni en vonandi næ ég að slafra í mig nokkrum vel kæstum stykkjum. Vonandi þó ekki þannig að ég flagni allur í kjaftinum eins og síðast.

Hvað verður í matinn á aðfangadag?
Ég ólst upp við purusteik en síðustu ár hef ég haft kalkúnabringur. Það verður líka á borðum þessi jól.

Hverju finnst þér að megi alls ekki sleppa á jólnum?

Jólin snúast um hefðir og því er í raun frekar erfitt að svara þessari spurningu. Ég hef samt líka komist að því að jólin koma alltaf, sama hverju maður sleppir. Til að velja eitthvað þá vel ég samt heimagerða ísinn og heitu súkkulaðisósuna. Það er svona punkturinn yfir jólin.

Hver er uppáhaldsjólahæfin þín?

Að fara upp í hreint rúmið á aðfangadagskvöld með glænýja bók. Það er eitthvað við það.

Eftirminnilegustu jólin?

Þar sem jólin snúast um hefðir þá eru eftirminnilegustu jólin sennilega þau sem brjóta upp þessar hefðir. Ég hef nokkrum sinnum verið erlendis um jól og það eru allt eftirminnileg jól. Ég var t.d. skiptinemi í Bandaríkjunum eitt árið og þá ákvað fjölskylda mín þar á síðustu stundu að setjast bara niður á aðfangadagskvöld, opna pakkana og halda íslensk jól mér til heiðurs. Mér fannst það voða sætt af þeim. Önnur jól var ég í heim sókn í Bandaríkjunum og var fárveikur allan tímann. Mér tókst þá meðal annars að láta líða yfir um miðja nótt á leiðinni á klósettið og vaknaði hálfur ofan í blómapotti morguninn eftir. Ofan á það þá fékk ég ofeldað nautakjöt með bragðlausri sósu í jólamatinn. Það var hressandi.

Hvert er uppáhaldsjólagið þitt?

Það er fullt af klassiskum og mishallærislegum jólagögum sem ég held upp á. Svo bætist venjulega eitthvert nýtt lag við um hver jól. Þessi jól er það Noel með Lauren Daigle. Þið getið heyrt það í flutningi Ingu Maríu Björgvinsdóttur og kór Filadelfíu á aðfangadagskvöld á stöð 2. Mæli með því.

Hefur þú fengið kartöflu í skóinn?

Ég var fáránlega þægur krakki þannig að jólasveinarnir spáðu aldrei í að gefa mér kartöflu. Lofa.

Hvort finnst þér aðfangadagur eða gamlárskvöld skemmtilegri?

Aðfangadagur. Ekki spurning. Það er hugsanlega ákveðið merki um að maður sé farinn að eldast.

Ætlar þú að strengja áramótaheit?

Ég hef aldrei strengt áramótaheit og mér finnst frekar ólíklegt að ég breyti út af þeim vana þetta árið. Maður reynir bara alltaf að læra af mistökunum, gera betur, verða betri og njóta meira. Lífið er núna.



Eva Ruza Miljevic er líklega ein hressasta kona landsins. Það eru að minnsta kosti ekki miklar líkur á því að þú náir að grípa Evu í vondu skapi enda virðist hún hafa endalaus orku og gleði til þess að leysa út. Eva starfar sem skemmtikraftur, kynsir, veislustjóri, Hollywood-expert og áhrifa-valdur. Ekki virðist vera auðvelt að múta Evu með háum fjárhæðum þar sem hún segist ekki ætla að borða skötu þótt hún fengi greidda milljón:

Borðar þú skötu á Þorláksmessu?

Ég get alveg sagt þér það að þótt ég fengi borgaða milljón þá færi skata ekki inn fyrir mínar varir. Mamma og pabbi hafa alltaf haft skötu fyrir jól, en þau hafa þurft að kaupa ýsu fyrir mig, litla barnið. Ég fæ líkamlega verki af skötu-lykt, ég get svarið fyrir það og mæti bara í skötuboð því félagskapurinn er svo asskoti skemmtilegur. En ég þori varla að viðurkenna næstu setningu ... ég hef eiginlega aldrei smakkað skötu samt. Mamma hefur reynt að pína mig til að smakka en það er bara ekki séns. Ég er samt til- tölulega nýbyrjuð að borða sveppi, sem var mikill sigur fyrir minn heittelskaða eiginmann, þannig að kannski næ ég andlegum þroska í skötuna áður en ég fer á elliheimili.

Hverju finnst þér að megi alls ekki sleppa á jólnum?

Jólin eru komin um leið og ég fer úr sparifötunum, skipti yfir

í kósíallann strax eftir mat og heyri þá mömmu segja: „Eva Ruza í alvöru.“ Það er eiginlega möst að heyra mömmu segja hver einustu jól við okkur systur, hvort við getum í alvörunni ekki verið ein jól í sparifötunum heilt kvöld. Við frussuhlæjum alltaf upphátt að þessari eilífu baráttu hennar við okkur og sparifötin. Mig grunar sterkt að hún haldi að hún vinni ein jólin. Ég rita það hér með á prenti: „Elsku mamma, það mun aldrei gerast.“ #alltaf5ára

Hver er uppáhalds- jólahæfin þín?

Á jóladagsmorgun breytist ég í Mörthu Stewart í eldhúsinu og hristi fram svo stórfenglegan brunch að annað eins hefur hvergi sést á Íslandi. Ég tjalda öllu til á náttfötunum, kveiki á vini mínum Michael Bublé og dansa djassspor í sloppnum um leið og ég kasta skonsunni sem er á pönnunni upp í loftið. Egginn snarkla á hinni pönnunni, beikonið í ofninum og ferskir ávextir komnir á disk. Ef þið eruð að ímynda ykkur mig núna eins og ég sé í dansöngleikjamynd, þá er þetta nákvæmlega þannig. Það eru eflaust einhverjir sem þróa að komast í jóladagsbrunch hjá mér núna við lesturinn, sem ég skil vel. Þetta er mín uppáhaldshæfi og ég hefði aldrei trúað því þegar ég hóf feril minn í eldhúsinu að ég gæti multitaskað svona svakalega mikið án þess að brenna allt til grunna.

Eftirminnilegustu jólin?

Ætli hlaupabólujólin miklu flokkist ekki undir slæmu jólin. En þegar tvíburarnir okkar Sigga voru þriggja ára helltist yfir þau svona svakaleg hlaupabóla að ég hef aldrei vitað annað eins. Þessi jól ein- kenndust af kartöflumjolsböðum, hinum ýmsu aðferðum til að lina kláða, froðukremum og andvökunóttum. Hlaupabólan lagðist yfir litlu kropp- ana þeirra eins og sæng á Þorláksmessu og hékk yfir þeim

öll jólin, áramótin og þrítugs-afmælið mitt. Ég á „btw“ af- mæli 5. janúar ef einhver er áhugasamur um að senda mér kveðju. Fyrstu jólin okkar Sigga míns þegar ég var 17 ára og hann 20 ára eru jól sem ég verð hrikalega væmin við að hugsa um. Ég man að ég hugs- aði „baby, I'm home.“ Enda erum við að eiga jól nr. 19 saman í ár og ég myndi hvergi annars staðar vilja vera en þar sem hann er.

Hefur þú fengið kartöflu í skóinn?

Ójá, ég fékk einu sinni kartöflu í skóinn og henni mun ég aldrei gleyma. Mestu von- brigði lífs míns var þessi bölv- aða kartafla. Ég vaknaði eins og alla morgna rétt fyrir jól að tryllast úr spenning yfir hvað væri í skónum, löngu búin að gleyma frekjukastinu sem ég tók 9 ára gömul á mömmu og pabba daginn áður. Kartafla beið mín og ég man að þetta var hrikalegur skellur. Ég laumaðist inn á það og henti henni í ruslið þar og fór svo inn í eldhús og sagði mömmu þegar hún spurði hvað ég hefði fengið, að ég hefði ekki fengið neitt. Mamma sagði ekki orð. Um kvöldið var svo fiskur og kartöflur í matinn og mamma spurði mig eftir mat hvort kartöflurnar hefðu ekki verið góðar. Ég jánkaði því. Þá sagði mamma að þetta hefði verið THE kartafla. Ég man að ég roðnaði ofan í maga og strusaði inn í herbergið mitt. Mjög dramatískt kartöflumál. En ég hef ekki fengið kartöflu síðan, enda ofboðslega góð og prúð stúlka.

Ætlar þú að strengja áramótaheit?

Ég hef ekki verið mikið í því að strengja eitthvert sérstakt áramótaheit. Ég vakna bara alla 365 morgna ársins og tek ákvörðun um að vera glöð. Hefur heppnast í ca. 97% til- fella. Ég ætla að dansa inn í 2019 eins og diskókúla og halda áfram að glitra Evu Ruzu glimmerinu í allar áttir.





sturta.is

**LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU**

Kíktu á sturta.is og
skoðaðu úrvalið
S. 856 5566



Helgarkrossgátan



Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	biti	2 eins		hundur
→			↘	
ímynd				
		endir og upphaf		
myrkur				
smugu ummerki				

krossgátugerð: Bjarni sími: 8-45 2510	↓	vitstola	2 eins	bág		tréi						sjatna
kona						11		elska	2 eins brynna			
eftirsjá						↘	2			↙		
				spræna her							6	
	↓	strolla		bikkjan								
kona		8						gaur				5
tóm				skelina							ilátið	espa
2 eins			öskrir	bandaríkja- mann 2 eins					öðlast sólguð			3
saumar								sef				
	10	samtals						duglausa kjafi				
meidd				beyg						tálmi	12	matast
		vogina	7	hestur 4 eins			13	líkams- hluti				
	↘							4			næring	
undi	9					kúvenda		ómarga kona				
		bráðum	1	kært		skömm feng						nibban
ástandið								henda	glíma efnisliti			
stök				viljugar								borg
3 eins				ábreiða				mánuð				
nostur- sama						gjald- miðillinn						

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----

Sudoku

Auðveld


	8	6	5		1			2
	4			2	6	5		
	7	5	3					
9	6							7
	5	2	6	7				9 3
	3	8			5	6		
8		4			3			6
					7	4	8	
	2		8					

Erfið

6	1	3			4			5
		7			2			9
8	9			1				
1			7	3				6
		6			9			5
				2		4		
					1			8
	6	5		4		9		7
4								

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Halldór Kristinsson

Heiðargerði 42

108 Reykjavík.

Lausnarorðið var **HURDASKELLIR**

Halldór hlýtur að launum bókina Hvað er í matinn?


**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
bládsins er bókin Heiður**

Heiður McCarron hefur ekki séð Dylan bróður sinn frá því að faðir þeirra fór með hann til Norður-Írlands sjö ára gamlan. Þegar hann hefur samband eftir tuttugu og átta ára þögn og biður um hjálp heldur hún af stað í þeirri von að fá svar við spurningunni sem alla tíð hefur brunnið á henni: Hvers vegna yfirgaf faðir þeirra friðsælt fjölskyldulífið í Reykjavík til að verja heiður fólksins síns í heimalandinu?

Heiður er áleitinn saga um togstreituna á milli þess að berjast fyrir réttindum heillar þjóðar eða hamingju eigin fjölskyldu. Í bakgrunni eru átökin sem áratugum saman héldu samfélaginu á Norður-Írlandi í heljargreipum og gera kannski enn.

Sólveig Jónsdóttir er fædd árið 1982. Hún er stjórnmálafræðingur með meistaraáráðu í þjóðernishyggju og þjóðernisátökum með áherslu á átökin á Norður-Írlandi. Eftir að hafa rekið veislubjónustu í Skotlandi í þrjú ár fluttist hún aftur heim og hefur síðan starf að við blaðamennsku, kynningarmál og ýmiss konar ritstörf. Voríð 2012 sendi Sólveig frá sér frumraun sína, skáldsöguna Korter, sem einnig hefur komið út í þýskri og ítalskri þýðingu. Hún skrifaði leikritið The Sea Between Us árið 2013 sem var sýnt í Skotlandi sama ár.

Tímarvélín



Munntóbak
 ágæt jólagjöf. Kaupið það strax,
 því þeir sem síðast koma fara
 tómhentir burtu.
 En tóbakelaus jól — engin jól.

Gamla auglýsingin

Vísir 20. desember 1918

Krókódíll Íslensk veðráttá ekki hentug.



KRÓKÓDÍLLINN Í NORÐFJARÐARÁ

Smyglað í kornflexi

Kristinn Haukur Guðnason
 kristinn@dv.is



vildu flytja þá inn árið 2001. Áttu þeir að vera nokkurs konar endurvinnslugæludýr, éta úrgang úr sláturhúsinu og laða að ferðamenn. Sumarið 1990 var krókódíll fluttur inn til landsins og ekki nóg með það þá slapp hann laus.

Krókódílar eru ekki al-gengar skepnur á Íslandi enda bannaðar með lög-um. Komust þeir helst í deigluna þegar Húsvíkingar

Smyglað í kornflexpakka

Það var Ágúst Kárason, sjómaður frá Neskaupstað, sem flutti skepnuna inn til landsins. Hann keypti hana í ónefndu Evrópulandi um áramótin 1989 til 1990. Þá var hann aðeins um 30 til 40 sentimetra langur. Í kjölfarið smyglaði hann krókódílnum til landsins inni í pakka utan af kornflexi.

Ágúst nefndi hann Króka og geymdi hann í búri. Í samtali við DV sumarið 1990 sagði hann Króka vera rölegheitaskeppu sem engum gerði mein. Aldrei biti hann neinn en einstaka sinnum lemdi hann halanum í fólk. Þá aðeins ef fólk væri að hamast í honum. Í raun væri jafn eðlilegt að halda krókódíl eins og hund.

„Króki var duglegur að éta og át helst kjöt og fisk. Ég hafði nokkrum sinnum farið með hann út til að viðra hann og það hafði gengið vel. Honum þótti gott að komast út, hann var mjög sprækur og fljótur að hlaupa.“

Sumarið 1990 var Króki orðinn hálfur metri að lengd, feitur og pattaralegur. Krókódílar af hans tegund geta orðið allt að þrjú metrar.

Áin of köld

Laugardaginn 16. júní fór Ágúst með hann inn í Fannadal til að leyfa honum að svamla í pollum og skríða í grasi. Var Króki látinn í volgan poll, um 40 metrum frá Norðfjarðará. Ágúst leit aðeins af skepnunni í um fimm mínútur og það var nóg til að hann týndi henni.

Eftir þetta fór Ágúst racleitt til manns að nafni Guðbjartur Hjálmarsson í Neskaupstað sem hann vissi að ætti þjálfaðan labrador leitarhund. Guðbjartur kom með hundinn sem þefaði af búri Króka og rakti síðan slóðina. Hundurinn hætti hins vegar að rekja þegar hann kom að bakka Norðfjarðará.

„Við létum hann leita aftur og hann endaði aftur við ána, svo við teljum líklegt að Króki hafi farið í ána,“ sagði Guðbjartur við DV eftir þetta.

Þeir félagar töldu ólíklegt að

„Þetta er allt þáttur í stóru gabbi, og þetta er komið allt of langt.“

Króki myndi lifa það af að enda í ánni. Einnig ólíklegt að hann gæti lifað af íslenska sumar-næturkuldann. Jafnvel þó að þeir teldu það ólíklegt að hann væri á lífi og væru ekki vongóðir um að finna hann yfirhöfuð, þá héldu þeir leitinni áfram daginn eftir.

Lögreglurannsókn

Ekki var öllum skemmt yfir þessu. Til dæmis Brynjólfur Sandholt yfirdýralækni. Hann tók þessu mjög alvarlega og sendi lögreglunni í Neskaupstað bréf og krafðist þess að málið yrði rannsakað; hvernig krókódíllinn komst hingað til lands.

„Það er lögreglunnar að sjá um rannsókn þessa máls og það er saksóknara að skera úr um hvort eigandi krókódílsins verður kærður eða ekki,“ sagði Brynjólfur við DV 19. júní.

Þann sama dag bárust fregnir af því að óhugsandi væri fyrir Króka að lifa af kuldann í Norðfjarðará. Kjörhiti hans var í kringum 30 gráður en hitinn í vatninu á Norðfjarðará nær tveimur gráðum. Straumþungi væri þar einnig mjög mikill. Ekki var loku skotið fyrir að Króki hefði komist úr ánni þegar hann fann hversu köld

PINNAMATUR
VEISLUR ERU OKKAR LIST!

JÓLAHLAÐBORD 2018

**AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚIÐ FYRIR VEISLUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810**

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

Ágúst Káráson Eigandi Króka.



hún var. Eftir nokkra daga gáfu heimamenn fyrir austan upp alla von á að finna hann á lífi.

Lögregla yfirheyrði Ágúst vegna málsins og játaði hann að hafa flutt Króka inn til landsins, sem er ólöglegt samkvæmt íslenskum lögum. Eftir rannsóknina var málið sent til ríkissaksóknara.

Allt í plati?

Það sem flækti málið í hugum fólks var sú saga sem hann sagði Tímanum. Hún var algjörlega á skjön við það sem aðrir fengu að heyra. Við blaðamenn Tímans sagði Ágúst að þetta hefði allt saman verið eitt stórt gabb. Að aldrei hefði verið til neinn lifandi krókó-díll á staðnum heldur aðeins þurrkaður og uppstoppaður.

„Þetta er allt þáttur í stóru

gabbi, og þetta er komið allt of langt,“ sagði Ágúst við Tíma-menn. „Fjölmíðlarnir mega velta sér upp úr þessu eins og þeir vilja. Ég myndi segja að þetta væri að draga þá á asnaeyrunum. Ég segi þér þetta núna. Þið verðið sem sagt fyrstir með fréttirnar.“

Sagði hann að fjórir félagar hefðu tekið saman ráð um grín-ið en hann gat þó ekki bent á þá. Jafnframt hafði Tíminn haft samband við nágretta Ágústs sem staðfesti að krókó-díllinn hefði sést í bænum. Flækti þetta nú málið nokkuð í augum almennings og voru ekki allir vissir um að Króki hefði nokkurn tímann verið til. Að minnsta kosti fannst ekkert hræ og fréttist ekkert meira af málinu. ■

GLÍMUKAPPI GÓMAÐI ALLSBERAN MANN

■ Mikill eltingaleikur um Þingholtin

Föstudagskvöldið 12. febrúar árið 1943 náðist loksins að handsama vágest sem plagað hafði borgarbúa um nokkurt skeið. Hann var kallaður „nakti maðurinn“ og hafði sést hvað eftir annað í suðurbænum. Aðallega í gördunum hjá fólki að kvöldlagi og stundum uppi í trjám. Hafði lögreglu borist margar tilkynningar um þennan undarlega mann með strípihneigð. Lög-regluþjónar höfðu reynt að hafa uppi á honum en ekki haft erindi sem erfiði, jafnvel þótt þeir væru á bílum eða vélhjólum og hann á aðeins tveimur jafnfljótum.

Það var hins vegar ekki lög-reglan í Reykjavík sem náði honum heldur maður að nafni Vagn Jóhannesson. Hann var glímukappi og notaði einmitt fangbrögð úr glímuni til að leggja nakta manninn að velli.

Með buxurnar á hælunum

Þetta föstudagskvöld, um klukkan hálf tíu, var Vagn í mestu makindum á heimili sínu að Sjafnargötu 8. Hann var búinn að koma sér vel fyrir, í innisloppnum og inniskón-um, þegar nágrannastúlka af neðri hæð hússins bankaði upp á. Hún var á fermingaráldri og sagði Vagni að nakti maðurinn alræmði væri úti á Sjafnargötunni að sýna dónalegar kúnstir. Það þó kalt væri og snjór á götum.

Vagn kastaði af sér sloppnum og hélt rakleiðis út á götuna þar sem hann fann nakta manninn. Var hann staddur úti á miðri götu, fyrir framan hús númer 4. Hann var þó ekki alls nakinn, enda miður vetur. Var hann með buxurnar á

Íslensk glíma Getur komið að góðum notum.



hælunum og skyrtuna bretta upp yfir kviðinn. Þegar nakti maðurinn sá Vagn koma aðvífandi, girti hann upp um sig og tók öskrandi á rás.

Amerískur og sennilega vanheill á geði

Vagn lét það ekki aftra sér og hljóp á eftir honum. Varð úr mikill eltingaleikur í gegnum garða og yfir girðingar Þingholtanna, fyrir horn og yfir götur í slabbi og myrktu. Á Fjölnisvegi endaði leikurinn því að nakti maðurinn rakst þar á stóran vegg sem hann komst ekki yfir. Vagn var þá þegar kominn nokkuð nálægt honum.

Nakti maðurinn gafst hins vegar ekki upp heldur sneri sér snöggt við og kýlði Vagn, sem kom hlaupandi, fast í bringuna. Vagn lét það ekki á sig fá og beitti nú brögðum úr ísprótt sinni á nakta manninn. Felldi Vagn hann með hnéhnykk og stökk síðan ofan á hann. Eftir nokkrar rýskingar í jörðinni náði Vagn hálstaki á nakta manninum. Gat hann ekki losað sig og þrengdi nú svo að öndunarveginum að hann varð öllu rólegri.

„Var hann með buxurnar á hælunum og skyrtuna bretta upp yfir kviðinn“

Íbúar í nálægum húsum tóku vitaskuld eftir þessari óvanalegu rimmu og fylgdust með henni. Þegar Vagn hafði náð hálstakinu komu aðrir út og aðstoðuðu hann við að halda nakta manninum. Var hann færður inn í nálægt hús og hringt á lögregluna. Þar var hann vaktaður uns lögregluþjónar komu og höfðu hann á brott með sér.

Kom þá í ljós að maðurinn var amerískur hermaður og óvíst hvort hann væri undir áhrifum áfengis. Fannst mönnum líklegra að hann væri haldinn einhverjum andlegum kvillum. Fréttist þó ekki meira af honum. ■

GÍSLI Í HAGA BARNNAÐI SYSTUR SÍNAR TVÆR

■ Ríkt fólk og af góðum ættum

Um aldir var fámenni á Íslandi, landið allt dreifbýlt og samgöngur erfiðar. Hefur þetta átt sinn þátt í því að Íslendingar mökudust gjarnan með skyldfólki sínu, stundum systkinum. Ávöxtur slíkra ævintýra var gjarnan börn sem enginn vildi kannast við. Á Barðaströnd um miðja sextánda öld gerðist hins vegar sá fátíði atburður að piltur átti börn með tveimur systrum sínum. Öll voru þau um tvítugt.

Það gerðist á stórbýlinu Haga á Barðaströnd á fjórða áratug sextánda aldar að höfðingjasonur barnaði tvær systur sínar. Þetta voru Gísli, Kristín og Þórdís Eyjólfsbörn. Foreldrar þeirra voru Eyjólfur Gíslason, títt nefndur Mókollur, og Helga Þorleifsdóttir. Helga var dóttir hirðstjórans á Reykhólum og Eyjólfur bróðursonur Ögmundar Pálssonar, biskups í Skálholti.

Flestir höfðingjar hefðu reynt að fela þessa smán með öllum til-tækum ráðum. Borgað og hylmt



Fint fólk Átti oft subbuleg örlög eins og almúginn.

yfir. En Hagafólkið viðurkenndi orðinn hlut og ákvað að taka á málinu á uppbyggilegan hátt. Voru öll systkinin þrjú send suður til Ögmundar í föstur.

Í Skálholti var málið krúfið til mergjar. Var systrunum fyrirgef-ið að hafa legið með bróður sínum þar sem það var talið sannað að hann hefði nauðgað þeim. Gísli var sendur með skipi til Noregs. Þar átti hann að fara í vist hjá sjálf-um Ólafi Engilbriktssyni, erkebisk-upi í Niðarósi. En Gísli dó skömmu eftir komuna þangað.

Þórdís varð húsfreyja á bænum Saurbæ á Kjalarnesi. Í Skálholti kynntist Kristín Gísla Jónssyni, síðar biskupi, og giftist honum. ■

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Snemma á átjándu öld samdi ítalska tónskáldið Giuseppe Tartini verk sem hann nefndi Djöflatrilluna. Verkið fékk nafn sitt af því að það var innblásið af kölska sjálfum. Margir segja að Tartini hafi samið við djöfulinn til þess að geta samið verkið. Djöflatrillan er enn talin með erfiðari verkum sem hægt er að spila á fiðlu og hafa spunnist margar sögur í kringum það. Sumir segja að djöfullinn sjálfur tali til fólks með illum tilgangi þegar það hlustar á verkið.

Afburðafær fiðluleikari

Giuseppe Tartini var fæddur í bænum Pirano árið 1692. Í dag heitir bærinn Pirano og er innan landamæra Slóveníu en á tíma Tartini var hann hluti af Fenejum. Tartini gat hins vegar rakið sínar ættir til Flórens. Foreldrar Tartini vildu að hann gerðist munkur og því var hann látinn læra tónlist. En sjálfur ákvað hann að nema lög og skylmingar.

Tartini kvæntist konu að nafni Elisabetta Premazore sem var ein af hjákonum kardínalans Giorgio Cornato. Cornato reiddist Tartini og kærði hann fyrir mannrán. Tartini flúði því í klaustur í bænum Assisi og hóf að spila á fiðlu.

Færni hans á hljóðfærið var eftirtektarverð og Tartini kom fram víða á Ítalíu og kynntist mörgum af helstu tónskáldum þess tíma. Einnig hóf hann að semja tónlist sjálfur. Árið 1715 varð hann sá fyrsti sem vitað er um til að eignast fiðlu smíðaða af snillingnum Antonio Stradivari. En þá fiðlu gaf hann nemanda sínum. Árið 1726 opnaði hann eigin tónlistarskóla sem tók við nemendum frá allri Evrópu.

Náði ekki að grípa drauminn til fulls

Tartini samdi mörg verk og gaf út lærð rit um tónlist. Hans þekktasta er án efa Djöflatrillan frá árinu 1713, þegar Tartini var aðeins 21 árs gamall. Söguna um tilurð verksins sagði hann frönskum stjórnufræðingi, Jerome Lalande, þegar Tartini bjó einn í Ancona. Þessa sögu skrifaði Tartini aldrei um heldur ritaði Lalande hana niður í

Tartini og Kölski Margt er á huldu varðandi drauminn sem Djöflatrillan birtist í.



„DJÖFLAROKK 18. ALDAR

■ Kynngimagnað verk Giuseppe Tartini

bók sinni Ferð Frakka um Ítalíu 1765 og 1766. Þar reyfar hann orð Tartini:

„Eina nótt, árið 1713, dreymdi mig að ég hefði gert samning við djöfulinn um sál mína. Allt fór eins og ég vildi, minn nýi þjónn uppfyllti allar mínar þrjár. Meðal þess sem ég gerði var að láta hann hafa fiðlu mína til að sjá hvort hann gæti spilað. Mjög varð ég undrandi að heyra undurfagra sönötu, leikna með svo mikilli listagáfu, að ég hefði aldrei getað trúað því í mínum villtustu órum. Ég varð líkt og færður í galdraheim, náði ekki andanum og vaknaði. Um leið greip ég fiðluna til þess að reyna að halda í einhvern hluta úr þessum draumi. En fyrir gýg! Tónlistin sem ég samdi er vissulega sú besta sem ég hef nokkurn tíman gert, og ég kalla hana Djöflatrilluna, en munurinn er svo mikill að ég hefði eyðilagt

hljóðfæri mitt og alfarið hætt að leika tónlist ef ég hefði getað lifað án þeirrar gleði sem hún veitir mér.“

Átti kölski þátt í verkinu?

Tartini gaf Djöflatrilluna aldrei út. Hann lést nálægt áttræðu árið 1770 en verkið kom ekki út á prenti fyrr en tæpum þrjátíu árum síðar, árið 1798 eða 1799. Fræðimenn hafa reyndar efast um að verkið sé jafn gamalt og Lalande segir það vera. Stíllinn og þroski verksins bendi til þess að það hafi verið skrifað í kringum 1740. Þeir gleyma því hins vegar að ofurmannlegt vald átti þátt í því. Þá hefur því einnig verið haldið fram að djöfullinn í draumi Tartini sé í raun tónskáld að nafni Francesco Maria Veracini, sem Tartini leit mjög upp til. Aðrir hafa sagt að Tartini hafi skrifað þetta um það leyti sem hann hittir Lalande og þá verið næst-

um geðveikur af einveru.

Djöflatrillan þykir enn meðal erfiðari verka sem hægt er að spila á fiðlu. Það tekur um fimmtán mínútur að spila verkið. Upphafið er angurvært en þegar líður á það verður það krefjandi, sérstaklega fyrir tvígrípin og skrautið. Það er ásækjandi og dramatískt. Töluverða færni þarf til þess að komast klakklaust í gegnum verkið sem er þó nokkuð vinsælt í uppsetningu. Hefur það meðal annars verið flutt margofter hér á Íslandi í gegnum tíðina.

Sögurnar um Tartini og samband hans við djöfulinn ágerðust eftir því sem leið á 19. öldina. Þá gekk sú flökkusaga að Tartini sjálfur hefði verið með sex fingur til að geta spilað verkið. Á meðal þeirra sem ýttu undir þessar sögur var rússneskur dulspekingur að nafni Helena Blavatsky.

„Eina nótt, árið 1713, dreymdi mig að ég hefði gert samning við djöfulinn um sál mína.“

Sumir segja að maður heyri aldrei sama lagið í hvert skipti sem Djöflatrillan er leikin. Að djöfullinn sjálfur tali til hlustandans í gegnum verkið og tilgangur hans sé aldrei góður. ■

Sægreifinn við gömlu höfnina
Eilíf hamingja

Kæst stórskata og tindabykkja með öllu tilheyrandi. Steingrímur í eftirrétt á aðeins **2.350 kr.**
Skatan er í boði 1. des milli 11.30 og 14.00, og 17.des.-23. des. alla daga, allan daginn



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

1 SYSTEMS OneQuality



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

1 SYSTEMS OnePortal Self-Service



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

Nokkrir sögulegir atburðir sem gerðust um jól

Örlagatímar í mannkynssögunni

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Jólin eru tími hefða, rólegheita, fjölskyldunnar og auðvitað gjafa (að margra mati) en jólin eru svo sem að vissu leyti eins og aðrir dagar því heimurinn heldur áfram að vera til og hlutir gerast um allan heim. Þá er það ekki svo að meirihluti mannkyns haldi jólin hátíðleg og hjá mörgum eru þau eins og hver annar dagur. Hér verða nefndir til sögunnar nokkrir atburðir sem hafa gerst um jól og ratað í sögbækurnar. Eflaust hefur fólk misjafnar skoðanir á hversu merkilegir þessir atburðir eru í sögulegu samhengi en þeir áttu engu að síður sér stað.

Á jóladag 1990 varð ákveðin bylting því þá var internetið þróað og fyrsta sinn þegar kveikt var á fyrsta netþjóninum, inco.cern.ch. Þetta var auðvitað stór stund og líklegast hefur enginn séð fyrir hvaða afleiðingar þetta átti eftir að hafa í framtíðinni og eflaust höfum við ekki enn upplifað allt það sem internetið getur haft í för með sér. Það er kannski við hæfi að það hafi verið tækninörðar hjá CERN (European Organization for Nuclear Research) í Sviss sem komu að þessari fyrstu þróaðu netþjónslu og þróun netsins að Tim Bernes-Lee ógleymdum en hann er talinn faðir veraldarvefjarins.

Að kveldi jóladags 1776 fór George Washington, þá hershöfðingi og síðar fyrsti forseti Bandaríkjanna, yfir Delaware á með herlið sitt. Hann vildi koma mála-

George Washington Kom málaliðum á óvart á jólum.



Isaac Newton Einn fremsti vísindamaður sögunnar fæddist á jóladag.

liðum á vegum Breta á óvart í miðjum jólahátíðarhöldum þeirra og það tókst. Washington og hans menn gjörsigruðu málaliðana og náðu miklu af vopnum á sitt vald og tóku marga fanga. Þessi bardagi er eitthvað sem á sér fastan stað í

Vopnahlé Dátar á vesturvígstöðvunum spiluðu knattspyrnu jólin 1914.



bandarískum sögubókum.

Einn undarlegasti atburður fyrri heimsstyrjaldarinnar átti sér stað á jóladag 1914. Breskar og þýskar hersveitir höfðu lengi barist á banaspjótum á vesturvígstöðvunum en í kringum jólin var

samið um vopnahlé. Þá breyttist allt og hermenn, sem höfðu skömmu áður reynt hvað þeir gátu til að drepa þá sem voru hinum megin við víglínuna, færdi þeim gjafir, sungu jólasöngva með þeim og spiluðu jafnvel fótbolta. Það má því kannski segja að sannur jólaandi hafi verið yfir vígstöðvunum.

Á aðfangadag 1979 hófst innrás Sovétríkjanna í Afganistan. Þá var mikið af hermönnum og hertólum flutt til landsins. Tímasetningin var engin tilviljun því Sovéttmenn og bandamenn þeirra vissu sem var að á Vesturlöndum var fólk upptekið af jólahaldi og því seinkaði það viðbrögðum Vesturlanda við innrásinni.

Breski vísindamaðurinn Sir Isaac Newton fæddist á jóladag 1642. Hann var fyrstu manna til að skilja hvað þyngdaraflið er. Hann var einnig frumkvöðull í stærðfræði og ýmsu öðru. Honum verður seint fullþakkað framlag hans til vísindanna og því má kannski segja að hann hafi verið sannkölluð jólagjöf.

Á jóladag 1977 lést Charlie Chaplin, einn frægasti leikari sögunnar. Hann var 88 ára. Chaplin var frumkvöðull á kvikmyndasviðinu. Hann var fæddur grínisti sem öðlaðist heimsfrægð á upphafsárum kvikmyndanna.

Apollo 8 komst á braut um tunglið á jóladagskvöld 1968. Geimfarið var fyrsta geimfarið sem komst af braut um jörðina og á braut um tunglið. Af þessu til efni voru geimfararnir með sérstaka útsendingu og sýndu myndir af jörðinni og tunglinu og lásu upp úr sköpunarsögunni.

Á jóladag 1991 sagði Mikhail

Mikhail Gorbachev Sagði af sér á jólunum 1991.



„Apollo 8 komst á braut um tunglið á jóladagskvöld 1968.“

Gorbachev af sér sem leiðtogi Sovétríkjanna. Hann var aðalhöfundur Glasnost-stefunnar sem opnaði Sovétríkin og Austurblokkina upp á gátt. Hann kemst eflaust á stall með merkustu áhrifavöldum síðustu aldar.

Á jóladag 1868 náði Andrew Johnson Bandaríkjaforseti alla hermenn Suðurríkjanna sem voru í haldi Norðurríkjamanna. Þrælastríðið var þá afstaðið en enn voru miklar deilur um hvað ætti að gera við Suðurríkin og hermenn þess. Stríðið var blóðugt og mannskætt en mörg hundruð þúsund óbreyttir borgarar og hermenn létu lífið í því. Andrew Johnson tók við forsetaembættinu eftir að Abraham Lincoln var myrtur og ákvað hann að náða flesta þá hermenn Suðurríkjanna sem sóttu um náðun. Á jóladag 1868 bætti hann um betur og náði alla hermenn Suðurríkjanna og er sú ákvörðun talin hafa verið mikilvægt skref til sátta hjá þessari stríðshrjáðu og margklofnu þjóð.

Á jóladag árið 800 krýndi Leo III. páfi Karlagnús keisara Rómaveldis við hátíðlega athöfn í St. Péturskirkjunni í Róm. Þar með varð Karlagnús leiðtogi stórs hluta Evrópu. Hann hefur oft verið nefndur „Faðir Evrópu“. Hann var keisari í 13 ár og laga- og menntunarumbætur hans lögðu grunninn að menningarlegri vakningu og sameinaði stóra hluta Evrópu í fyrsta sinn síðan á tímum rómverska heimsveldisins. ■

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni




PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



„Íslendingasögurnar eru úrvalsverk heimsbókmenntanna og fá enn nýtt líf í þessari vönduðu útgáfu Saga forlagsins. Þær hafa öllu öðru fremur skapað og styrkt vitund Íslendinga sem þjóðar við útmörk Evrópu og verið okkur siðferðislegur leiðarvísir og vísidómsbrunnur. Enn eru þær sístarfandi að mótun okkar og mikilvægi þeirra er augljóst á hvaða tímum sem er - og kannski sérstaklega nú á okkar dögum.“

Arnaldur Indriðason:

„Við Íslendingar eigum engar fornar borgir með höllum og höfuðkirkjum, listasöfnum eða háskólum. En við eigum fornar bækur með listaverkum á borð við Íslendingasögur og það eru okkar dýrgripir, hallir og höfuðkirkjur, listasöfn og háskólar.“

Einar Kárason:

„Íslendingasögurnar bjóða okkur að setjast við fótskór formæðra okkar og forfeðra þar sem við heyrum þau sjálf segja frá sigurum sínum og sorgum, vonum og ótta. Enn berst þaðan hvinur af sverðum og gustur hnífbeittra orða.“

Gerður Kristný:

Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.

Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaðskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950

FLESTIR BESTU BARIR HEIMS
VELJA FEVER TREE TÓNÍK*

EF $\frac{3}{4}$ AF ÞÍNUM DRYKK
ER BLAND,
VERTU ÞÁ VISS UM AÐ NOTA
ÞAÐ BESTA



* Fjögur ár í röð hefur FeverTree verið mest valda og best selda tónikið á betri börum heimsins, samkvæmt könnun Drinks International.



FEVER-TREE



SAKAMÁL



2. desember, 2007, var Douglas Mercereau, yfirmaður í slökkviliði New York-borgar, skotinn til bana þar sem hann svaf svefni „hinna réttlátu“ á heimili sínu á Staten Island. Á meðan dætur hans tvær, 5 og 6 ára, sváfu í næsta herbergi beindi eiginkona hans, Janet Redmond-Mercereau, þjónustuvopni Douglas að höfði hans og skaut hann þrisvar sinnum í höfuðið. Að sögn hafði Janet lengi búið við harða gagnrýni eiginmanns síns vegna holdafars hennar og húsmóðureiginleika, sem honum þótti fátæklegir. Við yfirheyrslur sagði Janet að hún hefði verið sofandi í svefnherbergi dætra þeirra hjóna, þegar Douglas var skotinn til bana. Engu að síður beindust sjónir rannsóknarlögreglunnar að henni því hún þótti vera helst til glöð og hamingjusöm í kjölfar morðsins og fékk fyrir vikið viðurnefnið Káta ekkjan. Janet fékk lífstíðardóm árið 2009.

LÆKNIRINN SEM

■ Læknirinn Buckanan var ekki allur þar sem hann var séður ■ Skildi við eiginkonu

Robert Buckanan (Buchanan) fæddist í Nova Scotia í Kanada árið 1862. Ekki verður hér dvalið við bernsku hans en skotist 24 ár fram í tímann, til ársins 1886.

Það ár, eftir að hafa numið læknisfræði við Eðinborgar-háskóla í Skotlandi, flutti Buckanan ásamt eiginkonu sinni, Helen, og ungri dóttur þeirra, til New York-borgar þar sem hann opnaði eigin læknastofu í New York-borg. Þrátt fyrir að hann verði nánast öllum sínum frítíma á krám og í vændis-húsum afrekaði hann að halda úti nokkuð farsælli læknastofu.

Skilnaður og gifting

Samkvæmt sumum heimildum skildi Buckanan við Helen á sumarmánuðum 1890. Samkvæmt öðrum heimildum, sem notaðar verða hér, skildi hann við eiginkonu sína 12. nóvember það ár. Sautján dögum síðar kvæntist hann Önnu Sutherland.

Anna þessi var tuttugu árum eldri en Buckanan og var far-

sæl framkvæmdastýra hóruhúss í Newark á New Jersey. Ætla má að kynni hafi tekist með þeim tveimur í einni fjölmargra heimsókna læknisins í slík hús.

Anna hafði ekki útlitið með sér; hún var lágvaxin og feit með litað hár, appelsínugult, og stóra vörtu á nefbroddinum.

Feluleikur læknisins

Buckanan sá þó einn mikinn kost við kvonfangið; Anna var vellauðug og á meðal auðæfa hennar voru 50.000 Bandaríkjadalir, sem læknirinn taldi hana á að ánafna honum í erfðaskrá hennar.

Hjónakornin komu sér fyrir í íbúð við West 11.-stræti í New York, en Buckanan lagði sig í líma við að halda hjónabandinu leyndu og telja fólk trú um að Anna væri aðeins ráðskona hans. Anna gerðist síðar móttökustjóri á læknastofu eiginmanns síns.


Með tíð og tíma spurðist út að Anna væri eiginkona læknisins og fyrrverandi pútnahússtýra í þökkabót og fólk fór að leita til



717. Atropa Belladonna L.
Dwale, Deadly Nightshade; P.-B.

Sjaldursjurt Einnig bekkst sem völvu-auga og kom við sögu í réttarhöldunum.

annarra lækna. Fyrir vikið tók innkoma Buckanan mikla dýfu.



Læknirinn
Ágirtist
50.000 dali
síðari eigin-
konu sinnar.

Buckanan

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Sofðu vel um jólin

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum



Svefn & heilsa
★★★★★

UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUÐÝNU
FRÁ SVEFNI & HEILSU Skv. Gallup

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagna- Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Óþolandi herfa

Að sögn ríkti lítill friður á heimili hjónanna. Þau rifust eins og þeim væri borgað fyrir það og undir lok árs 1891 hótaði Anna að yfirgefa lækinn. Þann vetur var ljóst að Buckanan hugnaðist ekki hvaða stefnu hjónabandið hafði tekið og hafði hann á orði við vini sína að „gamla herfan“ væri óþolandi og hann yrði „losna við hana, hvað sem það kostaði“.

Þann 21. apríl, 1892, tilkynnti Buckanan að hann hygðist sigla til Skotlands og yrði einn í för. Fjórum dögum fyrir fyrirhugaða brottför hætti hann við vegna veikinda eiginkonu sinnar.

Kvænist fyrri eiginkonu sinni

Buckanan kallaði til tvo lækna til að koma Önnu til heilsu, en allt kom fyrir ekki og heilablóðfall varð henni að bana. Þremur vikum síðar kvæntist Buckanan fyrri eiginkonu sinni, Helen, í Nova Scotia og var þá 50.000 Bandaríkjadöllum

ríkari enda eini erfingi Önnu.

Saga þessi kynni að hafa endað þegar þarna var komið sögu, en sú varð ekki raunin. Í maí, 1892, ákvað blaðamaður í New York að skoða dauðsfall Önnu eftir að hafa heyrð orðróm þess efnis að ekki hefði allt verið þar með felldu. Vinir Önnu voru meðal annars sannfærðir um að henni hefði verið byrjað eitru.

Blaðamaður fer á stúfana

Blaðamaðurinn, Ike White, hóf að grafast fyrir um málið og á meðal þess sem hann hnaut um voru orð sem Buckanan hafði látið falla tveimur árum áður. Þá hafði verið rétt að yfir læknanema að nafni Carlyle Harris. Hann var ákærður fyrir að hafa banað unnustu sinni með eitri. Í fyrstu hafði verið talið að banamein hennar hefði verið slag, en depilblæðingar á sjáöldrum hennar leiddu til frekari rannsóknar og í ljós kom að henni hefði verið gefinn banvænn skammtur




29. desember, 2011, tók taiflensk kona, Bunthawee Rimmer, sér klaufhamar í hönd og bardí til bana Paul Norfolk, 77 ára, á heimili hans í Suffolk á Englandi. Bunthawee hafði séð um umönnun eiginkonu Pauls þar til hún var send á heimili fyrir aldraða. Þá tóku Paul og Bunthawee upp ástarsamband og hún flutti inn. Fljótlega í kjölfarið breytti Paul erfðaskrá sinni og ánafnaði Bunthawee allar sínar eigur og sá hún sér þá leik á borði. Í stað þess að biða róleg tók hún málið í eigin hendur og flýtti fór hans yfir móðuna miklu. Hún var handtekin tveimur dögum síðar í kjölfar misheppnads sjálfsvígs. Hún fullyrti að hún myndi ekki eftir að hafa myrt Paul, hún hefði verið afar langt niðri sökum bunglyndis. Bunthawee fékk lífstíðardóm í júlí 2012.



TALAÐI OF MIKIÐ

u sína og kvæntist pútnahússstýru ■ Gróf nánast eigin gróf í vitnastúkunni



Áfrýjun Rafmagnsstóllinn varð síðasta sæti Buchanan.

” Hafði hann á orði við vini sína að „gamla herfan“ væri ópolandi og hann yrði „losna við hana, hvað sem það kostaði“

ákærvaldsins, Rudolph Witthaus prófessor, og, með því sem virtust sárasklausar spurningar, tókst að rugla það í ríminu og láta það mála sig út í horn. Síðan kallaði O’Sullivan fyrir sinn eigin sérfræðing sem rak smiðshöggjö á vörn hans.

Þögull sakborningur

Þegar þarna var komið sögu gat brugðið til beggja vona fyrir Buchanan og reyndar líklegra að hann yrði sýknaður. Hann hafði verið þögull öll réttarhöldin, og nánast líkari áhorfanda en sak-

borningi. O’Sullivan varð hugsað til réttarhaldanna yfir Harris. Þá hafði honum, líkt og fjölmörgum kollega hans, fundist sú ákvörðun Harris að bera ekki vitni hafa unnið verulega gegn honum. Hann hugðist ekki gerast sekur um slík mistök og taldi Buchanan á að bera vitni.

Málgláður sakborningur

Í ljós kom að það var afar misráðið. Buchanan birtist kviðdómi sem sjálfumgláður vælu-kjóí og versnaði bara þegar hann

var gagnspurður af sækjandanum, Francis Wellman. Þegar upp var staðið hafði Buchanan hvort tveggja svarað með lygum og komist í fullkomna mótsögn við sjálfan sig. Hann nánast haltraði þegar hann yfirgaf vitnastúkuna.

Kviðdómur dró sig í hlé 25. apríl og eftir 28 klukkustundir á rökstólum varð niðurstaða hans að Buchanan væri sekur.

Árangurslaus áfrýjun

Buchanan var dæmdur til dauða og var dómnum áfrýjað og byggði áfrýjunin á að áhöld væri um þau vísindalegu sönnunargögn sem lögð voru fram við réttarhöldin. Witthaus prófessor, sem fannst hann hafa verið niðurlægður við réttarhöldin, hafði lagst í mikla vinnu og taldi sig reiðubúinn til að hnekkja umræddum sönnunargögnum.

Buchanan reið ekki feitum hesti frá áfrýjuninni og 2. júlí, 1895, settist hann í rafmagnsstólinn í Sing Sing-fangelsinu í New York-ríki. ■

af morfíni. Harris var sakfelldur og dæmdur til dauða.

Lík Önnu grafið upp

Buchanan hafði fylgst með málinu af miklum áhuga og iðulega talað um Harris sem „klaufskt fífl“ og „heimskan amatör“. Hafði Buchanan gortað sig af að geta fyrirbyggt að einkenni eitrunar kæmu fram við líkskoðun. Það gæti hann gert með því að setja atrópín í augu fórnarlambins, en atrópín er unnið er úr jurtinni völvuauga sem einnig er nefnd sjáaldursjurt.

Vegna þess sem White hafði komist á snodir um hóf hann herferð fyrir því að lík Önnu yrði grafið upp, enda ekki öll kurl komin til garfar að hans mati.

Honum varð að ósk sinni og viti menn; rannsókn leiddi í ljós leifar af morfíni í líffærunum og Buchanan var ákærður fyrir morð.

Tekist á um réttarvísindi

Fljótlega eftir að réttarhöld yfir Buchanan hófust varð ljóst að

málflutningur myndi að stærstum hluta byggja á réttarvísindum, sem þá voru ný af nálinni.

Sækjendur og verjendur tefldu fram sínum sérfræðivitnum sem kepptust við að bera brigður á vitnisburð hver annars. Gripið var til þess ráðs að koma með kött í réttarsalinn og honum gefið morfín. Síðan var atrópín sett í augu kisa og kviðdómarar fengu að sjá með eigin augum áhrif þess – augu kattarins þöndust út.

Saksóknarinn notaði tækifærið og minnti á það sem áður hafði komið fram; að hjúkrunarkona hafði séð Buchanan beygja sig yfir fárveika eiginkonu sína og setja eitthvað í augu hennar.

Vörn snúid í sókn

Útlit var fyrir að ákærvaldið væri með unnið mál í höndunum, en aðallögfræðingur Buchanan, William O’Sullivan, hafði verið læknir áður en hann sneri sér að lögfræði.

Hann kallaði fyrir höfuðvitni

TÖKUM AÐ OKKUR

ALLAR ALMENNAR FATAVIÐGERÐIR

Komdu með þjölun fyrir jólin

Saumastofa ÍSLANDS

Malarhöfða 2 • 110 Reykjavík • lost.is • lost@lost.is • Sími 581 3330

Frægir í háloftunum

Miklar uppsagnir hjá WOW boða nýja tíma í íslenskum veruleika. Sú ferðamannsprenja sem einkennt hefur síðasta áratug er kannski ekki eitthvað sem við getum reitt okkur á til frambúðar. Ferðamannastraumurinn hefur orsakað það að margir þjóðþekktir einstaklingar hafa skellt sér í flugfreyju- og flugþjónabúningana. Jafnvel þó að þeir hafi menntun og reynslu á allt öðru sviði. Starfið hefur verið svo eftirsótt að dæmi eru um að 1.200 manns hafi sótt um 40 stöður. DV skoðaði nokkra af frægustu flugfreyjum og flugþjónum Íslands.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Ari Eldjárn

Ari starfaði áður sem flugþjónn hjá Icelandair. Hefur hann notað þennan tíma sem efnivið í uppstand sitt og hefur það slegið í gegn, bæði hjá Íslendingum og útlendingum. Grínaðist hann með það að flugfarþegar hafi haldið að aðeins konur gætu starfað við flugþjónustu. Þeir hafi því talið hann vera flugstjórnann og enginn að fljúga vélinni.



Helga Braga Jónsdóttir

Leikkonan Helga Braga varð landsþekkt fyrir gamanþættina Fóstbræður. Þar skrifaði hún og lék ásamt Jóni Gnarr, Sigurjóni Kjartanssyni og fleirum. Árið 2011 söðlaði hún um og útskrifaðist úr flugfreyjuskóla Iceland Express og hóf í kjölfarið störf fyrir félagið. Árið 2013 fór hún yfir til WOW air.



Jóhanna Sigurðardóttir

Jóhanna varð fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra á Íslandi. Þá leiddi hún Íslendinga í ólgusjó eftir bankahrunið árið 2008. Jóhanna var bæði formaður Þjóðvaka og Samfylkingarinnar og gegndi ótal trúnaðarstörfum á ferli sínum. Árið 1962, þegar Jóhanna var tvítug, hóf hún störf sem flugfreyja hjá Loftleiðum og starfaði þar allt til ársins 1971.



Edda Björgvinsdóttir

Leikkonan Edda, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Stella í orlofi, útskrifaðist úr flugfreyjuskóla Iceland Express árið 2010. Hóf hún í kjölfarið að fljúga með félaginu. Edda sneri aftur í leiklistina og sló til dæmis í gegn í kvikmyndinni Undir trénu.



Helga Möller

Helga er ein þekktasta söngkona landsins og stundum kölluð diskódrottning Íslands. Þann titil fékk hún fyrir fjórutú árum þegar hún söng í dúettinum Þú og Ég. Einnig var hún í Icy-tríóinu sem söng Gledibankann árið 1986 í fyrstu Eurovision-keppni Íslendinga. Helga hefur starfað sem flugfreyja í meira en þrjátíu ár samhliða tónlistinni.



Jón Jósep Snæbjörnsson

Jón er gjarnan kallaður Jónsi í Svörtum fötum eftir hljómsveit hans sem stofnuð var árið 1998. Hann hefur náð langt í tónlistinni og meðal annar sungið í tvígang fyrir Íslands hönd í Eurovision. Jónsi hóf störf sem flugþjónn hjá Icelandair árið 2007 og starfaði þar samhliða listinni í áratug. Árið 2017 skipti hann um vettvang og starfar nú hjá Arion banka.

ÁSKRIFTARKLÚBBA-TILBOÐ DV OG VOGUE

Wizar lock

Wizar lock Leður 239.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð 179.925 kr.

Wizar lock Tau 199.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð 149.925 kr.

Tilboðið gildir til áramóta.



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík / Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri / Sími 462 3504

Áskriftarklúbbur DV

Meðlimir áskriftarklúbbs DV framvísa aðildarkorti sem er í gildi hverju sinni til að nýta sér þau tilboð og fríðindi sem eru í boði hverju sinni fyrir áskrifendur DV.

DV
Áskriftarklúbbur

Áskriftarklúbbskortin gildir til 31.12.2018

NOKIA

Glænýr Nokia 7.1 með öllu því nýjasta frá Google

androidone



12MP tvöföld Zeiss myndavél



Full HD+ 5.84" HDR10 skjár



Notaðu #Bothie til að
taka mynd með báðum
myndavélunum



Vertu öruggur með nýjustu
uppfærslunar frá Android™



Marín Manda Magnúsdóttir

Marín Manda hefur verið nokkuð áberandi í gegnum tíðina. Hún hefur meðal annars starfað við blaðamennsku, hönnun og rekið eigin verslun. Hún var einnig nokkuð þekkt fyrir ástarsambönd sín við Fjölni Þorgeirsson og Arnar Gunnlaugsson. Marín Manda hefur starfað hjá WOW air og er auk þess vinsæl á samfélagsmiðlum.



Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir

Landsmenn kannast best við Evu Laufeyju sem sjónvarpskokk á Stöð 2. Þar hefur hún slegið í gegn í þáttunum Ísskápastríð. Hún er einnig einn þekktasti matarbloggari landsins. Eva varð flugfreyja hjá Icelandair árið 2011 og starfaði þar á sumrin samhliða námi í viðskiptafræði.

Birgir Örn Guðjónsson

Birgir Örn, eða Biggi lögga eins og hann er nefndur í daglegu tali, hefur fengið við ýmislegt í gegnum tíðina. Til dæmis var hann formaður stjórnmalaflokksins Samstöðu og áhrifavaldur á Facebook. Í sex mánuði árið 2017 starfaði hann sem flugþjónn hjá Icelandair en sneri aftur til lögreglustarfanna eftir það.



Gunnar Eyjólfsson

Stórleikarinn Gunnar Eyjólfsson lést fyrir rúmum tveimur árum. Hann var margverðlaunaður, bæði á fjöllum leikhússins og fyrir kvikmyndaleik. Þekktastur var hann fyrir kvikmyndina 79 af stöðinni frá árinu 1962. Á sjötta áratugnum var Gunnar búsettur í Bandaríkjunum og starfaði þá meðal annars sem flugþjónn hjá Pan American á gullaldarárum þess.




María Heba Þorkelsdóttir

Hin ástsæla gamanleikkona María Heba Þorkelsdóttir sló í gegn í kvikmyndinni Okkar eigin Osló árið 2012 og hlaut Edduverðlaun fyrir. Hún hefur einnig getið sér gott orð fyrir leik í þáttaröðum á borð við Fanga, Pressu og Hamarinn. Í vor útskrifaðist María sem flugfreyja hjá Icelandair.

BORÐPLÖTUR & SÓLBEKKIR

Fanntófell
Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is




Heiðar Jónsson

Heiðar er snyrtifræðingur að mennt og hefur viðurnefnið snyrtir því fest við hann. Heiðar hefur verið viðloðandi tuskubransann og dagskrárgerð í áratugi. Hefur hann til dæmis leiðbeint fólki varðandi framkomu, hreinlæti og útlit. Heiðar starfaði sem flugþjónn í áratug en gerðist síðar fararstjóri.

Hitarar



Viftur



Rakataeki



Lofthreinsitæki



Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum

Nammiframleiðendur setja of mikið í konfektkassana

■ **33,5% af Nóa konfektkassa eru umbúðir** ■ **After Eight snuðar neytendur um rúmlega eina plötu í hverjum kassa**

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Stærsta áthátíð ársins er við það að ganga í garð og margir gera vel við sig í mat og drykk. Þá er afar vinsælt að láta eftir sér konfekt um jólin. Því ákváðum við að vigta sex tegundir af vinsælu hátíðarkonfekt til að athuga hvort upplýsingar um þyngd væru réttar á umbúðum og hve mikið af umbúðum hver tegund ber með sér.

Í öllum tilvikum nema tveimur var meira í konfektkassanum en stóð á umbúðunum. Mest var það í Bónus konfekt og Lindu konfekt, hvort tveggja framleitt af Góu, þar sem þyngd konfekts var níu grömmum meiri en stóð á umbúðum. Í Appolo lakkrís konfekt

vantaði hins vegar tvö grömm upp á en í After Eight kassa vantaði heil 11 grömm upp á. Það er rétt rúmlega ein After Eight-plata.

Það sem kemur hvað mest á óvart er hve miklar umbúðir eru utan um jólanammið. Í umbúðum stendur Appolo lakkrís konfekt sig best, en þar eru umbúðir aðeins 6% af heildarþyngdinni. Bónus konfekt kemur þar á eftir með 8,5% umbúðaþyngd af heildinni. Skúrkarnir eru konfekt frá Nóa Siríus þar sem umbúðir eru 33,5% af heildarþyngd og konfekt frá Lindu þar sem umbúðir eru 27% af heildarþyngdinni. Í tilvikum bæði After Eight og Celebrations eru umbúðir 11,9% af heildarþyngd.

Niðurstöðurnar í heild sinni má sjá hér fyrir neðan.



MYNDIR: HANNA/DV

Appolo lakkrís konfekt – skráð þyngd á pakka 700 g.

- Kassi með öllu: 743 g
- Nammið sjálft: 698 g
- Umbúðir: 45 g – þar af pappír 39 g / plast 6 g

Hlutfall umbúða af heild: 6%

Bónus konfekt (framleitt af Góu) – skráð þyngd á pakka 400 g

- Kassi með öllu: 447 g
- Nammið sjálft: 409 g
- Umbúðir: 38 g – þar af pappír 35 g / plast og álpappír 3 g

Hlutfall umbúða af heild: 8,5%

Lindu konfekt (framleitt af Góu) – skráð þyngd á pakka 230 g

- Kassi með öllu: 328 g
- Nammið sjálft: 239 g
- Umbúðir: 89 g – þar af pappír 82 g / plast og álpappír 7 g

Hlutfall umbúða af heild: 27%

ÞROSKALEIKFÖNG Í JÓLAPAKKANN

KIKTU VIÐ A HREIDUR.IS SMELTU HÉR

UMHVERFISVÆNU LEIKFÖNGIN FRÁ **PLAN TOYS**

Nóa Siríus konfekt – skráð þyngd á pakka 135 g

- Kassi með öllu: 215 g
- Nammið sjálft: 143 g
- Umbúðir 72 g – þar af pappír 62 g / plast 10 g / undir 1 g álpappír

Hlutfall umbúða af heild: 33,5%

Celebrations – skráð þyngd á pakka 186 g

Kassi með öllu: 218 g
Nammið sjálft: 192 g
Umbúðir: 26 g – þar af pappír 23 g / álpappír 3 g

Hlutfall umbúða af heild: 11,9%

After Eight – skráð þyngd á pakka 300 g

- Kassi með öllu: 328 g
- Nammið sjálft: 289 g
- Umbúðir: 39 g – þar af pappír 38 g / plast 1 g

Hlutfall umbúða af heild: 11,9%

Þorláksmessu
SKATA



ÚRVALS GRÁSKATA
& ÚTVATNAÐUR SALTFISKUR FYRIR
FYRIRTÆKI, STOFNANIR, FÉLAGASAMTÖK & HÓPA



PANTIÐ TÍMALEGA
624-4022 / SALA@SAETOPPUR.IS

Sanddæling úr Landeyjahöfn hefur kostað yfir 2,6 milljarða

Íslenska ríkið hefur þurft að greiða rúma 2,6 milljarða eingu fyrir sanddælingu úr Landeyjahöfn frá opnun hafnarinnar í júlí 2010. Það gera rúmlega 300 milljónir á hverju ári. Þá hafa ýmsar rannsóknir við höfnina kostað 277 milljónir króna. Samandregið er heildarkostnaður vegna byggingar og rekstrar Landeyjahafnar, ásamt kostnaði við rekstur Herjólfss, rúmlega 11 milljarðar króna.

Ein aðalforsendan fyrir byggingu Landeyjahafnar á sínum tíma var að ný ferja, sem hentaði betur við þessar aðstæður, yrði smíðuð. Útboð fyrir byggingu ferj-

unnar tafðist og var að endingu ekki auglýst fyrr en árið 2016. Kostnaður á hönnun þeirrar ferju var síðan 147 milljónir króna. Áætlanir gera ráð fyrir að kostnaður við smíði nýs Herjólfss séu um 3,8 milljarðar króna. Það verð mun þó eflaust hækka því gera þarf ýmsar breytingar á ferjunni.

Gert er ráð fyrir að smíði nýrrar ferju ljúki í mars á næsta ári og siglingar hefjist stuttu síðar. Upprunalega átti að afhenda skipið á þessu ári en ádurnefndar breytingar urðu til þess að smíðin tafðist. Nýja ferjan verður með mun meiri burðargetu en gamla skipið og verður að auki rafknúin

að hluta. Samningur hefur verið gerður á milli Vestmannaeyjabæjar og Vegagerðarinnar um að bærinn sjái alfarið um rekstur ferjunnar fyrstu tvö árin. Áætlað er að ferðum á milli Eyja og lands muni fjölga um sex hundruð ferðir árlega. Um mikla samgöngubót verður því að ræða fyrir Eyjamenn þó að kostnaður sé hár. Gert er ráð fyrir að afsláttur á miðum í ferjuna muni hækka úr 40% í 50%. Þá mun störfum einnig fjölga vegna fleiri ferða. Gamli Herjólfur verður svo til taks sem varaskip ef eitthvað kemur upp á.

Landeyjahöfn



RÚV keypti húsgögn á 11 milljónir

RÚV festi kaup á nýjum húsgögnum fyrir rúmar ellefu milljónir króna nú í haust. Samkvæmt heimildum DV komu kaupin mörgum starfsmönnum á óvart þar sem þeir töldu húsgögnin sem voru fyrir ekki vera í slæmu ásamkomulagi og því ekki þörf á endurnýjun. Yfirmenn sem taka ákvarðanir um kaup af þessu tagi voru þó greinilega á annarri skoðun og munu sérstaklega gömlu stólarnir hafa verið þynir í augum starfsmanna. Kaupin munu hafa farið fram í september síðastliðnum. DV hafði þá samband við RÚV símleiðis og kannaðist þá enginn við kaup á húsgögnum. DV sendi í kjölfarið formlega fyrirspurn og barst svar skyndilega núna, rétt fyrir jól.

Anna Bjarney Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri rekstrar, fjármála og tækni hjá RÚV, segir í svarinu að það stemmi að RÚV hafi fest kaup á húsgögnum. Kostnaðurinn var alls 10.980.000 króna. „Kaupin voru liður í verkefni við að opna vinnuádstöðuna og um leið þurfti að endurnýja hluta af skrifstofuhúsgögnum, aðallega skrifborðum ásamt ýmsum hirsllum og húsgögnum í fundarrými sem voru orðin gömul,“ segir Anna Bjarney.

Ekki kemur fram í svarinu hvaðan húsgögnin voru keypt eða hversu mörgum einingum var fjárfest í. Þess má til gamans geta að ef miðað er við verð í IKEA þá mætti kaupa 80 upphækkanleg skrifborð af dýrustu gerð, fjóra sófa af dýrustu gerð og 20 skápa af dýrustu gerð fyrir sömu upphæð.



Ike A er ekki nógu finn hönnuður!

Loki

CARGO FLUTNINGAR

Sími: 845 0900

Flutningaþjónusta



milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðis

cargoflutningar.is

→ Suðurnes
→ Reykjavík
→ Suðurnes

Tvisvar á dag!

Sími 845-0900 • cargoflutningar@gmail.com • Finndu okkur á facebook